FRÉTTABLAÐIÐ
270. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 15. NÓVEMBER 2018

# Íslandspóstur fái 1,5 milljarða í lán frá ríkinu

**Íslandspóstur þarf að fá allt að einum og hálfum milljarði í fyrirgreiðslu frá ríkinu. Hefur þegar fengið vilyrði fyrir 500 milljónum. Ráðherra mun leita eftir heimild Alþingis fyrir milljarði í viðbót. Viðskiptabanki fyrirtækisins hefur lokað fyrir frekari lán.**

**EFNAHAGSMÁL** Að undirlagi fjármálaráðherra verður lagt til að lán til Íslandspósts nemi 1.500 milljónum króna í stað 500 eins og fyrirtækið hefur þegar fengið vilyrði fyrir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður tillaga þessa efnis lögð fram af meirihluta fjárlaganefndar sem breytingartillaga við fjárlög.

Samkvæmt minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu til fjárlaganefndar hafa lánalínur viðskiptabanka félagsins þegar verið fullnýttar og ekki er mögulegt að fá frekari fyrirgreiðslu þar.

Fyrirgreiðsla ríkissjóðs mun eingöngu beinast að lausafjárvanda félagsins, að því er segir í minnisblaðinu, en ekki liggur fyrir hvort hann sé eina orsök rekstrarvanda félagsins. Fram kemur að það stefni í óviðunandi rekstrarafkomu á þessu ári og unnið sé að greiningu á orsökum vandans.

Þá segir að í stað láns geti verið um aukningu eigin fjár að hluta eða öllu leyti að ræða enda kunni það að tryggja best hagsmuni fyrirtækisins og ríkissjóðs sem eiganda. Því verði auk heimildar til lánveitingar veitt heimild til að auka eigið fé félagsins.

Lítið er vikið að ástæðum lausafjárvandans í minnisblaðinu en breytingar á einstökum þáttum umfram áætlanir eins og fækkun bréfa undir 50 grömmum, sem Íslandspóstur hefur einkarétt á, og launabreytingar gefi til kynna að viðbótarfjárþörf gæti numið allt að einum milljarði umfram þann hálfa milljarð sem fjallað er um í frumvarpi til fjáraukalaga.

„Ég get ekki séð hvernig þessi rekstrarvandi getur verið eingöngu stöðunni í einkaréttinum að

> **Það fer að verða áleitin spurning hver ætlar að axla ábyrgð á þeim röngu ákvörðunum sem leiddu til þessarar stöðu.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



kenna,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Hann bendir á að í síðustu viku hafi Póst- og fjarskiptastofnun synjað fyrirtækinu um heimild til gjaldskrárhækkana enda afkoman í einkaréttinum talin ágæt og samkvæmt nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála hafi umframhagnaður félagsins í einkaréttinum numið 16 prósentum á árinu 2016, sem þýði að Íslandspóstur hafi ofrukkað viðskiptavini.

„Við erum algjörlega sannfærð um að það eru rangar ákvarðanir og fjárfestingar á samkeppnishliðinni sem ráða mjög miklu um þessa stöðu,“ segir Ólafur og hvetur fjárlaganefnd eindregið til að fara rækilega yfir ákvarðanir stjórnenda fyrirtækisins, uppbyggingu allt of dýrs dreifikerfis og margs konar samkeppnisrekstur sem félagið hafi ekki átt neitt erindi í og engum árangri hafi skilað.

„Það fer að verða áleitin spurning hver ætlar að axla ábyrgð á þeim röngu ákvörðunum sem leiddu til þessarar stöðu. Er það forstjóri fyrirtækisins, er það stjórnin eða er það ráðherra?“ spyr Ólafur.

**– aá /** **sjá síður 4 og 6**

# Skammdegið



Skammdegið hefur áhrif á marga. Rannsóknir hafa sýnt fram á að skammdegisþunglyndi sé tengt erfðum en einnig að konur séu margfalt líklegri til að þjást af árstíðabundnu þunglyndi. Sérfræðingar koma með ábendingar um leiðir til að sigrast á því hugarangri sem margir glíma við þegar daginn tekur að stytta. → 10

## Samþykktu drög að Brexit

**BREXIT** Ríkisstjórn Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, samþykkti í gærkvöld drög að samningi um úrsögn Breta úr Evrópusambandinu.

Samningsdrögin voru rædd á löngum ríkisstjórnarfundi í Lundúnum í gær. Að honum loknum sagði May að hún væri sannfærð um að samningurinn væri viðunandi svar við kröfu Breta um úrgöngu úr ESB.

„Næstu dagar verða erfiðir,“ sagði May. „Þetta er niðurstaða sem mun verða rædd af mikilli hörku, og það er nákvæmlega það sem þarf að eiga sér stað og er eðlilegt undir þessum kringumstæðum.“



**– khn /** **sjá síðu 10**

## Blakan til bjargar íslenskri tungu

**LÍFIÐ** Á morgun, á degi íslenskrar tungu, mun verslunin Nexus kynna nýja útgáfu á myndasögum á íslensku þegar sjálfur Batman mætir fullfær á íslensku. Nexus stefnir á að gefa öllum krökkum í 7. til 10. bekk fyrsta blaðið en markmiðið er að hvetja og efla lestur hjá krökkum. „Yndislestur unglinga og krakka er að hrapa, sérstaklega hjá drengjum. Við teljum að það sé vegna þess að það er ekki framboð á skemmtilegu lesefni, segir Haraldur Hrafn Guðmundsson, sem snaraði Leðurblökumanninum á íslensku.“ **– bb /** **sjá síðu 34**



HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

VAXTALAUS AFBORGUN
Vaxtalaus afborgun af
ÖLLUM ÚRUM
OG SKARTGRIPUM
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
michelsen.is

Kraftur & virkni
úr **náttúrunni**
20%
AFSLÁTTUR
Í NÓV.



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

## Veður




NA 13-18 m/s en snýst í suðlæga átt er líður á daginn, fyrst SA-lands. Slydda eða rigning, en snjókoma til fjalla, einkum á austanverðu landinu. SJÁ SÍÐU 28



Eldislax FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Landvernd kvartar til ESA

**UMHVERFISMÁL** Landvernd hefur kvartað til ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, vegna bráðabirgðaleyfis sem veitt var laxeldisfyrirtækjum á dögunum. Ekki var gert ráð fyrir að leyfisveitingin færi í umhverfismat eða að almenningur og samtök almennings gætu komið sjónarmiðum á framfæri áður en leyfið var veitt. Þetta er að sögn Landverndar brot á EES-samningnum.

Í tilkynningu frá Landvernd segir að um sé að ræða brot á reglum sem eigi uppruna sinn í Árósasamningum sem Ísland hafi fullgilt. **– bg**

## Sigurgangan heldur áfram



Benedikt Erlingsson leikstjóri hlaut LUX-kvikmyndaverðlaun Evrópuþingsins fyrir kvikmynd sína Kona fer í stríð við hátíðlega athöfn í Strassborg í gær. Verðlaunin eru veitt árlega til kvikmyndar sem vekur athygli á mikilvægustu félagslegu og pólitísku álitaefnum okkar tíma. NORDICPHOTOS/EPA



Jón Gnarr með Banksy í bakgrunni á skrifstofu borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Beitti slípirokk á Banksy

**SAMFÉLAG** Banksy-mynd í eigu Jóns Gnarr, fyrrverandi borgarstjóra, var eyðilögð með slípirokk í gærkvöldi en Jón birti myndband af framkvæmd eyðileggingarinnar. Þar sést maður með slípirokk pússa verkið af plötunni sem það hafði verið prentað á.

Fréttablaðið greindi fyrst frá því að verkið hefði Jón fengið þegar hann var borgarstjóri en strangar reglur gilda um gjafir. Verkið hékk á skrifstofu Jóns í ráðhúsinu en hann tók það með sér heim og þar hékk það þangað til í gær, en þá greindi Jón frá því að hann hefði engan áhuga verkinu lengur, það væri verðlaust. Um útprentað plakat væri að ræða – eftirlíkingu sem hægt væri að fá fyrir smáaura á netinu. Hann ætlaði sér því að farga myndinni. **– bg**




# Þyrfti fjárveitingu til að rannsaka Geirfinnsmál

**Settur saksóknari vekur athygli ríkissaksóknara á ábendingum um afdrif Guðmundar og Geirfinns. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu liggur undir feldi. Lögreglan á Suðurnesjum segir allar ábendingar vel þegnar.**



Dómi Hæstaréttar frá 1980 var snúið við í september síðastliðnum eftir áratuga baráttu þeirra sem dæmdir voru fyrir hvörfin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**LÖGREGLUMÁL** Settur saksóknari mun vekja athygli ríkissaksóknara á ábendingum um afdrif Geirfinns og Guðmundar Einarssona sem komið hafa fram á undanförnum árum og vísað hefur verið til embættisins. Samkvæmt svari við fyrirspurn Fréttablaðsins má ætla að formlegt erindi þessa efnis verði afhent ríkissaksóknara á næstu dögum, til þóknanlegrar meðferðar.

„Það liggur ekkert fyrir um aðgerðir,“ segir Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari innt eftir því hvort ákveðið hafi verið að opna nýja rannsókn á mannshvörfunum; öðru þeirra eða báðum.

Fréttablaðið greindi frá því fyrr í haust að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu liggur undir feldi vegna málsins. Það er hins vegar einungis Guðmundarmálið sem er á forræði þess embættis en Guðmundur hvarf í Hafnarfirði í janúar 1974.

Hvarf Geirfinns heyrir hins vegar undir lögregluna á Suðurnesjum og það var lögreglan í Keflavík sem rannsakaði málið á sínum tíma. Þar var málinu lokað um mitt ár 1975 sem óupplýstu mannshvarfi, áður en lögreglan í Reykjavík kallaði eftir gögnum þaðan í janúar 1976, þegar fjöldi fólks var í gæsluvarðhaldi í Síðumúla vegna Guðmundarmáls.

„Málinu var lokað hér sem óleknu á sínum tíma og ekki að sjá að það séu neinar viðbótarupplýsingar í því í rauninni,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum. „Þá er þetta mál í rauninni eins og hvert annað mannshvarf og engu lokið í því en ekkert er aðhafst nema nýjar upplýsingar berist.“

Ólafur segir mikið álag á embættinu en gríðarlegan tíma tæki að fara í gegnum öll gögnin til að athuga hvort ástæða sé til að hefja einhverja rannsókn. „Ef við færum í að taka málið allt upp þá þyrftum við í rauninni sér fjárveitingu í málið. Það er ekkert útilokað en ekkert heldur sem við sjáum sem kallar á að gera slíkt,“ segir Ólafur. Hann segir þær upplýsingar sem embættinu hafi borist ekki hafa leitt neitt en að allar upplýsingar séu vel þegnar. **adalheidur@frettabladid.is**

## Ábendingar um afdrif Guðmundar og Geirfinns

**Árið 2015** voru tveir menn handteknir vegna ábendinga um að þeir ættu aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Leiddar hafa verið líkur að því að annar þeirra, Stefán Almarsson, hafi gegn betri vitund bendlað Kristján Viðar og Sævar Marínó við málið í samtölum við lögreglu í því skyni að sleppa betur frá eigin afbrotum.

**Árið 2016** gaf maður sig fram við lögreglu og bar að hafa séð þrjá borgaralega klædda menn koma á smábáti til hafnar í Vestmannaeyjum 20. nóvember 1974, daginn eftir að Geirfinnur hvarf í Keflavík. Tveir þeirra hafi leitt þann þriðja á milli sín, og taldi vitnið að þar væri um Geirfinn Einarsson að ræða.



Guðmundur Einarsson.



Geirfinnur Einarsson.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# STÓRA SERÍU HELGIN

## Allar seríur og jólaljós, okkar mesta úrval frá upphafi

## Fimmtudag til sunnudags

# 20-40% afsláttur





Húsasmiðjan og Blómaval ...það er gaman að gera fínt

Gildir einnig í vefverslun **husa.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Fasteignagjöld fylgi ekki markaðshækkun fasteigna

**HVERAGERÐI** „Fasteignaverð hefur hækkað mjög skarpt í Hveragerði að undanförnu með þeirri beinu afleiðingu að fasteignamat í bæjarfélaginu hefur hækkað mjög mikið,“ segir bæjarstjórn Hveragerðis sem kveðst vegna þessa hafa ákveðið að lækka álagningarprósentur fasteignagjalda á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Fasteignamat í Árborg hækkaði að meðaltali um 22 prósent milli ára. Í Facebook-hópi íbúa á Selfossi er nú rætt um að einnig verði að lækka álagningarprósentu fasteignagjalda þar. Helgi S. Haraldsson, forseti bæjarstjórnar Árborgar, segir að ekkert hafi enn verið ákveðið um þetta en lækkun prósentunnar hafi þó verið rædd.

„Við erum í fjárhagsáætlunarvinnu og fyrri umræða um fjárhagsáætlunina verður í næstu viku. Í áætluninni kemur með annars fram álagningarprósenta fasteignaskatts,“ útskýrir Helgi. „En þetta er alveg inni í umræðunni og ég held að flest sveitarfélög þar sem er svona gígantísk hækkun séu ekki að fara að nýta það til að taka það allt úr vasa íbúanna.“

> **Ég held að flest sveitarfélög þar sem er svona gígantísk hækkun séu ekki að fara að nýta það til að taka það allt úr vasa íbúanna.**
>
> Helgi S. Haraldsson, forseti bæjarstjórnar Árborgar





Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Í Hveragerði lækkar álagningarprósentan á íbúðarhúsnæði úr 0,40 í 0,36 prósent og lóðarleiga úr 0,9 í 0,75 prósent. Álagningarprósenta á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,60 í 1,5 prósent og lóðarleiga úr 1,7 í 1,5 prósent.

„Með þessu er komið til móts við þær miklu hækkanir á gjöldum sem annars hefðu orðið að veruleika,“ segir í fundargerð bæjarstjórnar Hveragerðis. **– gar**



Á Suðurbakka Hafnarfjarðarhafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Íbúar ráði en ekki verktakar

**HAFNARFJÖRÐUR** Fulltrúar Samfylkingar og Viðreisnar, sem eru í minnihluta í hafnarstjórn Hafnarfjarðar, sögðust á fundi í gær harma viðsnúning í skipulagsferli hafnarinnar.

„Við teljum að með þessari aðferðafræði sé verið að opna á skipulagsslys, auka á ósætti og [minnka] tiltrú á faglegum ferlum innan stjórnsýslunnar. Við teljum einnig að fimm hæða blokk flokkist ekki undir lágreista byggð og að hér sé verið að glopra tækifærinu til að gera Suðurbakkann að því kennileiti Hafnarfjarðar sem við íbúar eigum skilið. Hér er verktakalýðræðið tekið upp á kostnað íbúalýðræðis,“ bókuðu fulltrúarnir tveir og sátu hjá þegar hafnarstjórnin samþykkti fyrir sitt leyti væntanlegar skipulagsbreytingar. **– gar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Segir umræðuna um tillögur fjárlaganefndar afvegaleidda

**Breytingartillögur ríkisstjórnarinnar til að mæta breyttri hagspá úr 2,9 prósentum í 2,7 prósent breyta ekki þeirri mynd að fjármagn er aukið til helstu málaflokka. Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar telur umræðuna um tillögurnar hafa verið afvegaleidda. „Við erum með gott fjárlagafrumvarp.“**

**FJÁRLÖG** Þær breytingar á fjárlagafrumvarpinu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið eru til að mæta breytingum á hagvaxtarspá Hagstofu Íslands. Hagvöxtur næsta árs er talinn verða um 2,7 prósent en ekki 2,9 prósent eins og ráð var fyrir gert í forsendum fjárlaga fyrir næsta ár. Því þarf að minnka þá útgjaldahækkun sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir.

Í lögum um ríkisfjármálaáætlun er kveðið á um að hið opinbera þurfi að skila afgangi sem nemur einu prósenti af vergri landsframleiðslu. Hingað til hefur það verið nokkuð auðsótt í örum vexti hagkerfisins. Nú kveður hins vegar við nýjan tón; kólnun hagkerfisins er í aðsigi og því þarf að gera ráðstafanir.

Í umræðu síðustu daga hefur mátt skilja sem svo að ríkisstjórnin ætli sér að skera niður í ríkisrekstrinum á næsta ári. Þegar breytingartillögur eru hins vegar skoðaðar í samanburði við fjárlög þessa árs og hins næsta kemur í ljós að enn er verið að auka ríkisútgjöld til ýmissa fjárlagaliða.

„Við erum með gott fjárlagafrumvarp. Ríkisstjórnin er að standa við það sem hún hefur sagt í stjórnarsáttmála um uppbyggingu hjúkrunarheimila og fjárfesta í menntun, velferð og loftslagsmálum. Núverandi breytingar á milli umræðna eru ekki stórvægilegar og eru gerðar til að ríma við að hagvöxtur verði 2,7 prósent,“ segir Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Einnig hefur komið fram í umræðunni að hækkun til öryrkja, sem átti að nema fjórum milljörðum króna, sé aðeins 2,9 milljarðar. Willum telur það eiga sér eðlilegar skýringar. „Þegar við skoðum örorkubætur þá erum við að setja 47 milljarða þangað. Örorkubætur eru að hækka, í samræmi við lög um almannatryggingar, um verðlagsbætur og launaþróun. Þessi hækkun um 2,9 milljarða en ekki fjóra eins og að var stefnt í upphafi snýst um breytingar á almannatryggingakerfinu sem við viljum enn sjá. Hins vegar er ekki búið að klára tillögurnar og því bíðum við átekta.“

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, eins og það leit út þegar það kom fram í september var áætlað að afkoma ríkissjóðs yrði yfir 1 prósenti af vergri landsframleiðslu á þessu ári og áætlað að hún verði það líka á næsta ári. Breytt hagspá gerir hins vegar þá kröfu á ríkið að það bregðist við og dragi úr útgjaldaaukningunni. **sveinn@frettabladid.is**



Fjármálaráðherra kynnir fjárlög ársins 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Almennar ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti

samtals um 1,6 milljarðar

Helstu liðir í breytingartillögum meirihluta fjárlaganefndar

| | Fjárlög 2018 | Frumvarp 2019 | Breytingartillögur meirihlutans | Eftir breytingu | Hækkun / lækkun |
|---|---|---|---|---|---|
| 11.10 **Samgöngur** | 36.843 | 41.375 | -153,4 | 41.222 | 11,90% |
| 13.20 **Rannsóknir og nýsköpun í sjávarútvegi** | 5.435 | 5.083 | -42,1 | 5.041 | -7,25% |
| 17.10 **Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla** | 4.553 | 5.503 | -116,9 | 5.386 | 18,30% |
| 21.20 **Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi** | 3.420 | 3.849 | -49,6 | 3.799 | 11,10% |
| 31.10 **Húsnæðisstuðningur** | 13.392 | 13.503 | -90,9 | 13.412 | 0,10% |
| 04.40 **Þróunarsamvinna** | 5.497 | 5.918 | -79,6 | 5.838 | 6,20% |
| 07.10 **Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum** | 7.648 | 8.350 | -146,6 | 8.203 | 7,20% |




JEEP® COMPASS LIMITED
JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

EINI JEPPINN Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI SEM BÝÐUR UPP Á LÁGT DRIF.
Jeep® Compass er útbúinn með alvöru fjórhjóladrifi: Jeep® Active Drive, sem gerir ökumanni kleift að velja um fjórar drifstillingar sem taka mið af akstursundirlagi hverju sinni, Auto, Snow, Sand og Mud ásamt því að læsa milli fram- og afturdrifs í Limited og til viðbótar í Trailhawk er fimmta stillingin Rock ásamt lágu drifi. 2.0 lítra dísel 140 hö. eða 170 hö. bensínvél. 9 gíra sjálfskipting.

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE

SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI SWIFT BÍLL ÁRSINS

## Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA

KOMDU OG PRUFAÐU SWIFT

HANN FÆR ÞIG TIL AÐ BROSA




2018 RJC Automotive Researchers' & Journalists' Conference of Japan

CAR OF THE YEAR

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2018 BÍLABLAÐAMANNA

VERÐ FRÁ KR.

**2.270.000**

## KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐAN SUZUKI SWIFT.

SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.

Suzuki er áreiðanlegasti bíllinn samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar breska bílaritsins „What Car?“.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Formaður Eflingar ræðir kjaramálin við flokkana

**KJARAMÁL** „Ég fagna öllum tækifærum til að fá að kynna kröfugerð Starfsgreinasambandsins. Líka þessar hugmyndir um nýjan samfélagssáttmála sem við í Eflingu höfum verið að tala fyrir. Þessar kröfur sem snúa að stjórnvöldum um að laga þessa ömurlegu skattatilfærslu síðustu tveggja áratuga,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sem verður meðal ræðumanna á stórfundi VG um verkalýðsmál á laugardaginn.

Félagssvið Eflingar sendi stjórnmálaflokkum boð um að Sólveig Anna kæmi á fund hjá þeim til að ræða kjaramálin. Fjórir flokkar hafa þekkst boðið en auk VG eru það Sósíalistaflokkurinn, Samfylkingin og Píratar.

Auk Sólveigar Önnu verða þær Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Drífa Snædal, forseti ASÍ, og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, frummælendur á fundinum á laugardag. Aðspurð hvort þetta sé ekki gott tækifæri til að ræða við forsætisráðherra um stöðuna játar Sólveig Anna því.

„Aðallega finnst mér samt mikilvægt að hinn almenni flokksmaður, sama í hvaða flokki hann er, geti komið og hlustað.“

Sólveig Anna segir breytingartillögur fjárlaganefndar fyrir aðra umræðu fjárlaga hafa þau áhrif að fólk verði enn svartsýnna á að verið sé að hlusta af fullri alvöru. Niðurskurður á fram komnum tillögum til öryrkja hefur þar sérstaklega verið gagnrýndur.



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ég get sagt það að brútalisminn í þessu er pínu sjokkerandi.
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

„Það var kannski búin til þannig stemning að það væri eitthvað sem ætti eftir að draga fram til liðka frekar fyrir samningum. Ég var nú aldrei neitt sérstaklega vongóð um það. Ég get samt sagt það að brútalisminn í þessu er pínu sjokkerandi.“

Viðræðunefnd Starfsgreinasambandsins þar sem Sólveig Anna situr mun eiga fyrsta formlega viðræðufundinn með Samtökum atvinnulífsins á morgun. – sar




**170 m² útsýnis lúxusíbúð á Vatnsstíg 20-22 til leigu.**
Tvö stór svefnherbergi. Tvö baðherbergi.
Stórt eldhús og stofa með frábæru útsýni yfir sundin.
Stæði í bílageymslu fylgir. Leigist með eða án húsgagna.
Einungis traustur leigtaki kemur til greina.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á vatnsstigur.leiga@gmail.com**






Ný lög munu heimila þungunarrof að lokum 22. viku meðgöngu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Segja þörf á að uppfæra lög um þungunarrof

**Frumvarp um þungunarrof er til umræðu í þingflokkum ríkisstjórnarinnar. Þingflokksformenn VG og Framsóknar segja mikilvægt að málið komist til umræðu. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur málið áfram til umfjöllunar.**

**ALÞINGI** „Ég held að þetta sé mál sem þurfi bara að fara í umræðu. Það þarf að takast á við ýmis álitamál í þessu og við þurfum að gera það. Þetta eru auðvitað gömul lög sem ekkert hefur verið hreyft við lengi og það er ýmislegt sem þarf að lagfæra þarna og laga að nútímanum. Svo þurfum við bara að ræða okkur til niðurstöðu í þessu,“ segir Þórunn Egilsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, um frumvarp um þungunarrof.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti málið fyrir þingflokkum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í gær en málið var afgreitt út úr ríkisstjórn síðastliðinn föstudag. Frumvarpið hafði þegar verið afgreitt út úr þingflokki Vinstri grænna.

„Að sjálfsögðu viljum við bara að málið komist til Alþingis sem fyrst og fólk taki bara um það efnislega umræðu,“ segir Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG.

Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir

> Þetta er mjög óflokksbundið mál. Þetta er umræða um siðferði.
>
> Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

að málið verði áfram til umfjöllunar í þingflokknum. „Ráðherra kom á fundinn og kynnti frumvarpið og í framhaldinu erum við að fá frekari upplýsingar sendar. Síðan á eftir að eiga sér stað umræða í þingflokknum um málið. Þannig að það er bara til meðferðar.“

Þórunn segist ekkert sjá því til fyrirstöðu að málið komi fljótlega til umræðu í þinginu.

„Þetta er erfið umræða sem kemur við kvikuna í okkur öllum og við höfum öll skoðanir á þessum málum, eðlilega. Þannig að við þurfum bara að finna skynsamlegustu niðurstöðuna og hlusta á fólk sem þekkir þetta best. Það eru flestir með einhverjar spurningar og þetta er umdeilt mál, þetta er bara þess eðlis.“

Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir ljóst að það séu skiptar skoðanir um málið. „Þetta er mjög óflokksbundið mál. Þetta er umræða um siðferði og ég held að fólk sé bara að setja sig betur inn í málin, þær umsagnir sem hafa borist og rökin fyrir þeim. Það verða örugglega ekkert allir á einni línu.“

Hún telur að allir séu sammála um mikilvægi þess að frumvarpið komi fram því löggjöfin á þessu sviði sé mjög gömul og úrelt. Það sé algjörlega nauðsynlegt að bæta úr þar.

„Mér skilst að framkvæmdin sé ekki í samræmi við lögin og bara af þeirri ástæðu þurfum við að lagfæra þau. Fyrstu viðbrögð mín við málinu eru jákvæð en ég skil líka gagnrýnina. En ég ætla að gefa mér tíma til að fara vandlega yfir málið og þær umsagnir sem munu berast áður en ég mynda mér endanlega afstöðu.“ sighvatur@frettabladid.is

# Segjast fullfærir um að skilja hlutverk sitt án aðstoðar meirihlutans í Eyjum

**VESTMANNAEYJAR** „Fulltrúar verða að skilja hlutverk sitt í ráðum og halda sig við það sem tilheyrir þeirra ráði,“ segir í bókun fulltrúa Eyjalistans og H-listans í umhverfis- og skipulagsráði Vestmannaeyja vegna meintra afhjúpana í ráðinu á áætluðum kostnaði við tjaldstæði.

Ráðið hefur að undanförnu rætt framtíðarlausn vegna tjaldsvæðis sem verið hefur á byggingarreit við Áshamar í tengslum við Þjóðhátíð. Á þarsíðasta fundi ráðsins bókuðu Sjálfstæðismenn að kostnaður við gerð nýs tjaldsvæðis væri áætlaður á þriðja tug milljóna. „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja ekki forsvaranlegt að útsvarsgreiðendur í Vestmannaeyjum greiði fyrir gerð nýs tjaldsvæðis, sem nýta á í fimm daga á ári,“ sögðu þeir.

Á fundi ráðsins á þriðjudag sögðu fulltrúar meirihlutans mikilvægt að koma á framtíðarlausn fyrir tjöldunina. Þá sögðust þeir harma það



Frá Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„ábyrgðarleysi“ fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að hafa veikt samningsstöðu bæjarins með því að opinbera áætlaðan kostnað á fyrri fundi.

„Kostnaður tilheyrir ekki ráðinu en fulltrúar D-listans höfðu ekkert um skipulagið að segja sem tilheyrir ráðinu. Fulltrúar verða að skilja hlutverk sitt í ráðum og halda sig við það sem tilheyrir þeirra ráði,“ sagði í bókun meirihlutafulltrúanna.

Við þessu brugðust Sjálfstæðismenn með því að segja fjarri lagi að það væri ábyrgðarleysi að hugsa um skattfé íbúa og kostnað. Þeir hefðu í málinu komið með tillögur að öðrum ódýrari lausnum.

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru fullfærir um að skilja sitt hlutverk í ráðinu hjálparlaust og frábiðja sér fullyrðingar um annað,“ bókuðu þeir. – gar

# RISA TAX FREE DAGAR

## 15.-19. nóvember

**Taxfree* af öllum fatnaði,
öllum skóm, öllum leikföngum,
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði
og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# Gengislekinn meiri og hraðari en áður

**Gengisveiking krónunnar gæti haft meiri og hraðari áhrif á verðlag að mati hagfræðings þar sem innlend fyrirtæki hafa uppsafnaða þörf fyrir verðhækkanir. Spennan í hagkerfinu magni gengisáhrifin. Forstjóri heildsölunnar Innness segir útlit fyrir verðhækkanir.**

Uppsöfnuð þörf innlendra fyrirtækja til verðhækkana gerir það að verkum að gengisveiking krónunnar gæti haft meiri og hraðari áhrif á verðlag en áður, að mati aðalhagfræðings Kviku banka. Forstjóri Innness, sem er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins, segir útlit fyrir verðhækkanir vegna gengisþróunarinnar. Þá er tvíbent hvaða áhrif gengið hefur á samningsstöðu í komandi kjaraviðræðum.

Krónan hefur veikst gagnvart öllum helstu viðskiptagjaldmiðlum sínum frá byrjun árs. Nemur veikingin 21 prósenti gagnvart Bandaríkjadal, 15 prósentum gagnvart breska pundinu og 13 prósentum gagnvart evrunni.

Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka, segir í samtali við Markaðinn að gengisveiking skili sér út í verðlag fremur hratt undir núverandi aðstæðum.

„Gengisveiking hefur í för með sér að kaupmáttur landsmanna dregst saman. Það endurspeglast fyrst og fremst í því að við finnum beint fyrir verðhækkunum á öllum innfluttum vörum sem við kaupum. Verðbólgan fer því fljótt af stað vegna kostnaðarhækkana á ákveðnum vöruflokkum.“

Í þessu samhengi nefnir Kristrún hugtakið gengisleki sem er mælikvarði á hversu hröð og hversu mikil áhrif gengið hefur á verðbólgu. Áhrif gengisins á verðbólgu hafi jafnan verið 30 prósent og þeirra hafi gætt með eins og hálfs til tveggja ára töf.

„Hraði slíkra áhrifa er háður efnahagslegum aðstæðum hverju sinni. Við erum að koma út úr tímabili þar sem seljendur hafa ekki treyst sér til þess að hækka verð í nokkurn tíma. Samkeppni frá bæði erlendum stórfyrirtækjum og netverslunum hefur gert það að verkum að mörg innlend fyrirtæki hafa uppsafnaða hækkunarþörf sem er að vissu leyti ótengd gengisveikingunni,“ segir Kristrún.

„Það er líklegt að mörg fyrirtæki muni nýta tækifærið til að hækka verð almennilega og þannig verða gengisáhrifin meiri en ella vegna þeirrar spennu sem nú er í hagkerfinu.“



Hagfræðingur Kviku segir gengisveikingu geta skilað sér hratt út í verðlagið undir núverandi aðstæðum.

### Þróun Brent-hráolíuverðs frá áramótum




### Þróun gengis helstu viðskiptagjaldmiðla krónunnar




> **Það er líklegt að mörg fyrirtæki muni nýta tækifærið til að hækka verð almennilega.**
>
> Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka



**Hækkanir í kortunum**

Eins og greint var frá í Markaðinum hækkaði Innnes verð til viðskiptavina sinna í október. Um var að ræða fjögurra prósenta hækkun á vörum sem eru keyptar til landsins í evrum, fimm prósenta hækkun á vörum sem keyptar eru í pundum og sex prósenta hækkun í Bandaríkjadölum.

Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness og formaður Félags atvinnurekenda, segir frekari verðhækkanir í kortunum ef fram heldur sem horfir. „Gengisþróunin virðist vera í eina átt og hún mun leiða til frekari verðhækkana. Verðhækkun Innness í október var til að mynda aðeins brot af þeirri gengisveikingu sem hefur átt sér stað á síðustu mánuðum. Það er enn uppsöfnuð þörf til að hækka verðin, aðallega vegna gengisins en einnig vegna kostnaðarhækkana sem einskorðast ekki við laun. Við sjáum á reikningunum að allur kostnaður er að hækka,“ segir Magnús Óli í samtali við Markaðinn.



**Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness.**

**Tvíbent áhrif á kjaraviðræður**

Ekki er útséð með hvaða hætti veikara gengi krónunnar mun hafa áhrif á kjaraviðræðurnar í vetur, að sögn Kristrúnar.

„Annars vegar mætti segja að veiking krónunnar dragi úr svigrúmi til launahækkana í þeim skilningi að það er meiri hætta á verðbólgu og því minna svigrúm til þess að ráðast í miklar launahækkanir sem kynda undir verðbólgu. Hins vegar dregur veikingin úr kaupmætti og setur þá sem sitja við borðið fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar í þá erfiðu stöðu að þurfa að vinna upp meiri kaupmátt en ella,“ segir hún.

Eins sé hægt að horfa á gengisstyrkingu þannig að hún hífi upp kaupmátt og dragi þannig úr launakröfum en hins vegar þannig að hún geti leitt til þess að launþegar upplifi að verðbólgusvigrúmið sé meira og geri því kröfu um meiri launahækkanir en ella. Sú hafi verið raunin í kjaraviðræðunum árið 2015.

thorsteinn@frettabladid.is

## Styrking Bandaríkjadals dempar áhrif olíuverðslækkunar

Hækkun olíuverðs frá ársbyrjun er nær gengin til baka eftir lækkunarhrinu á síðustu vikum og stendur verðið á tunnu nú í 67 Bandaríkjadölum. Í fyrradag lækkaði verðið um sjö prósent sem var mesta verðlækkun á Brent-hráolíu í þrjú ár.

„Lækkun olíuverðs hefur jákvæð áhrif, sérstaklega hvað varðar rekstur flugfélaganna. Hin hliðin er sú að olían er verðlögð í dollar sem hefur verið að styrkjast verulega, meira heldur en evran gagnvart krónunni. Þetta þýðir að við finnum ekki eins mikið fyrir þessari lækkun og ef við værum dollaraþjóð,“ segir Kristrún.

Þá vegur bensínverð ekki mikið í verðbólgumælingum og segir Kristrún að sumir vilji meina að olíuverð hafi meiri áhrif á verðbólguvæntingar en verðbólgu vegna þess að fólk haldi að olían vegi meira en hún gerir í raun. „Það er takmörkuð verðvitund um margar vörur en allir vita hvað bensínlítrinn kostar. Það getur haft jákvæð áhrif á verðbólguvæntingar þegar olíuverð lækkar sem aftur hefur jákvæð áhrif á verðbólgu til lengri tíma.“

# LBI fellur frá dómsmáli

Slitastjórn Landsbankans, LBI, hefur fallið frá dómsmáli gegn fjórum fyrrverandi bankaráðsmönnum Landsbankans sem hófst um mánaðamótin vegna ákvarðana þeirra í aðdraganda bankahrunsins. Þetta kemur fram á vef slitastjórnarinnar.

Það eru þau Kjartan Gunnarsson, Þorgeir Baldursson, Andri Sveinsson og Svafa Grönfeldt. Björgólfi Guðmundssyni, sem var formaður bankaráðsins, var ekki stefnt því hann varð gjaldþrota fljótlega eftir hrun.

Slitastjórnin mun áfram reka dómsmál gegn fjórum fyrrverandi stjórnendum Landsbankans og tveimur tryggingafélögum vegna stjórnendaábyrgðar. Hún rak þrjú dómsmál sem sameinuð voru í eitt. Þeir fyrrverandi stjórnendur bankans sem um ræðir eru bankastjórarnir fyrrverandi Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, Elín Sigfúsdóttir, sem var forstöðumaður fyrirtækjasviðs bankans, og Jón Þorsteinn Oddleifsson, sem var yfir fjárstýringu bankans. – hvj




**Slitastjórnin mun áfram reka dómsmál gegn fjórum fyrrverandi stjórnendum Landsbankans.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lágmarkstilboð 80 prósent af eigin fé

Lágmarkstilboð í tólf prósenta hlut sem Landsbankinn býður til sölu í Eyri Invest, kjölfestuhluthafa Marels, er 80 prósent af eigin fé fyrirtækisins. Miðað er við eigið fé Eyris hinn 30. júní að teknu tilliti til breytinga sem einkum varða verðbreytingar á Marel, breytinga á gengi evru gagnvart krónu, fjármagnsliðum og áætluðum rekstrarkostnaði. Þetta kemur fram í útboðsskilmálum Landsbankans.

Eignir Eyris námu 663 milljónum evra í sumar og eiginfjárhlutfallið var 69,5 prósent. Eigið fé fjárfestingarfélagsins var því 461 milljón evra í sumar, eða um 65 milljarðar króna. Ef tólf prósenta hlutur í Eyri verður seldur á bókfærðu eigið fé nemur virði hans tæplega átta milljörðum króna. Standi fjárfestum til boða 20 prósenta afsláttur lækkar verðið í rúmlega sex milljarða.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að bankinn bjóði til sölu, í heild eða hluta, allt að 12,1 prósents hlut í Eyri. Tilboðsfrestur rennur út á hádegi miðvikudaginn 28. nóvember. Fjármálaeftirlitið hefur frá því um miðjan september sektað Landsbankann um hálfa milljón króna á dag til þess að knýja á um að bankinn selji 22 prósenta hlut sinn í Eyri Invest. Í svari bankans við fyrirspurn Markaðarins kom fram að bankinn hefði lengi reynt að selja bréfin í Eyri Invest og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins gerði það enn brýnna en áður.

Eyrir á einnig 43,4 prósenta hlut í Eyri Sprotum, sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum, og þriðjungshlut í Efni Media, sem selur vörur og þjónustu í gegnum netið og samfélagsmiðla.

Stærstu hluthafar Eyris Invest eru Landsbankinn með 22 prósent, Þórður Magnússon stjórnarformaður með 19 prósent og Árni Oddur Þórðarson, sonur hans og forstjóri Marels, með 16 prósenta hlut. – hvj



**Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.**

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CORNELIANI

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Meirihluti Netanjahú á ísraelska þinginu er tæpur

**ÍSRAEL** Vopnahléið sem Ísraelar sömdu um við Hamas-samtökin eftir átök undanfarinna daga á Gasasvæðinu dregur dilk á eftir sér. Í gær tilkynnti Avigdor Lieberman varnarmálaráðherra um afsögn sína í mótmælaskyni. Lieberman sagði að með vopnahlésinu væru Ísraelar að „láta undan kröfum hryðjuverkamanna“. Benjamín Netanjahú forsætisráðherra tekur við embættinu af Lieberman en hann er einnig utanríkisráðherra.

Lieberman er leiðtogi flokksins Ísrael Beitenu sem hefur verið hluti ríkisstjórnar Netanjahú. Með afsögn Liebermans tekur flokkurinn sér hins vegar sæti í stjórnarandstöðu og er meirihluti ríkisstjórnarinnar á þingi orðinn ansi tæpur; 61 sæti gegn 59 sætum stjórnarandstöðu.

Lieberman kallaði eftir kosningum í gær en Jonatan Urich, upplýsingafulltrúi Líkúd, flokks Netanjahú, sagði það óþarft. Ríkisstjórnin gæti setið út kjörtímabilið. Netanjahú varði svo vopnahléið í gær. Sagði Hamas-samtökin hafa grátbeðið um að vopnahlé yrði gert. Á minningarathöfn fyrir David og Paulu Ben-Gurion sagði forsætisráðherrann að hann vildi ekki tjá sig um framtíð Gasasvæðisins en að hann myndi hafa hagsmuni Ísraela í forgangi. **– þea**



**Netanjahú, forsætis-, utanríkis- og varnarmálaráðherra.** NORDICPHOTOS/AFP



**Kona kyssir nýtt föðurlandskort sitt í höfuðborginni.** NORDICPHOTOS/AFP

## Kína hjálpar Maduro við þjóðarvöktun

**VENESÚELA** Kínverski tæknirisinn ZTE þróaði svokölluð föðurlandskort sem ríkisstjórn Nicolas Maduro í Venesúela útbýtir um þessar mundir til ríkisborgara. Reuters greindi frá málinu og sagði að ZTE hefði fengið andvirði tæpra níu milljarða króna fyrir að gera svokallaðan föðurlandsgagnagrunn og greiðslukerfi fyrir kortin.

Föðurlandskortin nýtast til að kaupa niðurgreiddan mat af ríkinu, sækja heilbrigðisþjónustu og aðra félagslega þjónustu. Á þessa þjónustu þurfa Venesúelamenn að reiða sig vegna hamfarakennds efnahagsástands. Kortin hafa vakið áhyggjur. Eru þau álitin verkfæri til að fylgjast með lýðnum og sjá til þess að stuðningsmenn forseta fái mestu og bestu þjónustuna. **– þea**

## Söguleg höfnun á þingi Svía

**SVÍÞJÓÐ** Sænska þingið hafnaði því í gær að gera Ulf Kristersson, leiðtoga hægriflokksins Moderaterna, að forsætisráðherra. „Þetta var í fyrsta skipti sem þingið neitar tillögu forseta þess um nýjan forsætisráðherra,“ sagði Andreas Norlén þingforseti eftir atkvæðagreiðsluna.



**Ulf Kristersson, formaður Moderaterna.**

Tveir flokkar hægriblokkarinnar greiddu atkvæði gegn Kristersson, Miðflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn. „Ég hafði vonast eftir því að bandalagsflokkarnir gætu að minnsta kosti þolað borgaralega þenkjandi forsætisráðherra,“ sagði Kristersson.

Formenn Miðflokksins og Frjálslynda flokksins sögðust myndu vilja sjá Kristersson í forsætisráðuneytinu en ekki geta samþykkt ríkisstjórn sem háð væri Svíþjóðardemókrötum. **– þea**

# Ærið verkefni hjá Theresu May

**Breska ríkisstjórnin samþykkti í gær drög að samningi vegna Brexit. Theresa May ræðir samninginn í þinginu í dag. Erfitt verður að koma málinu í gegnum þingið. Stefnt á leiðtogaráðsfund 25. nóvember.**

**BRETLAND** Þó að samninganefndir Bretlands og ESB hafi komist að samkomulagi um drög að samningi um framtíðarsambandið eftir Brexit er langur vegur fram undan. Bretland mun ganga út úr Evrópusambandinu þann 29. mars næstkomandi. Þó að samkomulagsdrög hafi verið samþykkt þarf ríkisstjórn Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, að samþykkja drögin, síðan breska þingið og þá hin 27 aðildarríki ESB. May fundaði með ráðherrum sínum í gær og eftir fimm klukkustunda langan fund náðist niðurstaða. Stuðningur við forsætisráðherrann hefur ekki þótt sjálfsagður að undanförnu. Þannig hafa nokkrir ráðherrar sagt af sér vegna ósættis um Brexit-málið.

Raunar var fátt annað en Brexit til umræðu í Bretlandi í gær, nema ef til vill sjötugsafmæli Karls Bretaprins. Þegar May kom fyrir þingið og svaraði fyrirspurnum deildi hún til að mynda við Jeremy Corbyn, formann Verkamannaflokksins, um ágæti draganna. Corbyn sagði að með samþykkt þeirra yrðu Bretar fastir í einhvers konar millibilsástandi og fengju enga aðkomu að reglusetningu. Þá sagði hann að May væri að bjóða Bretum upp á falskt val á milli lélegs samnings og einskis. May sagði að Verkamannaflokkurinn væri að reyna að hindra útgönguna og þannig svíkja bresku þjóðina.



**May ávarpaði fjölmiðla eftir ríkisstjórnarfundinn í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra skosku heimastjórnarinnar og leiðtogi SNP-flokksins, sagði samninginn þann versta mögulega fyrir Skotland og að hún myndi vilja sjá Breta fá fulla aðild að innri markaði ESB og tollabandalaginu frekar.

Búist er við að drögin fari fyrir þingið í kringum 7. desember, að sögn stjórnmálaskýranda BBC. Það verður í það minnsta ekki gert fyrr en eftir fund leiðtogaráðs ESB sem Leo Varadkar, forsætisráðherra Írlands, sagði að gæti farið fram 25. nóvember.

Ljóst er að það verður erfitt að ná samningnum í gegnum þingið. Íhaldsflokkurinn er ekki í meirihluta heldur reiðir sig á stuðning norðurírska DUP-flokksins. Þingmenn DUP segjast líklegir til að greiða atkvæði gegn samningnum, telja að með honum sé Bretlandi sundrað. Þá eru bæði hörðustu Evrópu- og Brexitsinnar innan Íhaldsflokksins ósáttir. Ef samkomulagið fer ekki í gegnum þingið mun Verkamannaflokkurinn pressa á að hans leið verði farin í málinu, sagði talsmaður Corbyns í gær og bætti við að ef þingið hafnaði samkomulaginu fælist í því eiginlegt, þó ekki bókstaflegt, vantraust á stjórn May. **thorgnyr@frettabladid.is**

### Innihaldið

Að því er fram kom í gær munu Bretar, samkvæmt drögunum, standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar gagnvart ESB. Þannig muni Bretar þurfa að greiða inn í fjárlög fyrir árin 2019 og 2020. Áður hefur komið fram að fjármálaráðuneyti Bretlands telur ríkið þurfa að reiða af hendi á milli 40 og 45 milljarða punda.

Spurningin um landamærin við Írland hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu og málið reynst einn flóknasti hnúturinn í viðræðum Breta og ESB. Samkvæmt drögunum munu Norður-Írar þurfa áfram að fylgja regluverki tollabandalags og innri markaðar ESB til að koma í veg fyrir sjáanleg landamæri. Restin af Bretlandi mun svo stofna til nýs tollabandalags við ESB og þurfa að fylgja meðal annars samkeppnisreglum sambandsins sem og hluta vinnu-, umhverfis- og skattalöggjafar. Að því er May sagði á þingi í gær munu Bretar þó hafa stjórn yfir sjávarútvegsmálum.






ENNEMM / SÍA / NM79594

## Hyundai Santa Fe. Verð frá: 7.990.000 kr.

Hyundai frumsýnir flaggskip Hyundai línunnar, nýjan Hyundai Santa Fe. Algerlega ný hönnun Santa Fe er framúrskrandi vel lukkuð og innrétting hefur aldrei verið vandaðri. Nýr Santa Fe er auk þess ríkulega hlaðinn tæknilegum nýjungum sem gaman er að skoða og fræðast um.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

TILVERAN

# Skammdegisþunglyndi tengt við erfðir

Árstíðabundið þunglyndi er afbrigði þunglyndis. Á Íslandi er mest rætt um árstíðabundið þunglyndi tengt vetri, kallað skammdegisþunglyndi. Rannsakendur við Johns Hopkins komust að því að skammdegisþunglyndi gæti verið tengt geni sem kallast ZBTB20.


Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is
Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is




Árstíðabundið þunglyndi (e. seasonal affective disorder) er nákvæmlega það sem nafnið gefur til kynna, árstíðabundið afbrigði þunglyndis. Sú mynd árstíðabundins þunglyndis sem einna helst þekkist hér á landi gerir venjulega vart við sig síðla hausts eða snemma um veturinn, hopar með vori og kallast skammdegisþunglyndi. Það er ekki talið sérstakur geðsjúkdómur heldur afbrigði þunglyndis.

Að því er kemur fram á vef geðheilbrigðisstofnunar Bandaríkjanna eru þekkt einkenni yfir veturinn meðal annars orkuleysi, ofát og ofsyfja. Öllu minna þekkt hér á landi er svokallað sumarþunglyndi, sem einnig telst til árstíðabundins þunglyndis, og lýsir það sér meðal annars í svefnleysi, lítilli matarlyst, kvíða og eirðarleysi.

Rannsókn sem geðheilbrigðisstofnunin vísar til í umfjöllun sinni hefur sýnt fram á að fjórfalt fleiri konur greinast með árstíðabundið þunglyndi en karlmenn. Þá sé maður einnig líklegri til þess að þjást af árstíðabundnu þunglyndi þeim mun fjær miðbaug sem maður býr. Sama rannsókn, sem Sherri Melrose, prófessor við Athabasca-háskóla í Kanada, gerði, sýndi einnig fram á að eitt prósent Flórídabúa þjáðist af árstíðabundnu þunglyndi en níu prósent Alaskabúa. Skoðanakönnun Weather Channel og YouGov frá árinu 2014 sýndi svo fram á að 29 prósent Breta teldu sig þjást af einhvers konar skammdegisþunglyndi.

Breska heilbrigðisstofnunin segir á vef sínum að orsakir árstíðabundins þunglyndis séu einna helst þrjár. Í fyrsta lagi offramleiðsla svefnhormónsins melatóníns, í öðru lagi of lítil framleiðsla hormónsins serótóníns, til að mynda vegna sólarleysis, og svo í þriðja lagi vanstilling líkamsklukkunnar vegna skammdegisins.

Sálfræðivefritið PsyPost sagði í janúar frá víðtækri erfðamengisrannsókn (e. GWAS) á árstíðabundnu þunglyndi sem prófessor James Bennett Potash við Johns Hopkins-háskóla stýrði. Rannsakendur skoðuðu tilfelli 1.380 Bandaríkjamanna með árstíðabundið þunglyndi og 2.937 Bandaríkjamanna án þess og náðu að afmarka gen sem gæti tengst aukinni hættu á því að þróa með sér árstíðabundið þunglyndi.

„Við vitum að tilhneiging til þunglyndis sem versnar eftir því sem dagurinn styttist á rætur sínar að rekja að hluta til erfða fólks. Það sem okkar rannsókn sýnir fram á er að það séu vísbendingar um eitt gen sem gæti útskýrt þessa tilhneigingu. Genið kallast ZBTB20 og inniheldur upplýsingar um framleiðslu prótíns sem, að minnsta kosti á meðal músa, snýr að líkamsklukkunni og breytingu hegðunar vegna styttingar dagsins,“ hafði PsyPost eftir Potash.

**»** Konur eru margfalt líklegri til að þjást af árstíðabundnu þunglyndi.

## Meðferðir

Samkvæmt bresku heilbrigðisstofnuninni eru helstu meðferðarmöguleikarnir við árstíðabundnu þunglyndi ferns konar. Í fyrsta lagi er hægt að breyta lífsstílnum, í öðru lagi er hægt að sækja svokallaða ljósameðferð, í þriðja lagi undirgangast hugræna atferlismeðferð hjá sálfræðingi og í fjórða lagi lyfjagjöf.

Ljósameðferð er trúlega sá kostur sem fólk kannast síst við. Í grein sem Andrés Magnússon geðlæknir skrifaði á vefsíðu SÍBS fyrir tveimur árum segir að þar sem líkamsklukkan stýri mörgum ferlum líkamans og ráði að mestu svefni og vöku þurfi sterkt ljós á morgnana til að flýta líkamsklukkunni, á kvöldin til að seinka henni. Meðferðin færi fram með ljósakössum sem sterkum flúorperum er komið fyrir í. Ljósin séu síðan látin snúa á móti notandanum.

Fimm geðlæknar og prófessorar við háskólann í Maryland og við Columbia í New York rannsökuðu ljósameðferð við árstíðabundnu þunglyndi og birtu afraksturinn í grein árið 2009. Rannsóknin leiddi í ljós að meðferðin er árangursrík þegar fólk með árstíðabundið þunglyndi undirgengst hana daglega í að minnsta kosti nokkrar vikur.

Fimmtán einstaklingar, greindir með árstíðabundið þunglyndi en höfðu ekki undirgengist meðferð, voru til rannsóknar. Sérstaklega var leitast við að kanna hvort lengd meðferðartíma hefði áhrif á líðan og voru 20, 40 og 60 mínútna meðferðartímar prófaðir. „Við komumst að því að strax má sjá mun á líðan eftir fyrsta ljósameðferðartímann þótt hann taki ekki nema 20 mínútur og að því að 40 mínútna tímar virka jafn vel og 60 mínútna.“





Andrés Magnússon
geðlæknir

## Hvernig getur skammdegið haft áhrif á geðheilsu okkar?

„Mörgum finnst að hver árstíð hafi sinn „sjarma“, finnst bara notalegt þegar skammdegið kemur, kúra inni með kertaljós og góða bók. En sumir bregðast við með því að verða alltaf syfjaðir og orkulausir, borða meira sælgæti o.s.frv. Hluti af þessum fá svokallað skammdegisþunglyndi, sem einnig hefur verið kallað skammdegisdrungi. Þá bætist við kvíði, framtaksleysi, einbeitingarskortur og þunglyndi,“ segir Andrés Magnússon geðlæknir.

Andrés mælir með því að fólk sem verði fyrir áhrifum skammdegisins reyni að fá nóga náttúrulega birtu. „Svo er gott að taka sér frí í hádeginu og fara í göngutúr, vera á skíðum um helgar, sitja við glugga eða flytja skrifborðið að glugga og ekki draga gardínur fyrir. Ekki taka sumarfríið út á sumrin heldur á veturna og fara til sólarlanda í skammdeginu,“ segir hann.

Andrés hefur bent fólki á að nýta sér dagsljósalampa í svartasta skammdeginu þegar dagsbirtan verður af skornum skammti. En virka þeir á alla?

„Já, ef ekki tekst að ná inn náttúrulegu sólarljósi þá er hægt að nota svo kallaða dagsljósalampa. Það er dálítið umstang þar sem það þarf að nota þá reglulega allan veturinn á hverjum degi, en þeir virka vel ef fólk er haldið skammdegisdrunga.“



Einar Sveinbjörnsson
veðurfræðingur

## Hvenær byrjar skammdegið og hvenær endar það?

„Hægt er að svara því til hvenær skammdegið hefst og hvenær því lýkur á nokkra vegu,“ segir Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur.

„Einfaldast er að segja að svartasta skammdegið sé í desember og janúar. Aðrir myndu kannski segja að nákvæmara væri að halda sig við gömlu mánuðina. Að skammdegið hæfist með ýli, þ.e. í 5. viku vetrar á tímabilinu 20. til 27. nóvember og fram í lok mörsugs, 19. til 26. janúar. Með þorrabyrjun lýkur því svartasta skammdeginu.

Svo er það vísindalegri nálgun. Þegar sólarhæð á hádegi fer undir 9° yfir sjóndeildarhringinn ná geislar hennar ekki að hita yfirborðið. Sunnanlands er sólin lægra á lofti en þetta frá 10. nóvember til 2. febrúar. Norðan til er slíkt tímabil ívið lengra.

Svo eiga menn ýmsar einkaskilgreiningar. Þegar ég var í grunnskóla í Hafnarfirði fannst mér það skammdegi þegar ekki var enn farið að birta í morgunfrímínútum sem byrjuðu ef ég man rétt 09.50. Þetta var á aðventunni, en fljótlega eftir jólafrí, kannski um 15. janúar var farið að birta af degi í frímínútunum.“


COMBO-TILBOÐ
PANINI OG GOS*
499KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
TORTILLA OG GOS*
499KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PIZZA OG GOS*
499KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PYLSA OG GOS*
549KR
FULLT VERÐ: 748 KR
2 PYLSUR OG GOS*
649KR
FULLT VERÐ: 1.097 KR
CROISSANT MEÐ ÁLEGGI OG GOS*
499KR
FULLT VERÐ 898 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KLEINUHRINGUR OG KÓKÓMJÓLK
399KR
FULLT VERÐ: 628 KR
SNÚÐUR OG KÓKÓMJÓLK
399KR
FULLT VERÐ: 628 KR
BEYGLA OG GOS*
499KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KAFFI OG KLEINA
299KR
FULLT VERÐ: 548 KR
SÓMA LANGLOKA OG GOS*
799KR
FULLT VERÐ: 1.198 KR
SÓMA SAMLOKA OG GOS*
699KR
FULLT VERÐ: 998 KR
netgíró
Kvikk
ON THE GO
*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni

TILVERAN

# Lyf ættu að vera síðasti valkosturinn

**Það er ljóst að vetur konungur er farinn að banka á dyrnar, birtan er minni og ákveðinn andi í loftinu sem segir manni að nú sé ráð að undirbúa sig vel fyrir veturinn. Skammdegið leikur ákveðið hlutverk hjá mörgum en margt er hægt að gera til að draga úr áhrifum.**

Þetta er yfirleitt skemmtilegur tími og það er mikið að gera, verkefni í skóla og atvinnulífi í fullum gangi og má líkja þessu við törn fram að jólum þar sem við tökum kærkomna hvíld frá amstri dagsins til að eiga inni orku fram á vorið. Þó er ákveðinn hópur fólks sem glímir við lyndisraskanir sem tengjast sérstaklega þessum tíma árs þegar skammdegið skellur á. Þetta segir Teitur Guðmundsson læknir.



„Margir finna fyrir minni orku, pirringi, samstarfsörðugleikum, áhugaleysi, svefntruflunum, einbeitingarskorti, breytingum á matarlyst og þar með þyngd auk vanlíðanar. Það eru þeir sem þjást af skammdegisþunglyndi sem hellist yfir þá með haustinu og fer jafnvel versnandi fram að vori þegar dag tekur að lengja á ný. Þá eru einnig til einstaklingar sem finna fyrir sams konar einkennum að vori eða sumri, það er þó mun sjaldgæfara,“ segir Teitur sem telur ástæður fyrir því að fólk finni fyrir áhrifum skammdegisins geta vera margvíslegar. En hvað gerist í líkamanum þegar skammdegið skellur á og myrkrið verður allsráðandi?

„Sumir tala um lífklukkuna sem í kjölfar breyttra birtuskilyrða ruglist, framleiðsla á melatónín-hormóni fari úr skorðum og einnig magn serótóníns sem er mikilvægasta boðefni sem við þekkjum í tengslum við þunglyndi og depurð. Flest lyf sem notuð eru í dag sem meðhöndlun vegna þunglyndis hafa einmitt áhrif á magn þessa boðefnis og virðist vera sem minnkuð birta og sólarljós geti haft áhrif á framleiðslu þess í líkamanum,“ segir Teitur.

„Konur eru í meiri hættu en karlar á að fá skammdegisþunglyndi, þá er yngra fólki hættara við því auk þess sem erfðir spila inn í sem endranær. Búseta hefur áhrif enda er sagt að því norðar eða sunnar sem maður býr frá miðbaug, því meiri líkur séu á slíkum lyndisröskunum.“



Vandamál einstaklinga sem glíma við þennan sjúkdóm eru svipuð og þeirra sem glíma við almennt þunglyndi, þeir draga sig í hlé og verða félagsfælnir, eiga í vandræðum með vinnu og/eða skóla, neyta frekar vímuefna og áfengis og finna fyrir sjálfsvígslöngun. Mikilvægt er því að grípa til varna og greina vandann, ekki síður en að meðhöndla hann og þá með öllum tiltækum ráðum.

„Greiningin fer fram í viðtali við lækni, skoðun ætti að útiloka aðrar tegundir sjúkdóma sem geta líkt eftir einkennum og má þar nefna vanstarfsemi skjaldkirtils, járnskort og ýmislegt fleira. Notaðir eru staðlaðir spurningalistar til að greina en einnig til að fylgjast með árangri meðferðar sem getur verið af ýmsum toga. Almennt er talið að það sé mikilvægast fyrir einstaklinga að þekkja sína greiningu enda geta þeir með þeim hætti brugðist við betur en ella og jafnvel á fyrirbyggjandi hátt. Þar sem vandamálið kemur iðulega upp reglubundið eða á hverju ári ætti það að vera tiltölulega auðsótt að þekkja einkennin og vinna með fyrirbyggjandi hætti gegn því að þau versni.“

Teitur segir meðferð vera margvíslega og í mörgum tilvikum sé notast við ljósameðferð en til eru ljósgjafar sem hægt er að stilla upp á vinnustað og heima fyrir sem líkja eftir dagsljósinu og geta með þeim hætti „blekkt“ kerfið til að halda að það sé önnur árstíð.

„Þetta er fyrsta tegund meðferðar sem reyna ætti. Mjög oft er beitt sálfræðimeðferð og hefur hugræn atferlismeðferð, eða HAM, nýst ágætlega sem og samtalsmeðferð. Mikilvægt er að draga úr streitu og áreiti sem hefur neikvæð áhrif, passa hreyfinguna og mataræði samanber almennar ráðleggingar þar um. Sérstaklega er mikilvægt að fara út í dagsbirtu og stunda líkamsrækt. Sund í hádeginu væri til dæmis alveg kjörin hreyfing fyrir flesta og á þeim tíma sem mestar líkur eru á sólarljósi,“ segir Teitur.

„Nokkrar tegundir af fæðubótarefnum hafa verið nefndar sem geta haft jákvæð áhrif, ómega-3 og melatónín-uppbót getur skipt máli og þá er einnig þekkt að slökun líkt og í jóga, hugleiðslu, nuddi og slíku er áhrifarík leið til að draga úr streitu. Lyf ættu að vera síðasta val, en reynist þau nauðsynleg ætti ekki að forðast þau. Samandregið er þetta vandi sem margir glíma við og eru margar leiðir að því takmarki að geta notið vetrarmánaðanna.“

Doktor.is



**Ingi Ólafsson**
skólastjóri Verslunarskóla Íslands

## Er einhver munur á virkni nemenda þegar skammdegið skellur á?

„Við höfum ekki orðið vör við að skammdegið hafi mikil áhrif á nemendur,“ segir Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskólans. „Það er frekar að nemendur verði þreyttir þegar líður á haustönnina því mikið hefur verið að gera og styttist í jólapróf.“ Ingi segir að hann telji skammdegið ekki vera ástæðu fyrir þreytunni sem herji á nemendur yfir dimmu mánuði ársins. „Ég reikna með að þetta sé þreyta sem hefur ekkert með skammdegið að gera. Það er heldur ekki merkjanlegur munur á mætingu nemenda.“



**Anna Kristín Cartesegna**
sálfræðingur

## Hefur skammdegið áhrif á alla?

„Eðlilegt er að fólk verði vart við breytingar í umhverfi sínu, sérstaklega þegar birtan er eins öfgakennd og raun ber vitni á Íslandi. Stigsmunur er þó á áhrifunum,“ segir Anna Kristín Cartesegna, sálfræðingur. „Mikilvægt er að gera greinarmun á almennu framtaksleysi eins og að langa að sofa aðeins lengur á morgnana, verja meiri tíma innandyra, langa minna að drífa sig í ræktina og á raunverulegu skammdegisþunglyndi. Þeir sem þjást af því finna fyrir vanlíðan flesta daga, mest allan daginn yfir vetrarmánuðina sem getur haft áhrif á marga þætti lífsins.“

Tíðni skammdegisþunglyndis á Íslandi er talsvert lægri en við mætti búast út frá breiddargráðu landsins. Gerður var samanburður á tíðni skammdegisþunglyndis hjá fólki sem býr á Íslandi og á austurströnd Bandaríkjanna. Tíðni Íslendinga er 3,6% en 7,3% í Bandaríkjunum.

„Niðurstöður komu á óvart þar sem talið hefur verið að skortur á birtu sé meginorsök skammdegisþunglyndis. Styrkur Íslendinga virðist byggja á því hversu einangruð þjóðin var í langan tíma. Þá var talið að þeir sem erfðu tilhneigingu til skammdegisþunglyndis væru líklegri til að eiga erfitt með að mynda tengsl við maka og ættu þá minni lífslíkur við erfiðar aðstæður,“ segir Anna Kristín.

„Einnig er talið að þetta fólk hafi líklega átt erfiðara með að umönnun barna sinna en tíðni ungbarnadauða var mun hærri þá en hún er í dag og gæti því hafa átt sér stað náttúruval þar sem þessi styrkleiki til að takast á við ráðandi skilyrði hafi erfst áfram. Sem betur fer geta þeir sem finna fyrir einkennum skammdegisþunglyndis í dag leitað til fagfólks til að fá aðstoð þar sem þekking hefur aukist og úrræðum fjölgað.“




GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS
borgarleikhus.is
Gefðu gjöf sem lifnar við

NÝ HEIMASÍÐA - BILALAND.IS

# VETRARTILBOÐ BÍLALANDS



**Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Vetrardekk fylgja völdum bílum. Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!**

Lykill fjármögnun

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.




SKODA Octavia Combi 4x4 Scout.
Nýskr. 09/12, ekinn 136 þ.km.
dísil, 6 gírar.
**Verð: 1.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.490 þús. kr.




BMW 2 225xe Iperformance.
Nýskr. 01/17, ekinn 17 þ.km.
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð: 4.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 3.790 þús. kr.




RENAULT Megane Sport Tourer.
Nýskr. 10/12, ekinn 116 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 1.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 790 þús. kr.




VW Golf Trendline
Nýskr. 04/16, ekinn 97 þ.km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð: 1.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.490 þús. kr.




RENAULT Clio Sport Tourer
Nýskr. 01/16, ekinn 51 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 2.190 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.590 þús. kr.




PEUGEOT 5008.
Nýskr. 04/16, ekinn 85 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 2.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.290 þús. kr.




NISSAN X-Trail Acenta 4wd.
Nýskr. 06/15, ekinn 51 þ.km.
dísil, 6 gírar.
**Verð: 3.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.990 þús. kr.




TOYOTA Rav4 GX Plus
Nýskr. 06/15, ekinn 111 þ.km.
dísil, 6 gírar.
**Verð: 2.590 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.990 þús. kr.




HYUNDAI I30 Classic
Nýskr. 02/16, ekinn 92 þ.km.
dísil, 6 gírar.
**Verð: 1.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.190 þús. kr.




KIA Sorento ex.
Nýskr. 02/14, ekinn 68 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 3.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 3.290 þús. kr.




DACIA Duster 4x4.
Nýskr. 07/13, ekinn 36 þ.km.
dísil, 6 gírar.
**Verð: 1.290 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 890 þús. kr.




RENAULT Megane Berline Bose
Nýskr. 02/15, ekinn 45 þ.km.
dísil, 6 gírar.
**Verð: 2.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 1.690 þús. kr.




CITROEN C3
Nýskr. 02/15, ekinn 49 þ.km.
bensín, 5 gírar.
**Verð: 1.690 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 990 þús. kr.




HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 05/16, ekinn 91 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð: 3.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
## 2.990 þús. kr.

ENNEMM / SÍA / NM90856

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og**
**á laugardögum frá kl. 12–16.**

bílaland

# TILVERAN

## Vikan

Jón Gnarr virðist hafa fargað plakati með mynd eftir Banksy í kjölfar gagnrýnnar umfjöllunar. Þá er talið að lík tveggja Íslendinga, sem hurfu á göngu í Himalajafjöllum fyrir 30 árum, séu fundin. Myndasöguhöfundurinn frægi Stan Lee lést í vikunni og Hæstiréttur staðfesti að Seðlabanka Íslands væri óheimilt að taka aftur upp mál Samherja.

### Jón losar sig við umdeilt Banksy-plakat

Eftirprentun af verki listamannsins Banksys varð óvænt að einu stærsta fréttamáli vikunnar eftir að Fréttablaðið greindi frá því að verkið, sem áður hékk á borgarstjóraskrifstofu Jóns Gnarrs, væri nú komið upp á vegg á heimili hans. Jón sagðist telja að verkið væri gjöf til hans persónulega en ekki borgarinnar. Strangar reglur gilda um gjafir sem kjörnir fulltrúar mega þiggja. Jón sagði að um ódýrt plakat væri að ræða, en ekki raunverulegt verk eftir Banksy.

**» Svo virðist sem Jón hafi losað sig við plakatið umdeilda.**

Í gær virðist Jón hafa losað sig við verkið umdeilda en hann birti myndir á Twitter-síðu sinni þar sem því hafði verið komið fyrir í flutningabíl. Hluti verksins virðist hafa orðið fyrir skemmdum.





### Lík Þorsteins og Kristins fundin eftir þrjátíu ár

Talið er að lík tveggja íslenskra karlmanna, sem hurfu á göngu í Himalajafjöllum fyrir 30 árum, séu fundin. Mennirnir hurfu sporlaust við klifur á fjallinu Pumo Ri í október árið 1988. Fjallið er í norðausturhluta Nepal, nokkra kílómetra frá Everest. Þeir Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson voru báðir 27 ára þegar þeir lögðu upp í gönguna ásamt tveimur öðrum göngumönnum, þeim Jóni Geirssyni og Stephen Aisthorpe. Hinir síðarnefndu þurftu frá að hverfa vegna veikinda og Þorsteinn og Kristinn héldu tveir af stað í átt að toppnum. Engar frekari upplýsingar hafa fengist um hvarf þeirra fyrr en nú, þrjátíu árum síðar.



### Myndasöguhöfundurinn Stan Lee látinn

Myndasöguhöfundurinn Stan Lee er fallinn frá, 95 ára að aldri. Hann blés lífi í Spider-Man, Iron Man, The Hulk, Capintain America, Thor og fleiri þegar hann starfaði hjá Marvel. Lee hóf feril sinn hjá myndasögurisanum DC-Comics, sem státar af hetjum á borð við Superman, Wonder Woman, Aquaman og Batman. Þegar Lee yfirgaf DC fyrir Marvel gæddi hann hetjur sínar mannlegum breyskleikum og veikleikum. Í því mannlega eðli teiknimyndahetjanna liggur styrkur þeirra og frumforsendа þess að Marvel-bíómyndirnar njóta mun meiri hylli en ofurhetjur DC sem eru hálfguðir.



### Hæstiréttur segir Seðlabankann á villigötum

Hæstiréttur staðfesti að Seðlabanka Íslands var óheimilt að taka upp mál Samherja eftir að sérstakur saksóknari hafði fellt það niður sem sakamál. 15 milljóna króna stjórnvaldssekt sem bankinn lagði á útgerðina var felld niður. Málarekstur Seðlabankans stóð í tæp sjö ár. Seðlabankinn tilkynnti í kjölfarið að hann myndi meta verklag vegna málsmeðferðar innan bankans í tilvikum sem þessum. Bankinn segir að samkvæmt lögum um gjaldeyrismál beri Seðlabankanum að kæra grun um meiriháttar brot til lögreglu en bankinn hafi heimildir til að sekta í öðrum málum.

## Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins













**Glæsileg 3-4 herbergja íbúð á 1. hæð í góðu lyftuhúsi með fallegu útsýni við Löngulínu 32 í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Sérmerkt stæði í bílakjallara fylgir íbúðinni. Alls er íbúðin skráð 138,5 fm og skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottaherbergi, aðalrými með stofu, borðstofu og svölum með fallegu sjávarútsýni. Eigninni fylgir einnig rúmgóður sérpallur. Frábær staðsetning þar sem stutt er í leikskóla, Sjálandsskóla og góðar göngu- og hjólaleiðir.**

## Fólkið á götunni

### Hvert er uppáhaldsorðið þitt í íslensku?



**Margrét Th. Jónsdóttir**
Hnúkaþeyr.
Orðið tengist okkar stórkostlegu náttúru og er í senn rammíslenskt og rómantískt.



**Andrea Bóel Bæringsdóttir**
Knattspyrna.
Ótrúlegt orð sem segir svo margt. Lýsir nánast öllu lífinu.



**Guðrún Ansnes**
Gleðasólskin
óvenjulegar aðstæður og orðið þar af leiðandi svo pakkfullt og gildishlaðið af alls konar gleði. Sérlega fallegt.



**Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir Bachmann**
Jafnvægi. Einfalt, fallegt og veitir mér ró.

# Konukvöld

# PIER

## SMÁRATORGI

## 15. nóvember

frá kl.18-22

Léttar veitingar!

Afsláttur gildir í öllum verslunum!

**40%**

AF JÓLAVÖRUM

**25%**

AF ÖÐRUM VÖRUM

Afsláttur gildir allan daginn!

Beggi & Pacas verða á staðnum!



**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

*Gildir ekki með öðrum tilboðum



Úr lofti sést hvernig Tungná myndar stórbrotið æðakerfi sem minnir helst á abstrakt málverk eða jafnvel kransæðakerfi mannshjartans. Jökulárnar næra þá hjarta landsins. MYND/ÓMB

# Æðakerfið í Tungná

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Tungná kemur undan suðvestanverðum Vatnajökli og rennur tæpa 130 km til vesturs uns hún sameinast Þjórsá við Sporðöngulón. Hún er stærsta þverá Þjórsár og hefur neðri hluti hennar verið virkjaður með uppistöðulónum við Sigöldu og Hrauneyjafoss, en auk þess eru í henni Búðarhálsvirkjun og Sultartangastöð. Nær Vatnajökli og austan við Veiðivötn er Tungná hins vegar óvirkjuð, en þarna eru einhver stórkostlegustu ósnortnu öræfi á Íslandi.

Nái nýlegar tillögur umhverfisráðuneytisins fram að ganga verður svæðið friðað fyrir virkjanaframkvæmdum um ókomna framtíð, enda landslagið stórbrotið og einstakt á heimsvísu. Innan um mosavaxna fjallgarða sem mynduðust við gos undir jökli, dreifir vatnsmikið jökulfljótið sér eftir svörtum jökulsandi, sem við nánari sýn skartar mun fleiri og ljósari litum. Steinsnar frá eru hin vel þekktu Veiðivötn.

Af nálægum fjallstoppum eða úr lofti sést hvernig Tungná myndar stórbrotið æðakerfi sem minnir á abstrakt olíumálverk. Reyndar eru líkindin við kransæðar mannshjarta sláandi, sem á vel við enda jökulárnar eins og kransæðar sem næra hjarta landsins.

Það er auðvelt að komast að ofanverðri Tungná við Veiðivötn eða enn norðar við Jökulheima. Veiðivötn er vert að skoða en þau eru klasi allt að 50 vatna af öllum stærðum á Landmannaafrétti og hafa sum þeirra samgang við Tungná. Mörg eru sprengigígar sem mynduðust í Veiðivatnagosinu árið 1477 en mikil urriða- og bleikjuveiði er í vötnunum.

Austustu vötnin kallast Hraunvötn og liggja næst Tungná við svokallaðan Snjóöldufjallgarð. Þar er þursabergsdrangur sem kallast Tröllið. Að honum er jeppaslóði en með því að ganga á nálæga hryggi sést vel yfir æðakerfi ofanverðrar Tungnár. Um leið sést yfir norðanvert Fjallabak, Veiðivötn og inn að sunnanverðum Vatnajökli.

Þessu má ná í langri dagsferð úr Reykjavík en skemmtilegra er að gefa sér meiri tíma og tilvalið að gista í skála eða tjaldi í Veiðivötnum.





Auðvelt er að komast að ofanverðri Tungná við Veiðivötn og jafnvel enn norðar, við Jökulheima. MYND/ÓMB



Í nágrenni Tungnár eru Veiðivötn sem vel er vert að skoða. Austust Veiðivatna, og næst Tungná, eru Hraunvötn.



Nýlegar tillögur umhverfisráðuneytisins gera ráð fyrir að Tungná verði friðuð fyrir virkjunum. MYND/ÓMB

# KRÓNAN



Sjáðu úrvalið á kronan.is




Förðunartrít fyrir áramótin

**3390** kr. pk.




Revolution jóladagatal
Allt fyrir varirnar

**6090** kr. pk.







Technic jóladagatal, allt fyrir neglurnar

**3590** kr. pk.

Technic baðvöru jóladagatal

**3190** kr. pk.

**Fæst í:**
Bíldshöfða, Flatahrauni, Garðabæ, Grafarholti, Granda, Lindum og Vallakór
**og ...** Akranesi, Mosfellsbæ, Reyðarfirði, Reykjanesbæ, Selfossi og Vestmannaeyjum




Jóladagatal með súkkulaði og lakkrískúlum

**1999** kr. pk.




Osta jóladagatal

**3999** kr. pk.

# Einkaveröldin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Stundum er eins og fólk sem tekur sæti á Alþingi sé ekki fyrr búið að koma sér þar fyrir en það glatar tengingu við veruleikann. Það hrífst svo mjög af hinu nýja lífi þingmannsins að það fer að búa til umgjörð í kringum sjálft sig. Ýmsar aðferðir eru til að gera þá umgjörð stöðugt betri og þægilegri. Ein leið er að fá til sín aðstoðarmenn og fjölga þeim svo jafnt og þétt. Það getur ekki verið annað en uppskrift að fremur þægilegum vinnudegi, allavega vildu örugglega margir vera í þeirri stöðu að geta í starfi sínu kallað til sín sem flesta aðstoðarmenn. Slík hugmynd er einmitt í framkvæmd á Alþingi en þar stendur til að fjölga aðstoðarmönnum þingflokka um sautján.

Allir þingflokkar sjá hag í því að sameinast í þessu brýna hagsmunamáli sínu. Þarna eygja þeir enn eitt tækifærið til að gera vel launað starf þingmanns þægilegra og geta um leið rétt flokksgæðingum hjálparhönd og útvegað þeim gott djobb. Rétt er að hafa í huga að þótt sátt sé um málið á þingi þá er Alþingi nú einu sinni staður þar sem hluti af vinnuskyldu þingmanna felst í því að deila við pólitíska andstæðinga. Þá skiptir ekki höfuðmáli hvort menn hafi mikla sannfæringu um málið sem rifist er um, þeim ber að vera ósammála. Í þessu máli, sem menn eru samt sammála um, tókst að finna ágreiningspunktinn. Nú deila þingmenn um það hvernig eigi að skipta þessum aðstoðarmönnum á milli flokka. Vitanlega vilja allir fá sem flesta vini sína með á jötuna.

Í íslenskum raunveruleika er staðan hins vegar þessi: Það er niðursveifla í þjóðfélaginu. Efnahagsástandið er ekki jafn stöðugt og áður og verðbólga er á uppleið. Fyrirtæki og fólk halda að sér höndum. Skilaboð til almennings frá stjórnvöldum og atvinnurekendum eru að ekki sé möguleg að hækka laun í einhverjum mæli í komandi kjarasamningum. Ítrekað er að góðærinu sé um það bil að ljúka og nú þurfi að sýna aðhald og sparnað.

Eins og svo oft áður er það víst bara almenningur sem á að tileinka sér aðhald og sparnað, ekki þær stéttir sem hafa það verulega gott. Og það er sláttur á alþingismönnum sem sjá enga ástæðu til að ganga á undan með góðu fordæmi. Eftir ríflegar launahækkanir finnst þeim ekki nóg að gert, enn vilja þeir auðvelda sér lífið með ráðningu fleiri aðstoðarmanna. Kostnaður við þetta er ærinn og peningana mætti nota í svo miklu mikilvægari hluti. En það er eins og þingmenn sjái það ekki. Þeir eru blýfastir í þægilegri einkaveröld sinni og er umhugað um að gera hana enn ljúfari.

Ákvörðunin um fjölgun aðstoðarmanna með tilheyrandi kostnaði, sýnir fram á tengslaleysi alþingismanna við almenning í landinu og hversu illa þeir eru færir um að lesa í umhverfi sitt. Það er engu líkara en þeir vilji enn auka bilið á milli sín og almennings. Þeim er umhugað um að gera Alþingi að bákni. Síst af öllu vilja þeir kveðja einkaveröld sína þar sem þeim líður svo fjarska vel.

**Það er sláttur á alþingismönnum sem sjá enga ástæðu til að ganga á undan með góðu fordæmi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Bestur í fýlu**

**Fýlukallinn sem Jón Gnarr er að leika þessa daga er einn allra besti karakter sem hann hefur skapað. Hann nær fullkomlega hinum fúllynda kalli sem komist hefur upp um og orðið hefur að athlægi. Þennan hégómlega en viðkvæma karakter sem Jón er að leika þekkjum við flest. Þennan sem þykist þekkja einhvern frægan eða eiga hlut sem enginn annar á. Þegar upp kemst að allt er í plati og viðkomandi er bara venjulegur eins og við hin, bregst hann við eins og athyglissjúkur fýlupúki. Jón er langbestur í fýlu.**

**Skattskylt rusl**

**Eftir að hafa farið í nokkra hringi með Banksy-verkið sem honum áskotnaðist er Jón Gnarr búinn að henda því á haugana. Þannig að það sem í upphafi var ómetanleg gjöf, hlaðin tilfinningalegu gildi fyrir Jón, endaði sem hræbillegt, útprentað viðhengi í tölvupósti sem var trillað á haugana. Lögmaðurinn Ómar R. Valdimarsson bendir þó á það á Facebook að Jón er ekki endilega laus allra mála með því að henda Banksy í ruslið. „Bara svona til ábendingar fyrir Jón, þá mun förgun verksins ekki forða honum frá skattgreiðslum vegna þess."**

adalheidur@frettabladid.is
thorarinn@frettabladid.is

# Burt með biðlistakerfið



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar

Hvað er það með íslenska heilbrigðiskerfið og biðlista? Hvernig stendur á því að biðlistar eru orðnir eitt helsta einkennismerki heilbrigðiskerfisins okkar sem samkvæmt helstu mælikvörðum er eitt það besta og jafnframt dýrasta í heimi.

Það er óþarfi að fjölyrða hér um biðlista eftir aðgerðum á borð við mjaðmaskipti og hnéskipti sem mikið hefur verið fjallað um að undanförnu og engin raunveruleg skýring fundist á, önnur en sú að veikindi fólks séu þarna einfaldlega fórnarkostnaður í þeirri viðleitni heilbrigðisyfirvalda að ríkisvæða kerfið.

En þetta eru ekki einu biðlistarnir. Við getum til dæmis talað um biðlista hjá geðlæknum og sálfræðingum eða hjá hjartalæknum en þar er nú um tveggja ára bið eftir brennsluaðgerðum vegna hjartsláttartruflana. Það er nær sama hvar drepið er niður. Biðlistar eru málið.

Á sama tíma og ríkisstjórnin leggur fram endurskoðað frumvarp til fjárlaga þar sem fjármagn til uppbyggingar og endurbóta á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða er skorið niður um heilan milljarð berast fréttir af því að þar hafi á einu ári fjölgað um 20% á biðlistum. Það eru sem sagt 20% fleiri aldraðir á biðlista eftir hjúkrunarrými í dag en fyrir ári, eða 411 einstaklingar í lok október síðastliðins samanborið við 342 í októberlok 2017.

Embætti landlæknis lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðunni og þeim áhrifum sem löng bið eftir hjúkrunarrýmum getur haft, bæði á lífsgæði þeirra sem bíða svo og heilbrigðiskerfið. Þær áhyggjur má sannarlega yfirfæra á alla okkar biðlista.

Það þarf að verja tíma og athygli í að greina hvernig við getum nýtt þá fjármuni sem í boði eru á sem hagkvæmastan hátt til að tryggja landsmönnum jafnt og stöðugt aðgengi að heilbrigðisþjónustu án þess að nota biðlista sem helsta stýritæki stjórnvalda.

Það ríkir hér samfélagsleg sátt um að verja mjög stórum hluta útgjalda þjóðarbúsins til heilbrigðismála. Það er engin samfélagsleg sátt um þessa biðlista. Burt með þá!

**Það eru sem sagt 20% fleiri aldraðir á biðlista eftir hjúkrunarrými í dag en fyrir ári.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Afríka: Skyggni ágætt

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík—Afríka er ráðgáta, og gátan er þessi: Hvers vegna hefur sjálfstæðum Afríkuþjóðum ekki gengið betur en raun ber vitni að bjarga sér undan örbirgð og eymd? – því tilefnið er ærið og æpir hástöfum á heimsbyggðina. Sumir halda því fram, þeir eru þó ekki margir, að Afríka sé með einhverju móti ekki til þess fallin að lifa góðu og mannsæmandi lífi, en þeir eru að minni hyggju á rangri braut. Í þessari grein og þrem öðrum ætla ég að gera í grófum dráttum grein fyrir skoðun minni á högum Afríku og framtíðarhorfum þessa mikla meginlands.

**Vagga okkar allra**

En fyrst þetta: Þeir sem halda að Afríkumenn kunni ekki að lifa lífinu lifandi ættu kannski að fara í afrískt leikhús. Þar sá ég og heyrði svo almennan og innilegan fögnuð að ég horfði frekar aftur fyrir mig á fólkið í salnum en á leikarana uppi á sviði. Salurinn var sneisafullur, fólkið sat einnig meðfram veggjunum, þetta var í Lúsöku, höfuðborg Sambíu, slökkviliðið hefði sennilega rutt salinn hefði það verið tiltækt, feður og mæður sátu þarna með sofandi börn í fanginu og ljómuðu af gleði. Og þeir sem halda að Afríku séu allar bjargir bannaðar ættu að villast í afrískri borg því þá mætir þeim óvenjuleg hjálpsemi: Ég hafði misskilið leiðbeiningar þriggja unglingsstelpna í Maserú, höfuðborg háfjallalandsins Lesótó, og villzt af réttri leið og þá komu þær hlaupandi á eftir mér langar leiðir lafmóðar upp brattar brekkur til að leiðrétta misskilninginn.

Þannig er Afríka: Brosandi, hjálpsöm, sólrík, söngvin og venglöð í dagsins önn – og einnig mörkuð af gríðarlegu og djúpu drama, nema hvað. Þangað streyma ferðamenn sem aldrei fyrr. Mörg beztu hótel heimsins eru nú í Afríku. Þar gista að vísu einkum erlendir ferðamenn enn sem komið er, en þarna er mjór vísir að miklum uppgangi enda hefur Afríka upp á margt að bjóða: Geðslegt, gestrisið og glaðvært fólk, náttúrufegurð, forna menningu, milt og gott veður víða, miklar víðáttur og óviðjafnanlegt villidýralíf. Þarna stendur vagga mannsins.

> **Þannig er Afríka: Brosandi, hjálpsöm, sólrík, söngvin og vonglöð í dagsins önn – og einnig mörkuð af gríðarlegu og djúpu drama, nema hvað. Þangað streyma ferðamenn sem aldrei fyrr.**

Elztu mannvistarleifar heimsins liggja í Suður-Afríku.

**Afrísk list**

Og svo þetta: Eitt merkasta framlag Bandaríkjanna til heimsmenningarinnar á öldinni sem leið var djassinn, sköpunarverk bandarískra blökkumanna með Louis Armstrong í broddi fylkingar. Munum einnig hvernig Pablo Picasso fór að því að marka sér afburðastöðu meðal evrópskra myndlistarmanna: Hann fór að vísu aldrei til Afríku, en hann lærði af afrískri list að mála og móta nýja tegund mannamynda í nýstárlegum hlutföllum. Ég hef hitt unga myndhöggvara báðum megin við Sambesí-fljótið sem skilur að Sambíu og Simbabve í sunnanverðri Afríku. Þeir meitla svipríkar, afskekktar andlitsmyndir í tré og stein, myndir eins og þær sem forfeður þeirra hafa meitlað mann fram af manni líkt og Picasso, en þeir höfðu þó hvorki heyrt getið um Picasso né farið yfir ána. Afrísk myndlist vekur æ meiri eftirtekt um allan heim eins og t.d. Afríkudeildin í British Museum í London vitnar um.

**Þykk poka? Þungfær leið?**

Mig langar í þessari greinasyrpu að reyna að útmála ástand Afríku í stuttu máli fyrir lesandanum til að sýna að álfan mikla hefur þrátt fyrir allt tekið ýmsum framförum þótt hún eigi enn að sönnu langt í land. Leiðin frá Íslandi til Afríku og aftur heim er styttri en margir halda. Lífskjör á Íslandi á æskuárum þeirrar kynslóðar sem nú er á miðjum aldri eru svipuð þeim kjörum sem sum stöndugustu Afríkulöndin eins og Máritíus, Botsvana, Suður-Afríka og Namibía búa nú við.

Hvað geta Afríkuþjóðirnar lært af okkur hinum um greiðfærar leiðir að löngu og virðulegu lífi við sómasamleg kjör? Hér verður engum allsherjarlausnum teflt fram, heldur aðeins veikburða bollaleggingum í þeirri von að þær megi verða til að greiða úr þykkri þoku á þungfærri leið. Meira næst.

# Virðing Alþingis – fólk í lífshættu



Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari

Fjölga á aðstoðarmönnum þingflokka á Alþingi um sautján til þess að auka virðingu þingsins, að því er Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, sagði í fréttum á dögunum. Virðing Alþingis hefur aldrei verið minni frá því mælingar hófust, þannig að sannarlega er þörf á að auka virðingu þess. Endurheimt virðingar Alþingis felst hins vegar ekki í því að fjölga aðstoðarmönnum þingflokkanna heldur í því að bæta störf og framkomu alþingismanna sjálfra.

**Fækkun alþingismanna**

Íslendingar eru fámenn þjóð og vafamál hvort við höfum hæfan mannafla og fjármuni til þess að halda uppi svo fjölmennu þingi með 63 alþingismönnum. Sé borinn saman fjöldi þingfulltrúa í Danmörku, Noregi og Svíþjóð ættu alþingismenn á Íslandi að vera 10 talsins og sé litið til Bretlands og breska fulltrúaþingsins ættu alþingismenn á landinu kalda að vera sjö.

Með því að fækka alþingismönnum um helming og hækka laun þeirra um helming mætti gera ráð fyrir að hæfara fólk fengist til þessara mikilvægu starfa. Þannig væri auk þess unnt að spara ríkissjóði yfir tvo milljarða króna í rekstrarútgjöldum á ári. Með fækkuninni væri einnig unnt að hætta við fyrirhugaða skrifstofubyggingu fyrir Alþingi, sem er í burðarliðnum, en í frumathugun Framkvæmdasýslu ríkisins er mælt með því að ráðast í skrifstofubyggingu á Alþingisreitnum. Samkvæmt þarfagreiningu og húsrýmisáætlun er þörf fyrir um 5.000 m² nýbyggingu ásamt um 750 m² bílakjallara – bílakjallara! Stærð alls um 5.750 m². Byggingarkostnaður er áætlaður 2.588 milljónir króna, en þá er ekki tekið tillit til verðbóta og kostnaður vegna skrifstofu- og tækjabúnaðar. Þarna væri því unnt að spara um þrjá milljarða í byggingarkostaði og um einn milljarð á ári í rekstrarkostnað. Alls nemur árlegur rekstrarkostnaður, sem spara mætti með þessum hætti, um þremur milljörðum króna.

**Hjálp við fólk í lífshættu**

Þessu fé – þremur milljörðum króna á ári – væri unnt að verja til þess að afnema með öllu skatta á lágtekjufólki, fólki sem hefur minna en 400 þúsund krónur í mánaðartekjur, og koma til aðstoðar fólki í lífshættu – í lífshættu vegna notkunar áfengis og annarra vímuefna – og leggja einn milljarð til rekstrar meðferðarstofnunar á Vogi. Þannig mætti einnig auka virðingu Alþingis, sem er lífsnauðsyn lítilli menningarþjóð.

> **Þessu fé – þremur milljörðum króna á ári – væri unnt að verja til þess að afnema með öllu skatta á lágtekjufólki, fólki sem hefur minna en 400 þúsund krónur í mánaðartekjur, og koma til aðstoðar fólki í lífshættu.**

SAMTÖK SYKURSJÚKRA

SYKURSÝKI = GOTT LÍF

17. nóv 2018, í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra - á HOTEL REYKJAVIK NATURA

KL. 12:30-16:00, VÖRUKYNNINGAR

ICEPHARMA
MEDOR
HEILSUBORG
INTER MEDICA
SJÖAN SPORTVÖRUR
MEDILYNC
ARTASAN

Kl. 13:00-15:00, MÁLÞING

Stuðningsnet sjúklingafélaganna – Helga Kolbeinsdóttir, félagsráðgjafi
Göngudeild sykursjúkra barna og unglinga – Ragnar Bjarnason, yfirlæknir
Stóra myndin í heilbrigðismálum – Guðmundur Löve, frkvstj SÍBS
Tækni og tækniþróun í meðferð sykursýki – Steinunn Arnardóttir, sérfræðingur á LSH

Kaffiveitingar

HEILSUFARSMÆLINGAR Á VEGUM VERKEFNISINS
„LÍF OG HEILSA“, sem er samstarfsverkefni Samtaka sykursjúkra, SÍBS, Hjartaheilla og Samtaka lungnasjúklinga

# Aldursgreiningar umsækjenda um alþjóðlega vernd



**Lilja Rós Pálsdóttir**
verkefnastjóri á verndarsviði hjá Útlendingastofnun

Í nýlegri grein Jónu Þóreyjar Pétursdóttur, stúdentaráðsliða og oddvita Röskvu, um fyrirhugaðan samning Útlendingastofnunar og Háskóla Íslands um aldursgreiningar, er því haldið fram að við ákvörðun Útlendingastofnunar um hvort einstaklingur fái alþjóðlega vernd hér á landi sé gerð krafa um tiltekinn aldur. Að niðurstaða aldursgreiningar ráði því hvort einstaklingi sé veitt vernd en ekki þörfin fyrir vernd er misskilningur sem víðar hefur borið á í umræðunni.

**Ástæður aldursgreininga**

Rétt á alþjóðlegri vernd sem flóttamenn hér á landi eiga einstaklingar sem sæta ofsóknum í heimalandi sínu eða eiga þar á hættu dauðarefsingu, pyndingar eða ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Engin skilyrði eða kröfur eru gerðar um aldur við ákvörðun um veitingu verndar. Aldur er hins vegar hluti af auðkenni einstaklings og við mat á þörf og rétti umsækjanda um alþjóðlega vernd til tiltekinnar þjónustu er mikilvægt að fyrir liggi hvort umsækjandi sé barn eða fullorðinn.

Börn eiga rétt á stuðningi og aðstoð í samræmi við stöðu sína sem börn, t.d. aðgengi að menntun, aukið aðgengi að heilbrigðisþjónustu umfram fullorðna og eftir atvikum öðrum félagslegum stuðningi og aðstoð. Þá ber að taka tillit til sérstakrar stöðu barna þegar metið er hvort viðkomandi og aðstæður hans uppfylli skilyrði alþjóðlegrar verndar. Hluti af því að tryggja sérstök réttindi barna er jafnframt að tryggja að fullorðnir einstaklingar séu ekki ranglega álitnir börn og vistaðir með börnum.

> **Engin skilyrði eða kröfur eru gerðar um aldur við ákvörðun um veitingu verndar.**

**Heildræn nálgun við ákvörðun aldurs**

Við rannsókn á aldri einstaklings sem sækir um alþjóðlega vernd og kveðst vera fylgdarlaust barn fer fram heildstætt mat á aðstæðum og frásögn viðkomandi af ævi sinni en auk þess má beita líkamsrannsókn til greiningar á aldri. Geti umsækjandi ekki fært sönnur á aldur sinn er til dæmis reynt að varpa ljósi á reynslu umsækjanda á ólíkum aldursskeiðum sem gæti rennt stoðum undir framburð um aldur. Ef grunur leikur á að umsækjandi sem segist vera barn sé lögráða, og ekki er hægt að staðfesta það á óyggjandi hátt, er Útlendingastofnun skylt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir líkamsrannsókn til þess að ákvarða um aldur. Slík rannsókn fer þó einungis fram með upplýstu samþykki umsækjanda.

Líkamsrannsókn til aldursgreiningar felst hér á landi í greiningu á aldri út frá tannþroska. Til að tryggja sem mesta nákvæmni er fjórum mismunandi aðferðum beitt og gefinn upp meðalaldur samkvæmt þeim og staðalfrávik. Er þetta gert til að tryggja að vafi sé metinn umsækjanda í hag og viðkomandi ekki greindur eldri en hann er í raun og veru. Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndunum er aldur einnig greindur út frá þroska tanna en samhliða er þar notast við greiningu á þroska beina. Danir einir greina aldur auk þess út frá kynþroska.

Niðurstaða líkamsrannsóknarinnar er ekki ein og sér lögð til grundvallar við mat á aldri heldur er hún metin í samhengi við önnur atriði málsins svo sem frásögn umsækjanda og fyrirliggjandi gögn. Neiti umsækjandi að gangast undir líkamsrannsókn til aldursgreiningar er aldur viðkomandi metinn á grundvelli trúverðugleika og gagna málsins.

**Áhrif aldurs á málsmeðferð**

Mat á aldri umsækjanda felur ekki í sér afstöðu til umsóknar viðkomandi um alþjóðlega vernd. Við rannsókn á aðstæðum umsækjanda er litið til frásagnar, framlagðra gagna og þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um aðstæður í upprunaríki viðkomandi. Aldur getur ekki verið grundvöllur alþjóðlegrar verndar en hann er einn þeirra þátta sem litið er til við einstaklingsbundið heildarmat á þörf hvers og eins fyrir alþjóðlega vernd. Ef aðstæður umsækjanda falla undir flóttamannahugtakið eða viðbótarvernd fær hann réttarstöðu flóttamanns hér á landi óháð því hvort hann er barn eða fullorðinn.

Útlendingastofnun fagnar því að stúdentaráð Háskóla Íslands láti sig aldursgreiningar umsækjenda um alþjóðlega vernd varða og hvetur ráðið til að kynna sér málið frá öllum hliðum.

# Stóri samráðsfundurinn



**Páll Baldvin Baldvinsson**
formaður Félags leikstjóra á Íslandi og situr í Þjóðleikhúsráði

Í gær fullyrðir mennta- og menningarmálaráðherra í forsíðufrétt Fréttablaðsins að ráðuneyti hennar og starfsmenn hafi átt samráð við ábyrgðaraðila í sviðslistum um drög að sviðslistafrumvarpi sem hún hyggst leggja fram á Alþingi.

Það er ekki satt.

„Stóri samráðsfundurinn“ sem hún kýs að kalla svo var haldinn í ráðuneytinu í janúar og þangað var boðið Ernu Ómarsdóttur, listrænum stjórnanda Íslenska dansflokksins, Steinunni Birnu Ragnarsdóttur, óperustjóra Íslensku óperunnar, Ara Matthíassyni þjóðleikhússtjóra, Birnu Hafstein, forseta Sviðslistasambandsins, og Kolbrúnu Halldórsdóttur, forseta Bandalags íslenskra listamanna, en hún var forfölluð og sat ég fundinn í hennar stað.

Á fundinum sem stóð í eina og hálfa klukkustund kynntu höfundar frumvarpsins, verkefnisstjóri og starfsmaður lögfræðideildar vinnu sína við drögin sem voru þá enn á vinnslustigi. Voru þau ekki send út fyrir fundinn og gestir því ekki átt þess kost að kynna sér þau. Aðspurð sögðu þau drögin ekki til dreifingar og fengu gestir því ekki með sér plaggið frá fundinum til frekari skoðunar.

Starfsmennirnir fóru yfir drögin og höfðu orðið en gestir höfðu fátt fram að færa þó Ari Matthíasson óskaði eftir að sá skilningur sinn væri réttur að starfssvið þjóðleikhússtjóra væri í drögunum fært að lögum um starfsmenn ríkisstofnana og ákvæðum laga um forstöðumenn.

Lýst var vonbrigðum með stöðu óperunnar, ánægju með að Íslenski dansflokkurinn væri kominn í lög og varað við að innan fagfélaga sviðslistafólks yrði litið á kynntar breytingar á stjórnkerfi Þjóðleikhúss gagnrýnisaugum.

Forseti BÍL fékk fáum dögum síðar send drögin og eru afrit þeirra frá janúar því í höndum hagsmunaaðila til samanburðar við það plagg sem kynnt var í samráðsgátt fyrir fáum dögum.

Ósk um að frestur til athugasemda yrði lengdur sem send var ráðherra í síðustu viku var ekki svarað.

Á opnum fundi Sviðslistasambandsins á mánudag upplýsti Ari Matthíason að ráðuneytið hafi ekki leitað til þjóðleikhússtjóra eða þjóðleikhúsráðs um samráð, ekki hefur ráðuneytið leitað til fagfélaga leikara, leikstjóra og annarra sviðslistamanna. Ekki til Sviðslistasambands Íslands, ekki félaga leikskálda eða rithöfunda.

> **Höndin er útrétt, Lilja. Við skulum vinna saman að því að smíða ný lög um sviðslistir til næstu áratuga. Sláðu ekki á útrétta hönd.**

Ráðherra hefur kosið að halda vinnu sinna manna í lokuðum herbergjum ráðuneytis síns.

Á lýðveldistímanum frá 1947 hefur menntamálaráðherra nokkrum sinnum haft forgöngu um breytingar á lögum um Þjóðleikhús og leikstarfsemi en um síðir runnu inn í lagabálk sem nú á að endurskoða. Í hvert sinn sem ráðuneytið hefur hreyft lagabreytingum hafa ráðamenn átt náið samráð við sviðslistafólk. Það gerðist ekki nú og ber að harma.

Nú ber að minnast þess að flokkur ráðherrans átti frá upphafi frumkvæði að stofnun Þjóðleikhúss með



bandalagi Jónasar Jónssonar og Jakobs Möllers.

Flokkurinn hreyfði fyrst breytingum á lögum um Þjóðleikhús að frumkvæði Einars Ágústssonar 1966-7. Vert er að minnast frumvarps Ingvars Gíslasonar í hans tíð sem ráðherra.

Nú gefst ráðherra flokksins kostur á að kasta þessu copy/paste frumvarpi starfsmanna sinna, óska eftir tillögum sviðslistamanna um ný drög. Má byggja þau á lagafrumvarpi sem samstarfsnefnd sviðslistamanna vann 2013.

Ekki er að efa að sviðslistamenn eru reiðubúnir að hlusta á sjónarmið embættismanna, meta þau og greina.

Lög um fjármál ríkisins sem heimta langtímahugsun í rekstri menningarstofnana kalla á að ráðherrann gangi í lið þeirra sem vilja marka framtíðarsýn um hag sviðslistanna í landinu öllum þegnum til gleði og ánægju.

Höndin er útrétt, Lilja. Við skulum vinna saman að því að smíða ný lög um sviðslistir til næstu áratuga. Sláðu ekki á útrétta hönd.



# UNDER ARMOUR DAGAR

## fimmtudag til mánudags

**20% afsláttur** af fatnaði og skóm frá Under Armour*

UNDER ARMOUR®




*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Lokaæfing íslenska liðsins fyrir leikinn gegn Belgíu í Þjóðadeildinni fór fram á keppnisvellinum King Baudouin Stadium í Brussel. NORDICPHOTOS/AFP

# Aldrei upplifað neitt þessu líkt

**Tíu leikmenn eru fjarverandi hjá íslenska landsliðinu sem mætir Belgíu í kvöld. Í gær bættust nafnarnir Birkir Már Sævarsson og Birkir Bjarnason á meiðslalistann. Fyrirliðinn ánægður með að vera kominn aftur.**

**FÓTBOLTI** „Ég hef verið þjálfari í rúmlega 35 ár og aldrei upplifað neitt þessu líkt,“ sagði Erik Hamrén, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta, á blaðamannafundi í gær.

Það er ekki nema von að þeim sænska fallist hendur enda eru tíu leikmenn frá vegna meiðsla hjá íslenska liðinu fyrir leikinn gegn Belgíu í Þjóðadeildinni í kvöld. Í gær bættust Birkir Bjarnason og Birkir Már Sævarsson á meiðslalistann. Fyrir á honum voru Gylfi Þór Sigurðsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Emil Hallfreðsson, Hólmar Örn Eyjólfsson, Jón Daði Böðvarsson, Rúnar Már Sigurjónsson, Björn Bergmann Sigurðarson og Ragnar Sigurðsson. Næstum heilt byrjunarlið er frá og fram undan er leikur gegn ógnarsterkum Belgum; bronsliðinu frá HM í sumar.

„Þetta er risastór áskorun. Þeir eru í efsta sæti heimslistans en við í 36. sæti hans. Ef þú lítur raunsætt á málið ættu þeir að vinna öruggelga. En þetta er fótbolti og stundum kemur litla liðið á óvart. Það er galdurinn við fótboltann,“ sagði Hamrén.

Svíinn stýrir íslenska liðinu í fimmta sinn í kvöld. Uppskeran í fyrstu fjórum leikjunum undir stjórn Hamréns var aðeins eitt jafntefli og þrjú töp, þ. á m. 6-0 tap fyrir Sviss í fyrsta leiknum í Þjóðadeildinni. Meiðsli hafa sett stórt strik í reikninginn hjá íslenska liðinu en Hamrén segir að það sé ekki eina ástæðan fyrir slökum úrslitum. „Við höfum ekki verið nógu góðir,“ sagði Hamrén og benti enn fremur á að andstæðingar Íslands í fyrstu leikjunum undir hans stjórn hefðu verið gríðarsterkir.

Fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson leikur í kvöld sinn fyrsta landsleik frá því á HM.

„Að vera mættur aftur í landsliðið er mér mikilvægt. Að vera í kringum strákana og hópinn og fá þessa tilfinningu. Það er spenna sem fylgir því að spila á móti stórri þjóð,“ sagði Aron Einar á blaðamannafundinum.

Aðspurður sagði Aron Einar að hugsanlega ætti þátttaka Íslands á HM í sumar sinn þátt í þeim miklu meiðslum sem hafa herjað á liðið. „Það er erfitt að útskýra þetta en það getur verið að HM spili inn í. En þetta var ekki svona mikið eftir EM. Þótt margir hafi verið seinir í gang með sínum félagsliðum var ekki jafn mikið um meiðsli og núna,“ sagði fyrirliðinn.

Byrjunarlið Íslands gegn Belgíu gæti verið nokkuð breytt frá síðustu árum. Yngri leikmenn gætu fengið tækifæri og stimplað sig inn fyrir undankeppni EM sem hefst á næsta ári. Meðal þeirra er Arnór Sigurðsson sem er í landsliðinu í fyrsta sinn.

„Við þurfum að búa til leikmenn. Núna er einn 19 ára í hópnum í fyrsta sinn. Hann spilar með CSKA Moskvu í Meistaradeild Evrópu. Við erum með leikmenn sem gætu orðið góðir í framtíðinni,“ sagði Hamrén sem er meðvitaður um að ekki eru allar kynslóðir jafn sterkar hjá jafn fámennri þjóð og Íslendingum.

„Þetta er sveiflukenndara hjá þjóð eins og okkur. Við erum enn með frábæra kynslóð sem heldur vonandi áfram að skila sínu. Svo sjáum við hverjir koma upp en ég er bjartsýnn.“ ingvithor@frettabladid.is

## Skora tæp þrjú mörk að meðaltali í leik

Ísland mætir besta landsliði heims í dag, ef marka má heimslista FIFA. Belgía er á toppi listans enda hefur árangur liðsins undanfarin tvö ár verið frábær.

Belgar töpuðu fyrsta leiknum undir stjórn Roberto Martínez, 0-2 gegn Spánverjum, en hafa aðeins tapað einum af síðustu 30 leikjum sínum. Það var gegn Frökkum í undanúrslitum Heimsmeistaramótsins í Rússlandi. Belgar unnu hina sex leiki sína á HM og enduðu í 3. sæti sem er besti árangur þeirra frá upphafi.

Martínez hefur stýrt Belgum í 31 leik. Belgía hefur unnið 23 af þessum leikjum, gert sex jafntefli og aðeins tapað tveimur. Markatalan er 90-25 og Belgar hafa því skorað 2,9 mörk að meðaltali í leik undir stjórn Martínez.






## FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Sjá má myndir af undirbúningi landsliðsins fyrir leikinn við Belga á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**ÍR - Valur 118-100**

**ÍR:** Justin Martin 45/10 fráköst, Gerald Robinson 29/12 fráköst/5 stoðsendingar, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 24, Hákon Örn Hjálmarsson 12/11 fráköst, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 6, Sæþór Elmar Kjartansson 2.

**Valur:** Kendall Lamont Anthony 28/11 stoðsendingar, Austin Magnus Bracey 25, Aleks Simeonov 17, William Saunders 10, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 9/ 5 fráköst, Gunnar Ingi Harðarson 6, Benedikt Blöndal 3, Illugi Steingrímsson 2.



**Margrét stýrði Breiðabliki í átta deildarleikjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Margrét hættir vegna veikinda

**KÖRFUBOLTI** Breiðablik sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kom að Margrét Sturlaugsdóttir hafi óskað eftir því að hætta störfum sem þjálfari kvennaliðs félagsins í körfubolta vegna veikinda sinna.

Fram kemur í tilkynningunni að hún hafi verið að glíma við erfið veikindi og ætli nú að huga að heilsu sinni í framhaldinu. Ekki liggur fyrir hver tekur við starfinu af Margréti en leit stendur yfir að aðila til þess að stýra liðinu út leiktíðina.

Breiðablik, sem er nýliði í Domino's-deildinni, er stigalaust á botni deildarinnar eftir átta umferðir. Liðið hefur hins vegar leikið vel það sem af er leiktíðar og verið nálægt því í mörgum leikjum að brjóta ísinn með sigri. – hó

## Aron þarf að fara í aðgerð

**FÓTBOLTI** Framherjinn Aron Jóhannsson, sem er á mála hjá Werder Bremen, þarf að gangast undir aðgerð vegna meiðsla sinna og verður fjarri góðu gamni eftir þá aðgerð í þrjá mánuði. Þetta kom fram í færslu á Twitter-síðu félagsins.

Aron hefur ekkert leikið með þýska liðinu á yfirstandandi leiktíð vegna meiðsla sinna, en liðið situr í sjö-unda sæti þýsku efstu deildarinnar með 17 stig eins og sakir standa.

Síðustu ár hafa verið einkar erfið fyrir þennan 28 ára gamla leikmann vegna meiðsla. – hó






Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins, snýr aftur þegar liðið mætur Belgum í dag eftir að hafa verið fjarri góðu gamni vegna meiðsla frá því á HM í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

# Undirbúningur fyrir leikinn gegn Belgum

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir Belgíu ytra í lokaleik sínum í Þjóðadeild UEFA. Ljóst er að við ramman verður reip að draga þar sem íslenska liðið er meiðslum hrjáð og andstæðingurinn í leiknum ógnarsterkur.



Rúrik Gíslason leikur listir sínar með boltann á æfingu liðsins í gær.



Leikmenn íslenska liðsins rölta á síðustu æfinguna fyrir leikinn í dag.



Erik Hamrén, þjálfari íslenska liðsins, spássérar um völlinn og hugsar málin á meðan leikmenn æfa.




Aron Einar einbeittur á svip á blaðamannafundi sem haldinn var í gær.

# Fólk

FIMMTUDAGUR 15. NÓVEMBER 2018

Tíska



Marín Manda Magnúsdóttir stendur um helgina fyrir Geggjuðum fatamarkaði. →4



Álfrún í bol eftir Birki Sveinbjörnsson, með gleraugu úr verslun Cleo Nicci í New York og eyrnalokka frá Brooklyn-píunni Elmu Blint. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Undraheimar tískunnar opinberaðir

Fyrsta íslenska tískukvikmyndahátíðin, Fashion Film Festival, verður haldin í Bíói Paradís í næstu viku. Álfrún Pálmadóttir, textílhönnuður og annar forsprakki hátíðarinnar, segir kvikmyndirnar hvalreka fyrir tískuunnendur. →2

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Framhald af forsíðu ➪

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Hér klæðist Álfrún frægri hönnun eftir Vivienne Westwood; brjóstabol sem hún birti heimsbyggðinni fyrst á áttunda áratugnum. MYNDIR/ SIGTRYGGUR ARI

Okkur langaði að heiðra tískuheiminn og gera honum aðeins hærra undir höfði þar sem engin tískuvika er í farvatninu hér á landi í vetur," segir textílhönnuðurinn Álfrún Pálmadóttir sem stendur fyrir tískukvikmyndahátíðinni, Fashion Film Festival (FFF), í Bíói Paradís í næstu viku.

FFF er hugarfóstur Álfrúnar og Ásu Bríetar Brattaberg, klæðskera og textílhönnuðar.

„Við Ása erum góðar vinkonur en uppgötvuðum okkur til undrunar að hugur okkar beggja dvaldi við tvær nýjar kvikmyndir um tískuheiminn sem okkur bráðlangaði að sjá. Þær voru hins vegar ekki væntanlegar í íslensk kvikmyndahús og því ákváðum við að athuga hvort mikið vesen yrði að fá þær sýndar og slógum í kjölfarið til með fyrstu íslensku tískukvikmyndahátíðina sem geymir fjórar fágætar og áhugaverðar kvikmyndir sem eru hvalreki fyrir unnendur tískuheimsins," upplýsir Álfrún.

## Rýnt í ráðgátur

Myndirnar á tískukvikmyndahátíðinni eru ekki af verri endanum. Sýndar verða fjórar myndir á fjórum dögum og þriðjudaginn 20. nóvember ríður á vaðið heimildarmyndin We Margiela.

„We Margiela er fyrsta innlit heimsbyggðarinnar í dularfulla tískuhúsið Maison Martin Margiela. Það var stofnað af tveimur aðilum en enn er ráðgáta hver annar þeirra er og aðeins til ein ljósmynd sem er mögulega af huldumanninum," upplýsir Álfrún, og meðfram sýningunni verður settur upp hluti endurvinnsluverkefnis þriðja árs nema í fatahönnun sem unnið var í samvinnu við Rauða krossinn á Íslandi.

FFF sýnir myndir sínar klukkan 20 og er aðeins eitt tækifæri til að sjá hverja mynd.

„Næst á hvíta tjaldið verður True Cost sem fjallar um siðferðislegar spurningar innan tískuiðnaðarins. Við það tækifæri stýrir fatahönnuðurinn Ragna Fróðadóttir mikilvægu samtali sem allir, og ekki síst aðilar í tískuheiminum, þurfa að eiga aftur og aftur," segir Álfrún.

Þriðja myndin á FFF er Advanced style, um konur á aldrinum 60 til 90 ára, sem enn hafa gaman af því að klæða sig upp á.

„Allar hafa þær sinn eigin stíl og sýna hvernig klæðnaður er sterkt tjáningarform, burtséð frá háum aldri, því innan tískuheimsins er mikil áhersla á ungdóm og æskudýrkun. Til sýningarinnar höfum við boðið flottum konum sem eru fyrirmyndir okkar af eldri kynslóðinni og hvetjum þær til að koma og njóta myndarinnar með öðrum bíógestum," segir Álfrún og vonast til að sjá sem flesta.

Síðasta myndin á FFF er McQueen, um breska hönnuðinn Alexander McQueen sáluga.

„Þetta er ný mynd sem fer dýpra ofan í manninn og sýnir meðal annars margt áður óséð úr einkalífi hans og persónulegum myndbandsupptökum," útskýrir Álfrún sem hefur haft mikið yndi af því að koma kvikmyndahátíðinni á koppinn. „Við rennum blint í sjóinn, en ef vel gengur gæti hátíðin orðið fastur viðburður."

## Föðurlandið fullkomin flík

Álfrún útskrifaðist úr textílhönnun frá Myndlistaskóla Reykjavíkur í vor.

„Textílhönnuðir læra að vefa og prjóna, að búa til textíl og mynstur í efnin, og leiðir til að skapa áferð í efni sem svo gera fötin í endanum," útskýrir Álfrún sem hefur verið áhugasöm um klæðaburð og fatnað síðan á barnsaldri.

> Fötin skapa mig svo sannarlega og sjálfri finnst mér ég geta séð persónuleika fólks í gegnum flíkurnar.

„Mér finnst undur að sjá hvernig föt eru tjáningarmáti. Ég get ekki svarað því hvort fötin skapi manninn en þau skapa mig svo sannarlega. Ætli það sjáist ekki utan á mér að ég hef gaman af því að klæða mig og sjálfri finnst mér ég geta séð persónuleika fólks í gegnum flíkurnar."

Still Álfrúnar kemur úr ýmsum áttum og fer eftir skapi, líðan og tímabilum.

„Í dag er ég mikið í munstrum og ólíkum áferðum. Ég forðast verslanir með fjöldaframleiddan fatnað en kaupi frekar notuð föt hjá Hjálpræðishernum og í Rauða kross-búðunum. Það snýst um umhverfisvernd en líka það að eiga séns á að kaupa flíkur sem eru manns eigin en ekki allra hinna líka."

Álfrún hefur ekki keypt sér jólakjól síðan 2011.

„Ég á svo mikið af fötum sem ég nýti aftur og aftur og ég losa mig ekki við þau. Þannig á ég eldgamla sparikjóla af ömmu og finnst fallegt að geta klæðst því sem amma valdi sér eða saumaði, en hún saumar enn mikið af fötum, sérstaklega flíkur sem maður fær hvergi annars staðar. Mér finnst ég alltaf vera fín og klæði mig hvern dag með það í huga að vera fallega til fara," segir Álfrún sem er veik fyrir yfirhöfnum og glingri.

„En líka föðurlandi úr ull og helst tveimur. Föðurland er fullkomið fyrirbæri sem hægt er að klæðast undir allt og losna við að verða kalt í leiðinni."

Áhugasamir eru hvattir til að tryggja sér miða sem fyrst, enda hver mynd sýnd aðeins einu sinni. Hægt er að nálgast miða á tix.is og í viðburðum á Facebook.



Álfrún í glæsilegri peysu sem hún prjónaði sjálf og er með fögrum misfellum.






CINZIA ROCCA

HÁGÆÐA ULLARKÁPUR




NÝTT FRÁ GERRY WEBER

GLÆSILEGUR VETRAFATNAÐUR FYRIR ALLA VIÐBURÐI






BERNHARD LAXDAL

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Fjölbreyttur fatamarkaður fimmtán kvenna

Marín Manda Magnúsdóttir er margreynd í því að setja upp fatamarkaði. Hún stendur um helgina fyrir Geggjuðum fatamarkaði þar sem fimmtán konur héðan og þaðan selja ýmsan tískuvarning.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ég er tiltölulega nýbúin að fara gegnum hirslurnar mínar og gefa helling í Rauða krossinn," segir Marín Manda aðspurð um tilurð markaðarins. „En svo eru líka ákveðnar flíkur sem mig langar að fari áfram. Svo ég hóaði saman nokkrum stelpum og komust færri að en vildu og spurði hvort þær væru ekki til í að vera með í fatamarkaði. Þetta eru flottar tískuskvísur sem koma úr ýmsum áttum þannig að þetta verður fjölbreytt og skemmtilegt, bæði nýtt og notað, fylgihlutir og vintage eða eins og nafnið ber með sér Geggjaður fatamarkaður."

Hún segir þær sem koma að markaðinum vera ólíkar týpur. „Sumar ganga bara í merkjavöru og aðrar vilja frekar vintage og stærðirnar eru alveg frá extra small upp í extra large. Við erum allskonar í laginu," segir hún brosandi, „og vonandi kemur alls konar fólk á markaðinn. Ég myndi mæla með því við fólk að mæta snemma því flottustu vörurnar fara fyrst."

Marín Manda á von á því að gera sjálf góð kaup á markaðinum. „Ég er mjög hrædd um að ég fari með fullt af fötum á markaðinn, í þeim tilgangi að það verði aðeins rýmra í fataskápnum og komi svo með fangið fullt af fötum heim aftur, því ég veit að þær eru margar með svo flott föt, hinar stelpurnar," segir hún hlæjandi. „En það er eitt af því skemmtilega við að halda markað, við erum þarna allar til að næla í smá aur en líka til að eignast kannski eitthvað nýtt sem gleður augað."

Marín Manda bjó lengi í Kaupmannahöfn og þar vandist hún því að versla á mörkuðum. „Markaðsferðir voru hluti af helgarplaninu, næla sér í eitthvað nýtt í fataskápinn fyrir lítinn pening, taka krakkana með, fara á rölt og enda á kaffihúsi. Ég held að markaðsstemmingin sé að verða miklu meiri hérna heima og það er gott upp á umhverfið."

**„Ég hef alltaf verið opin fyrir því að finna fjársjóði í því sem er notað en núna eru fleiri farnir að hugsa svona.**

Hún segist einnig hafa fundið nokkra fjársjóði í slíkum ferðum. „Ég hef alltaf verið opin fyrir því að finna fjársjóði í því sem er notað en núna eru fleiri farnir að hugsa svona, að þú þurfir ekki alltaf að borga annan handlegginn til að vera töff, það hvað hluturinn kostar segir ekkert um þinn stíl. Ef þú ert með opin augu og gefur þér tíma til að skoða þá geturðu dottið í lukkupottinn."

Hún segir að á slánni sinni verði ýmislegt áhugavert. „Ég verð með mikið af glingri, pallíettur og pelsa í bland við síðkjóla og eitthvað svoleiðis. Kjörið tækifæri til að fata sig upp fyrir jólahlaðborðið og áramótaveisluna. Af hverju ekki að endurnýta og vera pínulítið umhverfisvæn?"

Geggjaði fatamarkaðurinn er í hjarta miðbæjarins, í Grófinni eitt, beint á móti Fiskifélaginu og bókakaffihúsinu Iðu og hinum megin við götuna frá Borgarbókasafninu. Hann er opinn frá 13-18 bæði laugardag og sunnudag. Hægt er að skoða fleiri myndir af vöruúrvalinu á Facebook-viðburðinum Geggjaður fatamarkaður X.



Marín Manda hefur gaman af mörkuðum, bæði að halda þá og fara á þá.



Bæði verður hægt að fá föt og fylgihluti á Geggjaða fatamarkaðinum.



Skófíklar geta glaðst þar sem nóg verður á boðstólum við þeirra hæfi.



Lítill svartur jakki sem passar við allt.



Á markaðinum kennir ýmissa grasa.








20%
afsláttur
af öllum úlpum!
Gildir fimmtudag 15.11,
föstudag 16.11 og
laugardag 17.11
Sendum
frítt út
á land!
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

UMFÍ
óskar Almannaheillum til hamingju með 10 ára afmælið
Saman erum við sterkari
www.umfi.is


Kjóll kr. 10.900.-
Kjóll kr. 10.900.-
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku menningu, heilsu og margt fleira.
Fylgstu með á frettabladid.is/lifid

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Heba í skinnkápunni yndislegu sem hún fékk frá mágkonu sinni og er í sérstöku uppáhaldi. MYND/STEFÁN

# Tímalaus stíll

**Heba Eir Kjeld er sjálfstætt starfandi dansari og starfar nú sem danshöfundur og framkvæmdastjóri leikhópsins Stertabendu sem frumsýndi verkið Imsomniu í vikunni.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

*Spáir þú mikið í tísku?*
Ég hef gaman af því að fylgjast með nýjustu tísku en læt hana ekki hafa of mikil áhrif á mig í fatavali.

*Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*
Ætli ég myndi ekki segja að hann væri frekar klassískur og tímalaus, legg mikið upp úr vönduðum fötum, þægindum og gæðum.

*Hvar kaupir þú fötin þín?*
Ég kaupi mest föt erlendis t.d. í & Other Stories og COS, enda oftast á því að kaupa í litlum búðum sem ég finn á röltinu. Hér heima kaupi mest föt í Geysi og Gloriu.

*Eyðir þú miklu í föt?*
Ekki að staðaldri, kaupi frekar sjaldan föt og eyði þá kannski meira í þau skipti.

*Hver er uppáhaldsflíkin þín?*
Mér finnst alveg sjúklega erfitt að gera upp á milli. Mér þykir nefnilega óendanlega vænt um margar flíkur og mikið af fötunum mínum almennt, yndisleg skinnkápa frá mágkonu minni er í mjög sérstöku uppáhaldi.

> **Ég nota mikið hálsmen og hringa en í rauninni bara skart sem hefur einhverja persónulega þýðingu fyrir mig.**

*Áttu þér einhvern uppáhaldshönnuð?*
Ég get ekki beint sagt að ég eigi mér uppáhaldshönnuð en merkin Forte forte, Humanoid og Ganni eru uppáhalds.

*Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?*
Ilmvatnið mitt frá Diptyque, svo er ég mjög veik fyrir hvers kyns skófatnaði.

*Notar þú fylgihluti?*
Já, ég nota mikið hálsmen og hringa en í rauninni bara skart sem hefur einhverja persónulega þýðingu fyrir mig, annars ekki. Ég er alltaf með kasmírsjal sem maðurinn minn gaf mér eða eitthvað mjúkt um hálsinn. Er líka aðeins að prófa mig áfram með hatta, ég er samt með svo stórt höfuð að það er þrautin þyngri að finna hatt sem passar!

*Áttu þér tískufyrirmynd?*
Ekki beint, en fólkið í kringum mig veitir mér innblástur.

*Hvað er fram undan?*
Í gær frumsýndi leikhópurinn Stertabenda verkið Insomniu sem ég hef verið að vinna að sem danshöfundur og framkvæmdastjóri seinustu vikur. Brjálæðislega skemmtilegt ferli og enn þá betri sýning sem ég mæli heilshugar með. Um helgina ætla ég að slaka á með manninum mínum hjá yndislegum vinum í Kaupmannahöfn. Svo hefst ný og spennandi törn með frábæru teymi í skipulagningu á Norræna danstvíæringnum Ísheit Reykjavík sem haldinn verður um miðjan desember.

# BÓNUS

2,3kg í kassa



**698** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
Spánn, 2,3 kg



**359** kr. 5 m

**Rex Gjafapappír**
Brúnn, 5 m

5m

**498** kr. 5 m

**Koop Gjafapappír**
Silfur/gull, 5 m

# Gjafakort Bónus




## Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

**Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus**

Verð gildir til og með **18. nóvember** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**MAGNKAUP**
Betra verð

**4x2 l**

Aðeins **150** kr. flaskan

**598** kr. 4x2 l

**Egils Kristall kippa**
4 x 2 l, 3 tegundir

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

BÓNUS ALLRA LANDSMANNA

# VÍKING BRUGGHÚS




**95** kr. 500 ml

**Víking Léttöl 2,25%**
500 ml




**95** kr. 500 ml

**Víking Malt**
500 ml




**95** kr. 500 ml

**Víking Hátíðarblanda**
500 ml




**1.398**
kr. kg

**SS Lambalæri**
Krydduð, haustslátrun 2018

Norðlenskt
**KOFAREYKT**
hangikjöt




**1.995**
kr. kg

**KF Hangiframpartur**
Kofareyktur, úrbeinaður

**2.995**
kr. kg

**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, úrbeinað

STJÖRNU GRÍS

ÚR LÆRI



**998**
kr. kg

**Stjörnugrís Bayonneskinka**
Nýreykt, úr læri

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**259**
kr. 80 g

**Abba Kavíar**
80 g, 3 tegundir




**259**
kr. 220 g

**Abba Síld**
220-240 g, 4 tegundir

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




Aðeins **50**kr. bollan

**198**
kr. pk.

**Lífskorn Heilkornabollur**
Tröllahafrar og chia-fræ, 4 stk.

# PRÓTEINBRAUÐ

Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g




**398**
kr. 420 g

**Bónus Próteinbrauð**
420 g

# HOLLT OG GOTT Í BÓNUS




**1.998**
kr. glasið

**Prógastró**
DDS Plús, 60 hylki




ÍSLENSK framleiðsla

**2.998**
kr. glasið

**Protis Kollagen**
120 hylki

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# SPORT 24

## Opnar verslun á Íslandi




# 24% opnunarafsláttur

# og frábær opnunartilboð

**Opnunartími**
Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

**NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN**

Fylgdu okkur á facebook

**Aðalfundur**
ADHD samtakanna

Verður haldinn þriðjudaginn 27. nóvember 2018, kl. 20:00, að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Sjá nánar á adhd.is

Allir velkomnir – kaffiveitingar í boði.

Stjórn ADHD samtakanna.

30 ára 1988 – 2018 ADHD samtökin

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA



Þökkum alla velvild og stuðning. Allt uppbyggingar- og þróunarstarf félagsins hefur byggst á velvild almennings en það hefur skipt gríðarlegu máli og gert félaginu kleift að skapa þá umgjörð sem það starfar við í dag.

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA

**Eru lungun þín í lagi?**

Samtök lungnasjúklinga vinna að velferðar og hagsmunamálum lungnasjúklinga.
Samtökin gefa út eitt fréttabréf á ári og bækling um lungnasjúkdóma.

Samtökin halda uppi öflugu félagstarfi á veturnar sem er sambland af fræðslu og gleði.

Dagskrána má finna á heimasíðunni okkar **www.lungu.is** og á facebook síðunni okkar.

Skrifstofan okkar er í Síðumúla 6 og er opin alla mánudaga frá klukkan 12-15.
Við svörum í símann alla daga 560-4812

Þú finnur draumastarfið á Job.is

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU



Á Singles' Day í ár seldist Rolex úr fyrir rúmlega 48 milljónir króna í netversluninni Secoo.

# Lúxus seldur á Singles' Day

**Fram til þessa hafa lúxusvörumerki talið sig yfir Singles' Day hafin, en í ár tóku mörg af fínustu merkjunum þátt í stærsta netsöludegi ársins með góðum árangri.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is



Ýmis vestræn lúxusmerki tóku þátt í Singles' Day útsölunum í fyrsta sinn síðasta sunnudag. Hingað til hafa lúxusmerkin litið niður á þennan útsöludag og mörg hver hafa almennt verið hikandi við mikla sölu á netinu, en þátttakan skilaði gríðarlegri sölu, svo gera má ráð fyrir að þessu verði haldið áfram. Þetta kom fram í úttekt Jing Daily, sem fjallar um lúxusvörumarkaðinn í Kína.

Á Singles' Day í ár seldist Rolex úr fyrir rúmlega 48 milljónir króna og Hermès Birkin taska fyrir rúmlega átta og hálfa milljón í netversluninni Secoo. Þessar tvær sölur hefðu verið alveg óhugsandi fyrir nokkrum árum og sýna að vörumerkin, heildsalar og neytendur hafa mótað ný viðhorf varðandi netverslun og Singles' Day sérstaklega.

Dagurinn Singles' Day var í raun fundinn upp af netverslunarrisanum Alibaba Group fyrir áratug en síðan hafa ýmsar netverslanir slegist í hópinn og í dag er netsalan á þessum degi meiri en á nokkrum öðrum degi.

Árum saman hafa lúxusvörumerki sleppt því að taka þátt í Singles' Day, sem hefur ekki verið talinn sérlega fínn, þar sem dagurinn snýst fyrst og fremst um að hvetja Kínverja til að auka neyslu sína með alls kyns tilboðum. Lúxusmerki leggja aftur á móti yfirleitt áherslu á að vörur þeirra séu fágætar og eftirsóttar og það var því ekki talið gott fyrir ímynd lúxusmerkja að tengjast þessum tilboðsdegi. En eftir því sem Singles' Day hefur orðið fágaðri og salan á lúxusvörum í Kína hefur blómstrað hefur nálgun lúxusmerkjanna breyst verulega.

Í ár buðu nokkur fræg lúxusmerki upp á sérstakar vörur og tilboð á Singles' Day. Breska lúxusmerkið Burberry seldi til dæmis ullartrefil sem var í takmörkuðu upplagi á 82 þúsund krónur í Tmall netversluninni. Treflarnir seldust upp á fyrsta degi forsölunnar. Versace seldi hettupeysu í sömu vefverslun sem kostaði 50 þúsund krónur. Franska lúxusmerkið Chanel, sem hefur verið snobbað þegar kemur að netverslun, var með sérstakt söluátak daginn fyrir Singles' Day og mörg önnur vestræn merki, eins og Yves Saint Laurent, Lancôme, Armani og Cle de Peau tóku líka þátt. Fjöldi kínverskra netverslana selur nú líka alls kyns vestrænar lúxusvörur og þátttaka þessara verslana gerði það að verkum að fleiri vestræn lúxusmerki voru hluti af Singles' Day.

Alibaba, aðalnetverslun Alibaba Group, hélt svo að vanda risastóra tískusýningu í höfuðstöðvum sínum á Singles' Day sem var streymt beint á netinu. Þar voru vörur ýmissa lúxusmerkja kynntar, svo sem Ralph Lauren, Burberry, Furla, Moschino og Tiffany & Co.

Merkin líta ekki lengur svo á að Singles' Day snúist bara um mikla sölu, heldur sjá þau hann sem tækifæri til að auka áhuga á merkinu og meðvitund um það, sem og að auka sölu og hollustu við merkin. Singles' Day heldur því áfram að sækja í sig veðrið með hverju árinu og það er ekki líklegt að veltan minnki núna þegar lúxusmerkin eru líka farin að taka þátt.



**Starfsfólki Alibaba leiðist ekki velgengni Singles' Day, en fyrirtækið fann upp þennan mikla nettilboðsdag sem verður sífellt stærri.** MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY




Burberry er eitt þeirra lúxusmerkja sem eru farin að taka þátt í Singles' Day og í ár framleiddi fyrirtækið sérstaka trefla í takmörkuðu upplagi í tilefni dagsins.

SHIMANO

RolfPRIMA

TRI

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi







LOUISGARNEAU

ParkTool

Tacx

STAGES

# #becube #triverslun



*RFR Power Ljósasett
Verð: 3.890kr

DT SWISS

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík



*CUBE HPA 2000
Verð: 35.990kr

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

## Bílar & Farartæki

### Viðgerðir




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Keypt & Selt

### Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Góð negld vetrardekk til sölu á 14" felgum. Lítið notuð. Uppl s:661-4292

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Atvinna

### Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is




## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Sumarbústaðir



Til sölu stöðuhýsi Árgerð 2017, lítið notað hús. Rafmagnskynding og fullt fleira. Til sýnis í Víkurhvarfi 6 Allir upplýsingar í síma 557-7720




# TIL LEIGU

**NÝBÝLAVEGUR 6**

# Nýbýlavegur – Verslunarhúsnæði til leigu



**Til leigu verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6:**

1. hæð, allt að 500 fm
2. hæð. allt 700 fm, með aðgangi af Nýbýlavegi og Dalbrekku

**Húsnæðið getur verið laust með skömmum fyrirvara.**

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG
NÝBÝLAVEGI 8
200 KÓPAVOGUR
LUNDURFASTEIGNIR.IS

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
HAFSTEINN@LUNDURFASTEIGNIR.IS

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG

# TIL LEIGU

# Þrastalundur

## PERLA SUÐURLANDS

**Af sérstökum ástæðum er til sölu veitingastaðurinn Þrastalundur.
Auðveld kaup og sanngjörn árangurstengd leiga.**











Þrastalundur er veitingahús staðsett á einum fallegasta stað Íslands, nánar tiltekið við Sogið í Grímsnesi. Umhverfis veitingastaðinn eru fallegar gönguleiðir um Þrastaskóg. Akstur frá Reykjavík tekur eingöngu um 36 mínútur. Í Þrastalundi bjóðum við upp á ljúffengan morgunmat, rómaðan brunch og eldbakaðar pizzur. Auk þess má finna á matseðlinum hið heimsfræga Þrastalundarsalat, fisk- og kjötrétti og íslenska kjötsúpu. Að sjálfssögðu erum við einnig með fjölbreyttan barnamatseðil. Á staðnum er einnig lítil og hugguleg sveitaverslun þar sem fást ýmsar nauðsynjavörur eins og mjólk, egg, rjómi og Hunangs-Cheerios. Þar fæst einnig nýbakað brauð, sætabrauð og að sjálfssögðu ís.

**Vinsælt er að stoppa í Þrastalundi í sunnudagsbíltúrnum eða á leið í sumarbústaðinn.**

**ÞRASTALUNDUR**

**Nánari upplýsingar gefur Sverrir í síma**

**661 7000**

## Fasteignir









Glæsilegt einbýlishús á þessum vinsæla stað við Tjörnina og Hljómskálagarðinn í Reykjavík.

Húsið skiptist í tvær hæðir, kjallara, ris og bílskúr.

Sérinngangur er í íbúð í kjallara.

Bílskúr hefur verið breytt í litla íbúð.

Stór lóð sem snýr í suð-vestur fylgir eigninni.

Eignin er til afhendingar við kaupsamning.



Nánari upplýsingar veitir:
**Þröstur Þórhallsson,** lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is **sími:** 897 0634

Verð :
**210,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## Atvinna


Þú finnur draumastarfið á
Job.is


Heilbrigðisþjónusta


Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is





Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

Landmark leiðir þig heim!
LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is






**OPIÐ HÚS FIMMTUDAG 15.NÓV KL.12:00-12:30**

- Glæsilegt og vel skipulagt 204 fm parhús á tveim hæðum á útsýnisstað.
- Verulega veglegt eldhús með vönduðum innréttingum og tækjum.
- Í eldhúsi er granít-steinn í borðplötum, vandaður ísskápur og uppþvottavél sem mögulegt er að fá með í kaupum.
- Vandaður frágangur á allri eigninni, HTH-innréttingar, aukin lofthæð á efri hæð.
- Rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi innaf.
- Útsýnis-svalir og mjög vel frágengin og afgirt lóð.

**EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING.**

**MÖGULEGT AÐ YFIRTAKA CA. 50 MILLJÓNA KRÓNA LÁN.**

**Verð kr. 86.9 millj.**

**Sveinn s. 6900.820**


**GARÐUR OG SANDGERÐI**

### Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 Íbúðarsvæði sunnan Sandgerðisvegar

Bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðis samþykkti á fundi sínum 3. oktober 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
Breytingin felst í að skipulagssvæði sem er skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB 10 í núverandi skipulagi og er syðsti hluti þéttbýlisins, er stækkað um 2 ha. og íbúðum fjölgað úr 275 í allt að 400.
Breytingartillagan, ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu verða til sýnis á bæjarskrifstofunni í Sandgerði, Vörðunni, Miðnestorgi 3, frá og með fimmtudeginum 15. nóvember n.k. til föstudagsins 28. desember 2018 og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.gardurogsandgerdi.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til föstudagsins 28. desember 2018.

Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa með tölvupósti á jonben@sandgerdi.is, eða á bæjarskrifstofuna í Garði, b.t. skipulagsfulltrúa, Sunnubraut 4, 250 Garður.

### Tillaga að deiliskipulagi í Sandgerði Íbúðarsvæði sunnan Sandgerðisvegar

Bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðis samþykkti á fundi sínum 3. oktober 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðabyggðar sunnan Sandgerðisvegar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Tillagan er skilgreind sem íbúðarbyggð ÍB 10 í núverandi aðalskipulagi og er syðsti hluti þéttbýlisins í Sandgerði, alls u.þ.b. 32,5 ha. Íbúðir geta orðið allt að 400 talsins á svæðinu þar sem um blandaða byggð einbýlis-, par-, rað-, og fjölbýlishúsa verður að ræða. Gert er ráð fyrir nýjum leikskóla á svæðinu ásamt opnum leiksvæðum. Skipulagið hefur verið lagað eins og kostur er að þeim fornminjum sem þarna eru þekktar og skráðar.
Tillagan, ásamt greinargerð, skilmálum og forsendum verða til sýnis á bæjarskrifstofunni í Sandgerði, Vörðunni, Miðnestorgi 3, frá og með fimmtudeginum 15. nóvember n.k. til föstudagsins 28. desember 2018. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.gardurogsandgerdi.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við Tillöguna til föstudagsins 28. desember 2018.

Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa með tölvupósti á jonben@sandgerdi.is, eða á bæjarskrifstofuna í Garði, b.t. skipulagsfulltrúa, Sunnubraut 4, 250 Garður.

*Virðingarfyllst,*
*Jón Ben. Einarsson, skipulagsfulltrúi*

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

EYJALIND **Startarar og Alternatorar**

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bílvogur eh/f
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran fyrir veturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# BYRJAÐU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!




• Þú sækir appið frítt í App Store eða Google Play.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt! Download on the App Store GET IT ON Google Play



✝

Elskuleg eiginkona mín,
móðir okkar og amma,

**Ingileif Emilsdóttir**
Ospenesvegen 5,
6092 Fosnavåg / Noregi,

lést föstudaginn 2. nóvember. Útför hennar fer fram frá Herøy kirkju Fosnavåg fimmtudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Snorri Eyjólfsson**
**Kristin S. Tysse** **Pawel Tysse**
**Brynjólfur Snorrason**
**Anton Ingi Snorrason**
**og barnabörn.**



✝

Kæri faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Richard Kristjánsson**
Boðaþingi 24,

andaðist á Landspítalanum miðvikudaginn 7. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Seljakirkju í Reykjavík fimmtudaginn 15. nóvember klukkan 15. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Guðrún Richardsdóttir** **Gunnar Brynjólfsson**
**Árný Richardsdóttir** **Ívar Atlason**
**Gísli Richardsson**
**Vignir Richardsson**
**Frosti Richardsson** **Auður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Rafnar Hjálmarsson**
fv. fræðslustjóri,
Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 10. nóvember. Útförin fer fram frá Neskirkju mánudaginn 19. nóvember klukkan 13.

**Guðrún Ó. Hjörleifsdóttir**
**Halldóra, Hjálmar Andrés, Hjörleifur Rafn,**
**Oddný Sigurrós, Guðrún Helga,**
**tengdasynir, barnabörn og langafabarn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn og
besti vinur, faðir okkar, sonur,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Rafns Antonsson**
byggingatæknifræðingur,
Jakaseli 20, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar 7. nóvember. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 19. nóvember kl. 11.00.

**Guðrún Clausen**
**Sólveig Andrea Jónsdóttir** **Hilmir Víglundsson**
**Svava Hróðný Jónsdóttir** **Stefán Jónsson**
**Guðrún Andrea Sólveigardóttir** **Þorbjörn Þór Sigurðarson**
**Svava Jónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



✝

**Ingibjörg Bjarnadóttir**
(Stúlla)
fædd 11. desember 1950
dáin 4. nóvember 2018.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma lést í faðmi fjölskyldu sinnar á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 4. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 13.30.

**Freysteinn Gíslason** **Ingibjörg D. Matthíasdóttir**
**Bjarni Gíslason** **Sigmar Ingi Gíslason**
**Dagmar Heiðdís Jóhannsdóttir**
**og barnabörn.**



**„Við minnumst Heimis á jákvæðan hátt með því að stofna sjóð með tónleikunum í Reykholti," segir Jónína Erna**

# Stofna sjóð til minningar um fjölhæfan listamann

**Tónleikar til fjáröflunar fyrir sjóð sem stofnaður er til minningar um tónlistarmanninn Heimi Klemenzson verða haldnir í Reykholtskirkju annað kvöld, föstudag. Sjóðnum er ætlað að styðja fjárhagslega við bakið á ungu og efnilegu tónlistarfólki í Borgarfirði.**

Við erum mörg sem ætlum að koma fram á tónleikum í Reykholtskirkju annað kvöld og gefa vinnuna okkar því aðgangseyririnn á að ganga í nýjan sjóð sem stofnaður hefur verið til að vera ungu borgfirsku tónlistarfólki bakhjarl. Með því viljum við heiðra minningu Heimis Klemenzsonar frá Dýrastöðum í Norðurárdal sem lést með sviplegum hætti fyrr á þessu ári," segir Jónína Erna Arnardóttir, skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi, áður kennari við Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Hún kveðst hafa þekkt Heimi vel. „Heimir var nemandi minn frá því hann var sjö, átta ára, þegar hann byrjaði að læra á píanó í Varmalandsskóla. Hann var strax efnilegur og útskrifaðist með framhaldsstig 2013, og hélt þá glæsilega tónleika. Einstaka sinnum leysti hann mig líka af í píanókennslunni. Hann fór svo í í FÍH í rytmískt píanónám og var í kennaranámi þegar hann lést. Hann og kærastan hans Iðunn bjuggu um tíma á Snæfellsnesinu en voru flutt í Borgarnes og búin að eignast litla dóttur."

Heimir lét til sín taka á tónlistarsviðinu með margvíslegum hætti, að sögn Jónínu. Var meðleikari hjá karlakórnum Söngbræðrum og vann með öðrum tónlistarmönnum, gaf út sólóplötu og var aktívur bæði í að spila og semja. „Það kom snemma í ljós að hann gat samið, það gerði hann oft hjá mér og spilaði frumsamin verk á öllum þremur áfangaprófunum," segir Jónína. „Hann var með nemendakór á Hvanneyri og hoppaði inn í starf organista í Stafholti, þegar með þurfti. Var bara mjög fjölhæfur tónlistarmaður sem dýrmætt var að eiga að og það varð sannarlega skarð fyrir skildi við fráfall hans.

Við minnumst Heimis á jákvæðan hátt með því að stofna sjóð með tónleikunum í Reykholti á morgun. Þannig verður mögulegt að styrkja tónlistarfólk á Borgarfjarðarsvæðinu og því er miðaverð kannski svolítið hærra en fólk á að venjast. Flestir sem koma fram unnu með Heimi eða tengjast fjölskyldu hans á einhvern hátt," segir Jónína. „Við erum líka búin að stofna fésbókarsíðu, hún heitir einfaldlega Minningarsjóður Heimis Klemenzsonar."

Kirkjan verður opnuð klukkan 20 en tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. Miðaverð fyrir fullorðna er 4.000 krónur og 1.000 fyrir 16 ára og yngri.

**gun@frettabladid.is**

## Flytjendur á tónleikunum eru

Karlakórinn Söngbræður
Soffía Björg
Emma Eyþórsdóttir
Agnes Björgvinsdóttir
Heiðmar og Jakob
Borgarfjarðardætur
Halli Reynis
Eyrún og Tinna
Viðar og Barbara
Ásta Marý
Uppsveitin
Jónína Erna



**Heimir, Jónína og Birgir Þórisson sem er núverandi meðleikari Söngbræðra.**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurpáll Árnason**
kaupmaður og bóndi
frá Lundi í Varmahlíð,

lést að hjúkrunarheimilinu Boðaþingi þann 12. nóvember 2018. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju, mánudaginn 19. nóvember kl. 13.00.

**Kristján Páll Sigurpálsson** **Sigríður Halldórsdóttir**
**Sigurbjörg Sigurpálsdóttir** **Sigvaldi Þorgilsson**
**Kolbrún Sigurpálsdóttir** **Freysteinn Sigurðsson**
**Sigurlaug Sigurpálsdóttir** **Sigurjón P. Stefánsson**
**Árni Baldvin Sigurpálsson** **Harpa Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Hulda Pálmadóttir**
fyrrverandi læknaritari,
Engjavegi 14, Ísafirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eyri, 30. október sl. Útför hennar verður gerð frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 17. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á fræðslusjóð Eyrar, 156-15-380134, kt. 650914-0740.

**Jón Páll Halldórsson**
**Halldór Jónsson jr.** **María Guðnadóttir**
**Guðfinna Jónsdóttir** **Halldór Jakob Árnason**
**Pálmi Kristinn Jónsson** **Jóhanna Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Nýtt

# ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU?

## Strefen®

**Bólgueyðandi** og **verkjastillandi**
munnúði við særindum í hálsi






Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

NA 13-18 m/s en snýst í suðlæga átt er líður á daginn, fyrst SA-lands. Slydda eða rigning, en snjókoma til fjalla, einkum á austanverðu landinu. Hiti kringum frostmark, mildast við ströndina SA-lands.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | -0° |
| ←8 | ←7 | ↗1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 4° | -2° |
| ↗4 | ↙8 | ↗3 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 9° |
| ↖8 | ↑6 | ↑2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 9° | 3° |
| ↖10 | ↖11 | ↖19 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. fótmál
5. kk nafn
6. reyndar
8. krydd
10. í röð
11. mjög
12. ávöxtur
13. hluta
15. ásjóna
17. dingla

**LÓÐRÉTT**
1. samþýða
2. drykkjarílát
3. stígandi
4. fell
7. útskýra
9. spilaþraut
12. lyktir
14. sár
16. rómversk tala

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | █ |
| 5 | | | █ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | █ | 11 | | |
| | █ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | █ | |
| 15 | | | | 16 | |
| █ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** skref, 5. ari, **6.** jú, **8.** múskat, **10.** rs, **11.** all, **12.** epli, **13.** muna, **15.** andlit, **17.** dilla.
**LÓÐRÉTT: 1.** samrýma, **2.** krús, **3.** ris, **4.** fjall, **7.** útlista, **9.** kapall, **12.** endi, **14.** und, **16.** il.

## Skák Gunnar Björnsson

Halldór Brynjar Halldórsson (2.262), Skákfélagi Akureyrar, átti leik gegn Björgvini Víglundssyni (2.107), Taflfélagi Reykjavíkur, á Íslandsmóti skákfélaga.

**21. f5! Hxe1+** (21. ... Bxf5 22. Bxf7+, 21. ... Dxf5 22. Dxf5 Bxf5 23. Bxd6). **22. Hxe1 Bxg3 23. fxg6! Bxe1 24. gxf7+ Kh8 25. Dxe1 Hf8 26. De8! Dd8 27. Dxd8 Hxd8 28. Re6 1-0.** Skákdeild Hauka og b-sveit Skákfélags Akureyrar eru í forystu í afar jafnri 2. deild.
**www.skak.is:** Fimmta skák heimsmeistaraeinvígisins í dag.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Þakkargjörðarhátíðin er handan við hornið



**Kalkúnn**
Erlendur - frosinn
**1.198** KR/KG



-20%
ÍSFUGL
**Kalkúnaskip**
Með frönskum kryddjurtum
**2.991** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.739 KR/KG



ÍSFUGL
-20%
**Kalkúnabringa**
Döðlufyllt
**3.559** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.449 KR/KG



-20%
ÍSFUGL
**Kalkúnabringa**
Fersk
**3.199** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.999 KR/KG



-20%
ÍSFUGL
**Kalkúnastrimlar**
Lúxus
**2.063** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.579 KR/KG



**Íslenskur kalkúnn**
Heill - frosinn
**1.598** KR/KG



GOTT MEÐ KALKÚNINUM
-20%
**Sætkartöflumús**
Með salthnetum
**398** KR/STK
**ÁÐUR:** 498 KR/STK



-25%
**Nauta innralæri**
**2.999** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.998 KR/KG

**Perur**
**149** KR/KG
**ÁÐUR:** 298 KR/KG
-50%





-25%
**Celebrations**
650GR - dós
**1.499** KR/STK
**ÁÐUR:** 1.998 KR/STK

netto
**Lægra verð - léttari innkaup**



**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**

**Tilboðin gilda 15.- 18. nóvember 2018**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## HYUNDAI KONA ELECTRIC

- RAFMAGNSMÓTORAR
- 204 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF
- 64 KWH RAFHLÖÐUR

**Eyðsla frá:** 0,01 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 0 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,6 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 167 km/klst.
**Verð frá:** 5.190.000 m.kr.
**Umboð:** BL

Kostir:
- Aksturseiginleikar
- Afl
- Drægi
- Verð

Gallar:
- Ytra útlit
- Ekki mikið farangursrými


Það setur skemmtilegan stíl á bílinn að í boði eru þrír þaklitir og sjö litir á ytra byrði, eða alls 21 litamöguleiki og hver og einn ætti því að geta fundið sína draumalitaútfærslu.

# Tímamótarafmagnsbíll

Með Hyundai Kona Electric er loks kominn langdrægur rafmagnsbíll á verði fyrir almenning. Er afar öflugur bíll með frábæra aksturseiginleika og einkar vel búinn.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Fyrstu eintökin af rafmagnsbílnum Hyundai Kona Electric eru komin til landsins og má víst telja að því hafi verið fagnað víða. Það er nefnilega býsna langur biðlisti eftir þessum langdræga borgarjepplingi. Hyundai segir að þessi bíll sé fyrsti rafknúni smájeppinn sem boðinn er í Evrópu, en einmitt í fleiri löndum álfunnar er biðlisti eftir bílnum. Kona Electric er með ári magnað drægi, eða allt að 482 km samkvæmt WLTP-prófunum. Hyundai Kona Electric var reynsluekið í síðustu viku og þar sannaðist þetta mikla drægi og það sem meira er, það drægi sem lesa má hverju sinni í mælaborði bílsins stenst. Í mjög mörgum rafmagnsbílum stenst það drægi sem uppgefið er í stjórntækjum bílanna engan veginn og tæmist stundum helmingi hraðar en uppgefið er. Í reynsluakstri Kona var um magnaða nákvæmni að ræða í uppgefinni drægistölu og kílómetrarnir sem eftir voru af hleðslunni stóðust með svo mikilli nákvæmni að ekki munaði einum kílómetra. Greinarritari hefur ekki ekið rafmagnsbíl með viðlíka drægi og þessi bíll hefur, nema í formi Tesla bíla sem eru miklu dýrari. Sá tími virðist því hreinlega liðinn að gefa þurfi annan handlegginn til að eignast rafmagnsbíl með gríðarmikið drægi.

### Algerlega frábær akstursbíll

Ytra útlit Hyundai Kona gerir nákvæmlega ekkert fyrir þann sem þetta ritar, en það er nánast það eina sem hægt er að setja út á þennan magnaða bíl. Það setur þó skemmtilegan stíl á bílinn að í boði eru þrír þaklitir og sjö litir á ytra byrði, eða alls 21 litamöguleiki og hver og einn ætti því að geta fundið sína draumalitaútfærslu. Hyundai segir að bíllinn sé straumlínulaga og kljúfi loftið vel, en er hreinlega hægt að segja slíkt um bíl sem hannaður er sem jepplingur og er því æði hár í loftinu? Þetta virðist þó hvorki koma niður á mögnuðu drægninu né frábærum aksturseiginleikum bílsins. Frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu var bros á undirrituðum við akstur þessa bíls og er hann langtum betri en villtustu draumar gáfu tilefni til að ætla. Ef þessi bíll sannar ekki að rafmagnsbílar geta verið frábærir akstursbílar þá skulu menn bara prófa hann. Það skal fullyrt að það er hrein upplifun að aka þessum frábæra bíl og fáir bílar hafa komið greinarritara eins mikið á óvart.



Þessi smái jepplingur skartar 204 hestafla drifrás.


Allþokkalegt flutningsrými, frá 332 l upp í 1.114 l.


Snotur innrétting og hlaðin búnaði.

Bíllinn liggur eins og klessa á veginum og þar sem stór hluti þyngdar hans, í formi rafhlaðanna, liggur lágt í bílnum er þyngdarpunkturinn afar lágur. Fyrir vikið má henda bílnum fyrir horn áreynslulaust og rásfestan alveg til fyrirmyndar.

### Mikill orkubolti

Fæstir jepplingar sem kaupa má hendast í hundraðið á 7,6 sekúndum, en það gerir hann þessi og tilfinningin er reyndar sú að hann sé enn þá sneggri. Hrein upplifun er að setja bílinn í sport-mode og gefa honum inn. Upptakið er hreinlega fyndið, en ef bílnum er eingöngu ekið þannig minnkar drægið hraðar. Alveg nóg, þótt ótrúlegt það hljómi, er að hafa stillinguna á eco, en samt sem áður er nægilegt afl til staðar, enda er bíllinn heil 204 hestöfl. Fyrir vikið skiptir það litlu máli að þyngd bílsins er 1.685 til 1.743 kíló, eftir búnaði, fyrir því finnst ekki með allt þetta afl. Bíllinn er með mjög stórum rafhlöðum, eða 64 kWh, og verður það að teljast mikið fyrir ekki stærri bíl og skýrir út hve langt þessi bíll kemst fullhlaðinn. Það tekur 9 klukkutíma og 35 mínútur að fullhlaða bílinn með hefðbundinni hleðslu en með 50 kW hleðslustöð tekur það aðeins um 75 mínútur og aðeins 54 mínútur með 100 kW hleðslustöð.

### Mjög vel búinn bíll

Hyundai Kona Electric er mjög vel útbúinn bíll og laglegur að innan. Eins og flestir Hyundai-bílar virðist hann vel smíðaður og ekki skaðar 8 tommu aðgerðaskjárinn og „head-up display“ í dýrustu útgáfu hans sem varpar helstu upplýsingum upp á framrúðuna. Það sem kom þó skemmtilegast á óvart var frábært Krell-hljóðkerfi bílsins með frábærum hljómi. Svona góðu hljóðkerfi á maður bara að venjast í miklu dýrari bílum og þess var sannarlega notið. Rafstillanleg sæti og hiti í stýri kom líka á óvart og bíllinn er með Apple CarPlay og Android Auto. LED-aðalljós, endalausir öryggisloftpúðar, blindpunktsviðvörun, smart cruise stilling, árekstravari að framan, akreinaskiptivari og ótal annar tæknibúnaður bílsins kemur einnig á óvart. Farangursrými er þokkalegt, eða 332 lítrar sem stækkar í 1.114 lítra með aftursætin niðri. Svo þola þakbogarnir 80 kílóa farm svo hægt er að setja vænt tengdamömmubox á þakið og auka mjög flutningsgetuna. Þá eru geymsluhólfin í bílnum líka mörg og stór. Tilkoma Hyundai Kona Electric markar hreinlega tímamót í flóru góðra rafmagnsbíla og verður að teljast einn vænsti kosturinn í því sívaxandi úrvali.

Vel má nefna aðra frábæra rafmagnsbíla sem eru að koma á markaðinn eins og Jaguar I-Pace og Audi e-tron, en þessi er talsvert ódýrari með álíka drægi og fullt eins mikið notagildi. Í einu orði sagt magnaður bíll.


Hátíðarkalkúnninn
er kominn!
Sama frábæra
verðið fimmta
árið í röð!
1.295,-
Hátíðarkalkúnn og meðlæti
495,-/stk.
Jólaeftirréttir
Panna Cotta, súkkulaðimús
eða Riz á l'amande
© Inter IKEA Systems B.V. 2018
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA®

# Heimildirnar eru bensínið

**Hallgrímur Helgason las á þriðja tug bóka við vinnslu skáldsögu sinnar Sextíu kíló af sólskini. Segir Íslendinga vera einstaklega seinþreytta til framfara.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Sextíu kíló af sólskini er ný skáldsaga Hallgríms Helgasonar. Þar segir frá umbrotatímum í sögu þjóðarinnar og lesandinn fylgist með Eilífi bónda, Gesti syni hans og fólki í Segulfirði.

„Ég byrjaði á bókinni í janúar 2016 en þá fór ég til Indlands. Ég hafði sent frá mér bókina Sjóveikur í München haustið 2015, og henni fylgdi erfið umræða, það var því gott að komast burt,“ segir Hallgrímur. „Ég var í Kochi í Keralahéraði í tvo mánuði og dvaldi þar á hóteli sem frænka mín, Þóra Guðmundsdóttir, rekur. Þetta var stórkostlegur tími, frábært að skrifa um vetrarkuldann í 33 gráðum. Það var orðið langt síðan ég hafði farið út til að skrifa, ég gerði það nokkuð oft þegar ég var yngri.“

*Vannstu mikla heimildavinnu við vinnslu þessarar bókar?*

„Ég las á þriðja tug bóka. Áður en ég byrjaði að skrifa las ég mikið um sjómennsku, hákarlaveiðar og torfbæjarlíf, þann tíma sem fjallað er um í fyrsta hluta bókarinnar. Þegar ég var búinn með þann hluta þurfti ég svo að lesa aðrar bækur. Við ritun sögulegrar skáldsögu má segja að heimildirnar séu bensínið á tankinn. Ég trúi því að bestu kaflarnir komi þegar maður er búinn að vinna heimildavinnuna vel.

Svo var ég líka undir áhrifum frá öðrum verkum. Áður en ég byrjaði las ég Moby Dick og hafði verið að lesa Stríð og frið, var einnig nokkuð nýbúinn að lesa Dalalíf Guðrúnar frá Lundi, sem er okkar Stríð og friður. Í vor fór ég svo í gegnum Vesalingana sem var nú eiginlega best af þessum bókum. Ég skoðaði hvernig svona stórar skáldsögur eru byggðar upp, velti fyrir mér hvernig megi flakka á milli persóna, dvelja nokkra blaðsíðutugi með þessum karakter og svo aðra með hinum, og sýna mörg sjónarhorn jafnvel á sama atburðinn. Ég hef oft verið með fyrstu persónu frásögn í verkum mínum en ákvað nú að vera með þriðju persónu frásögn. Þetta gaf mér meira frelsi og víðari völl til að leika mér á. Þannig að bók sem byrjar á því að horfa á einn dreng og hlutskipti hans verður að breiðari þjóðlífslýsingu. Svo hafði mig alltaf langað til að skrifa um Siglufjörð og síldartímann, en mér tókst það kannski ekki alveg því síldin kemur ekki fyrr en í lok bókar.“



Hallgrímur á Siglufirði, en þar las hann vitanlega upp úr hinni nýju skáldsögu sinni. MYND/ALBERT GUNNLAUGSSON

## Almannlegt auga Guðrúnar

*Þú minntist á Guðrúnu frá Lundi. Þú hefur oftar en einu sinni hlaupið í vörn fyrir Guðrúnu sem er miklu betri höfundur en margir gera sér grein fyrir. Hvað er það í hennar verkum sem heillar þig?*

„Hún er svo innanfróð um lífið. Þá gengur framvindan alltaf eins og skilvinda hjá henni. Það er ótrúleg flettiorka í þessum bókum. Svo skapar hún persónur eins og að drekka vatn. Það er einn helsti kostur höfunda að mínu mati að geta búið til góðar persónur. Hún hefur almannlegt auga gagnvart breyskleikum mannsins og getur sett fram galla persóna án þess að dæma þær hart. Fólk er bara eins og það er, takmarkað á sinn hátt. Í sumar var sýning um hana á Amtsbókasafninu á Akureyri. Kvótin í bækurnar hennar voru öll svo brilljant. Man eftir þessu: „Drengurinn óx og dafnaði eins og fífill í túni. Hann tók snemma tennur og gekk um allan bæinn áður en hann varð ársgamall. Allt boðaði þetta skammlífi.“

Stundum setur maður upp fyrirvarann: Já, Guðrún frá Lundi var nú sveitakona sem aldrei fór úr dalnum og það sem hún gerði er ótrúlegt miðað við það. Þetta er samt hálf leiðinlegt að segja því hún er merkilegur höfundur og hefur klárlega orðið fyrir kynja-, aldurs- og búsetufordómum. Sveitakerling á upphlut getur ekki verið merkilegra skáld en feigðarfagurt fyllimennið í bænum.“

> KANNSKI HEF ÉG LÆRT SMÁ ÞOLINMÆÐI. ÞEGAR ÉG ER AÐ SKRIFA NÚNA VEL ÉG EKKI ALLTAF ÞANN MÖGULEIKA SEM KEMUR SAMSTUNDIS UPP Í HUGANN HELDUR BÍÐ EFTIR SEINNI BYLGJUNNI, AÐ ÞAÐ KOMI EITTHVAÐ AÐEINS BETRA.

## Skemmtiþörf höfundar

*Víkjum aftur að þinni bók. Þar er framarlega grótesk lýsing á jarðarför þar sem presturinn er útúrdrukkinn. Nokkuð sláandi kafli, varstu þar með einhverjar fyrirmyndir í huga eða er þar allt skáldað?*

„Fólk talar um grótesku en fyrir mér er þetta ákveðin tegund af raunsæi. Auðvitað vil ég hafa kaflann eftirminnilegan og þá þarf að ýkja. Á þessum tíma var svakaleg drykkja á prestum, oft þannig að þeir gátu ekki messað. Í bók sinni Í verum lýsir Theodór Friðriksson til dæmis messu í Fjörðum þar sem presturinn var ofurölvi. Erlendur ferðabókaritari segir frá presti í Seyðisfirði sem gerði ekki annað en þvælast á milli bæja með 20 lítra brennivínskút. Þessi kafli er nú skáldaður hjá mér en hefði auðvitað vel getað gerst, hér er teiknuð upp mynd sem er táknræn og talar út fyrir verkið. Þegar presturinn í Segulfirði drepst upp við altarið deyr hann fyrir syndir allra sinna 19. aldar kollega.“

*Það er mikið um útúrdúra og vangaveltur í bókinni, hvernig gerðist það í vinnuferlinu?*

„Þetta er kannski einhver skemmtiþörf höfundar sem vill koma með smá stand-up kafla þegar hann er búinn að vinna úr heimildum. Þarna eru hugleiðingar um okkur Íslendinga, af hverju við erum eins og við erum, hvert sé þjóðareðlið og hvort við séum öðruvísi en aðrar þjóðir.

Íslenska samfélagið virðist hafa staðið nánast óhaggað öldum saman. Allt var hér pikkfast og frosið. Vistarband, rímur og tóvinna. Allar breytingar komu að utan. Norðmenn kenndu okkur að veiða síld. Bretinn og Kaninn komu svo með nútímann. Og síðan má nefna EES-samninginn. Evróputilskipanir sem neyða okkur upp úr hjólförunum. Við Íslendingar virðumst mjög seinþreyttir til framfara.“

## Kjöt á beinunum

*Þú kannt að fara með orð, en hefur leikur þinn að orðum breyst á einhvern hátt með árunum?*

„Kannski hef ég lært smá þolinmæði. Þegar ég er að skrifa núna vel ég ekki alltaf þann möguleika sem kemur samstundis upp í hugann heldur bíð eftir „seinni bylgjunni“, að það komi eitthvað aðeins betra. Ég held allavega að fimm aurarnir séu á undanhaldi hjá mér.“

*Þú ert ekkert mikið fyrir fíngerða lýrik, þú vilt hafa mikinn kraft í bókunum þínum, er það ekki rétt?*

„Stundum byrja ég kafla á fimm línum af fíngerðri lýrik, en það er líka nóg. Fólki finnst svolítið hátíðlegt að fá freyðivínsglas fyrir matinn. En svo kemur aðalrétturinn og þá þarf að vera kjöt á beinunum. Það er ekki hægt að lesa eintóma lýrik, það lifir enginn á freyðivíni einu saman.“




100 ÁRA FULLVELDI ÍSLANDS FAGNAÐ Á JÓLAFERNUM MS

Baráttan fyrir auknum réttindum kvenna á Íslandi hófst í lok 19. aldar. Þann 19. júní árið 1915 fengu íslenskar konur, 40 ára og eldri, loks langþráðan kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Konur höfðu áður fengið kosningarétt til sveitarstjórna, en hið sérkennilega aldursákvæði á Íslandi var einsdæmi í heiminum og Bríet Bjarnhéðinsdóttir kallaði það „hinn nafnfræga, íslenska stjórnviskulega búhnykk“. Í kosningum um fullveldi árið 1918 voru konur með kosningarétt hvattar til að nýta atkvæði sitt. Með stjórnarskrá árið 1920 fengu íslenskar konur og hjú loks full pólitísk réttindi við 25 ára aldur. Tveimur árum síðar var Ingibjörg H. Bjarnason kosin á Alþingi, fyrst kvenna.




Við birtum margvíslegan fróðleik um fullveldisárið 1918 á jólafernunum í ár.

Lestu meira á fullveldi1918.is

FULLVELDI ÍSLANDS 1918 · 2018
ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

# Aríur úr óperum Verdis tengdar með frásögnum

Hrund Ósk Árnadóttir óperusöngkona ætlar að halda tónleika í Salnum á laugardaginn, 17. nóvember, klukkan 16. Dagskráin nefnist Death by Verdi og byggist á aríum úr óperum eftir Verdi sem tvinnaðar eru saman með frásögnum. Með Hrund Ósk leikur Hrönn Þráinsdóttir á píanó.

„Á þessum tónleikum langar okkur að kanna þetta ólíka landslag impressjónisma og raunsæis í verkum Verdis með því að beina sjónum að lífi og dauða kvenhetjanna sem fjallað er um í þeim. Við skoðum

**Á ÞESSUM TÓNLEIKUM LANGAR OKKUR AÐ KANNA ÞETTA ÓLÍKA LANDSLAG IMPRESSJÓNISMA OG RAUNSÆIS Í VERKUM VERDIS.**

hvernig verkunum var tekið á sínum tíma og úr hvaða bókmenntum, hugmyndum og tíðaranda þau spretta.“

Hrund er búsett í Berlín þar sem hún fæst bæði við óperusöng og kennslu. Hún kveðst hafa verið syngjandi frá því hún man eftir sér. „Ég söng það mikið að foreldrar mínir fengu leiða á mér og sendu mig í kór,“ segir hún og kveðst fyrst hafa verið í Barnakór Hallgrímskirkju en farið að leggja stund á söng fyrir alvöru fjórtán ára gömul þegar hún var í Söngskólanum í Reykjavík. Ég söng djass og blús og var í klassísku söngnámi líka og var alltaf ákveðin í að verða klassísk söngkona,“ rifjar hún upp.

Eitt af kennileitunum á ferli hennar er sigur í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2005, þá fyrir hönd Menntaskólans í Reykjavík. – **gun**



**Hrund Ósk og Hrönn beina sjónum að lífi og dauða kvenhetjanna í óperum Verdis.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Verk nr. 1 eftir Steinunni Ketilsdóttur.** MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

# Dísablót í Borgarleikhúsi

Íslenski dansflokkurinn frumsýnir á laugardaginn, 17. nóvember, tvö ný íslensk dansverk við nýja íslenska tónlist. Yfirheiti danskvöldsins er Dísablót og það fer fram á Nýja sviði Borgarleikhússins.

Fyrra verk kvöldsins er Verk nr. 1 eftir Steinunni Ketilsdóttur við tónlist Áskels Harðarsonar. Samkvæmt lýsingu á vef dansflokksins er það fjarlægt og fjarrænt. Seinna verk kvöldsins er verkið Pottþétt myrkur. Tónlistin við það er eftir Sigur Rós og Valdimar Jóhannsson. Þar bindur Erna Ómarsdóttir, ásamt Valdimari Jóhannssyni, lokahnútinn á seríu verka um myrkrið og berskjaldaðan mannslíkamann.

Myrkarverkin – eins og þessi dansverk Ernu og Valdimars kallast í heild – voru sköpuð undir áhrifum frá því sem var að gerast í samfélaginu. Fyrsta verkið varð til þegar #metoobyltingin var sem háværust og hún hafði því mikil áhrif á sköpun þess sem og seinni verk seríunnar. – **gun**



**Mynd eftir Silju Magg sem er á sýningunni í Ljósmyndasafninu.**

# Áhrif ljósmynda

Æsa Sigurjónsdóttir, dósent í listfræði við Háskóla Íslands, heldur hádegiserindi um áhrif ljósmynda í nútímasamfélagi í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu á föstudaginn, 16. nóvember. Það hefst klukkan 12.10. Hún mun meðal annars ræða sjónhverfingar mynda í ljósi sýningarinnar Fjölskyldumyndir – sem er uppi við á safninu og sýnir ljósmyndir Guðbjarts Ásgeirssonar og Herdísar Guðmundsdóttur og afkomenda þeirra.

Ari Magg ljósmyndari ætlar að taka þátt í samtali eftir erindið sem fulltrúi fjölskyldunnar.

Aðgangur að safninu er ókeypis á meðan á erindinu stendur. – **gun**




# Hömlulaus og hamflett í Tvískinnungi

**LEIKHÚS**

**Tvískinnungur**

★★★½☆

**Jón Magnús Arnarsson**

**Borgarleikhúsið**

**Leikstjóri:** Ólafur Egill Egilsson
**Leikarar:** Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Haraldur Ari Stefánsson
**Leikmynd og búningar:** Sigríður Sunna Reynisdóttir
**Lýsing:** Þórður Orri Pétursson
**Tónlist:** Arnar Ingi Ingason
**Hljóðmynd:** Garðar Borgþórsson
**Leikgervi:** Margrét Benediktsdóttir
**Sviðshreyfingar:** Katrín Ingvadóttir



**Þuríður Blær Jóhannsdóttir í hlutverki sínu, en hún er ein af landsins allra hæfileikaríkustu leikkonum, segir leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins.**

Ónafngreint ungt par hittist í búningapartíi. Hann er Járnmaðurinn. Hún er Svarta ekkjan. Þau fella hugi saman þetta sama kvöld og þá byrjar partíið fyrir alvöru. Knúin áfram af áfengi og eiturlyfjum hefja skötuhjúin ferð í óstöðvandi hringekju ofsafenginnar ástar og fíknar. Í fyrstu er ferðalagið sturlað spennandi en öll eftirpartí enda, mörg ansi illa. Þá er einungis tómið eftir. Tvískinnungur er nýtt íslenskt leikverk eftir Jón Magnús Arnarsson og er einnig hans fyrsta á atvinnusviði.

Jóni Magnúsi liggur mikið á hjarta, enda er stór hluti verksins byggður á hans eigin reynslu, og notast hann við mörg sagnaminni, en sagan um Rómeó og Júlíu er ríkjandi sem er endurtekin og snúið á hvolf á sláandi máta. Hann vefur saman karakterþrenningu: Járnmanninum og Svörtu ekkjunni, ónefndu djömmurunum og leikurum sem eru að segja þeirra sögu. Hver paraeining er með sitt eigið tjáningarform og hikar leikskáldið ekki við að nota bundið mál. Textinn er hrár, mörg samtölin hnyttin en forminu er ábótavant og sum atriðin stirðbusaleg. Mörg ný íslensk leikskáld eiga erfitt með að standast freistinguna um að skrifa leikhúsið inn í leikverk sín. Það er ekki þar með sagt að slík aðferð geti ekki bætt við nýrri vídd í textann en það er afar erfitt verk. Hættan er sú að leikskáldið fari að útskýra innihald verksins fyrir áhorfendum frekar en að sýna það í leik eða undirtexta. Að sama skapi eru bæði Frankenstein og Hulk óþarfar persónur.

**TVÍSKINNUNGUR ER AUGLJÓSLEGA EKKI GALLALAUST VERK EN BER MEÐ SÉR MARGA GÓÐA KOSTI.**

Aldrei er góð vísa of oft kveðin, í þessu tilviki er efnið hæfileikar Þuríðar Blævar Jóhannsdóttur. Þrátt fyrir ungan aldur og tiltölulega stuttan feril á atvinnusviði er hún ein af landsins allra hæfileikaríkustu leikkonum. Sviðsverund hennar er náttúruleg, afslöppuð og trúverðug, hvort sem hún tekst á við lágstemmda kómík eða tryllingslegt hádrama. Hún hefur þann kost líka að geta verið betri en efnið sem hún hefur úr að spila, það er einungis á færi afar fárra.

Andspænis henni á sviðinu stendur Haraldur Ari Stefánsson sem virtist óstyrkur til að byrja með á frumsýningu en ekki er að undra miðað við textaflóðið sem leikararnir verða að hemja og finna réttan farveg. En sá strekkingur mun sjatna með hverri sýningunni. Hann naut sín best þegar lævís húmorinn blómstraði og óx fiskur um hrygg þegar líða tók á sýninguna.

Samleikur þeirra ber líka vitni um góða leikstjórn. Það kemur kannski einhverjum á óvart en leikstjóraferill Ólafs Egils er ekki ýkja langur miðað við hversu lengi hann hefur starfað sem leikari en á stuttum tíma hefur hann sett sitt mark á íslenskar sviðslistir. Fyrir hið fyrsta á hann heiður skilið fyrir að sinna ungum leikskáldum eins vel og hann hefur gert á síðustu árum. Jón Magnús og ungu leikararnir tveir njóta hér góðs af reynslu hans, þó að hann eigi stundum erfitt með að láta brotakenndan textann flæða nægilega vel og atriðaskiptin eru stundum of hæg.

Stærðarinnar kaðalvefur hangir í miðju sviðsins og endurspeglar ágætlega þær sálarflækjur sem persónur verksins eru að reyna að losa um. Þau príla og hanga og bögglast í böndunum, en sviðshreyfingarnar eru í ágætum höndum Katrínar Ingvadóttur. Stundum virkar þessi útfærsla heftandi en stundum hreinlega syngja atriðin af leikgleði. Búningar Blævar bera af, þá sérstaklega diskópelsinn undir lokin. Litrík leikgervi Margrétar Benediktsdóttur styðja sýninguna vel. Tónlistarval Arnars Inga er einkar gott en ameríska hetjudáðakvikmyndatónlistin slær einhvern veginn rangan tón því það er alltaf augljóst að parið nær aldrei að fela sinn innri sársauka með því að klæða sig upp sem ofurhetjur.

Nýjar raddir koma alltof sjaldan fram í íslensku leikhúsi en síðustu og komandi mánuðir boða gott. Tvískinnungur er augljóslega ekki gallalaust verk en ber með sér marga góða kosti og persónulegan tón skáldsins, eitthvað sem hann mun vonandi þróa betur og koma í fastara form á komandi árum.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hrá leikhúsupplifun frá nýju og fersku leikskáldi.


## Alþjóðlega glæpasagnahátíðin ICELAND NOIR í IÐNÓ 15.-17. nóvember

ICELANDnoir

### Skærustu stjörnur glæpasagnaheimsins

**Yfir sextíu erlendir höfundar, þar á meðal:**

Quentin Bates
Val McDermid
Christopher Brookmyre
William Ryan
Martin Edwards
James Oswald

**Innlendir höfundar, þar á meðal:**

Yrsa Sigurðardóttir
Lilja Sigurðardóttir
Sólveig Pálsdóttir
Ragnar Jónasson
Sjón
Óskar Guðmundsson

Á dagskránni eru meðal annars pallborðsumræður og vinnustofur með höfundum. Síðast en ekki síst verður ball með hljómsveitinni "Fun Loving Crimewriters" sem skipuð er glæpasagnahöfundum.
Hátíðin er öllum opin.

storytel

Nánari upplýsingar á **www.icelandnoir.is**

Storytel er verndari glæpasagnahátíðarinnar Iceland Noir

# Skyldulesning allra kynslóða

BÆKUR

**Múmínálfarnir – Stórbók**

★★★★★

**Tove Jansson**

**Útgefandi:** Mál og menning

**Blaðsíður:** 351




Sögur Tove Jansson um múmínálfana hafa notið gríðarlegra vinsælda víða um heim. Hver ný kynslóð uppgötvar þær og hefur þennan sígilda bókaflokk í hávegum. Frá Forlaginu kemur bók sem geymir fyrstu þrjár sögurnar af múmínálfunum. Þetta eru Litlu álfarnir og flóðið mikla, Halastjarnan og Pípuhattur galdrakarlsins. Þær tvær síðastnefndu hafa komið út áður í afbragðs þýðingu Steinunnar Briem. Litlu álfarnir og flóðið mikla koma nú á íslensku í fyrsta sinn í afar góðri þýðingu Þórdísar Gísladóttur. Allar eru sögurnar skemmtilega myndskreyttar af höfundinum sjálfum.

Í litlu álfunum og flóðinu mikla er Jansson greinilega að þreifa fyrir sér í nýjum söguheimi. Þar leita múmínsnáðinn og mamma hans að múmínpabba sem hefur týnst. Á ferð sinni hitta þau alls kyns merkilegar verur, þar á meðal læðu sem hefur þá heimspekilegu afstöðu að aldrei eigi að standa í veseni að óþörfu. Þetta er sjarmerandi saga þar sem húmor höfundar nýtur sín vel.

Halastjarnan er enn betri saga og kraftmeiri. Þar steðjar mikil ógn að Múmíndal í líki halastjörnu og við því þarf vitanlega að bregðast. Ekki er hægt að sitja aðgerðarlaus þegar heimsendir er í nánd. Í miðri ógn blómstrar ástin samt því múmínsnáðinn finnur snorkstelpuna sína og þau keppast við að sanna ást sína hvort fyrir öðru. Litríkar aukapersónur skemmta lesandanum og fer þar fremst í flokki heimilislaus bísamrotta sem segist vera heimspekingur sem taki öllu af ró, en er þó ansi tilætlunarsöm og kvartsár.

Í síðustu sögunni, Pípuhatti galdrakarlsins, finna múmínsnáðinn og vinir hans pípuhatt galdrakarlsins með afar óheppilegum afleiðingum, en allt fer þó vitanlega vel að lokum. Hér eru aðalpersónur þessa bókaflokks komnar með helstu karaktereinkenni sín. Hin sanna hetja sögunnar, og kannski bókaflokksins alls, er múmínmamman, umvafin stóískri ró, hlý, hugrökk og ráðagóð. Og vitanlega þekkir hún múmínsnáðann sinn, jafnvel þótt hann hafi tekið skelfilegum umbreytingum. Þarna er múmínpabbinn, dásamlega sjálfhverfur að skrifa endurminningar sínar, gagntekinn af hugmyndinni um sjálfan sig sem stórgáfað og misskilið barn.

Tove Jansson er vitur, hlýr og fyndinn höfundur sem kann um leið að gæða texta sinn angurværð. Þótt húmor og léttleiki ríki á yfirborðinu þá er viss einsemd sem umvefur margar sögupersónur bókarinnar. Jansson hefur einstakan skilning á þeim ólíku tilfinningum sem hrærast í brjósti persóna og miðlar þeim á fallegan en um leið húmorískan hátt í bókum sem ekki er hægt að gleyma.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Þrjár heillandi sögur af múmínálfunum gleðja alla og gleymast ekki. Skyldulesning allra kynslóða.

# Píanisti hamingjunnar í Salnum

Djasspíanóleikarinn Jacky Terrasson kemur fram í Salnum í Kópavogi annað kvöld, föstudaginn 16. nóvember, klukkan 20. Samkvæmt franska tímaritinu Telerama er Jacky píanisti hamingjunnar sem með flutningi sínum grípur hlustandann og umvefur hann vellíðan og fögnuði.

„Mér finnst í raun alveg ótrúlegt að það skyldi takast að fá þennan snilling hingað til okkar og gefa þar með Íslendingum kost á að hlýða á hann," segir Sunna Gunnlaugsdóttir, djassleikari og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Jazz í Salnum.

Í fréttatilkynningu segir að Jacky hafi ávallt töfrað hlustendur með leik sínum sem sé fullur eldmóðs og innlifunar. „Það mætti lýsa leik hans sem blöndu af Bud Powell og Ahmad Jamal en undir sterkum áhrifum franskra tónskálda á borð við Ravel, Fauré og Debussy. Jacky bræðir saman liti og uppfinningar bestu píanista sögunnar við sínar eigin, með ferskleika og gleði að vopni." **– gun**



**Jacky Terrasson með ferskleika og gleði að vopni.** NORDICPHOTOS/GETTY














BÍÓ



**Robin Wright tekur sviðið í House of Cards og Claire, persóna hennar, berst með kjafti og klóm til þess að halda völdum sínum í Hvíta húsinu og gefur eiginmanninum, Francis Underwood heitnum, ekkert eftir í þeim efnum.**

# Lafði Macbeth í Hvíta húsinu

**KVIKMYNDIR**

**House of Cards 6**
★★★☆☆

**Netflix**
**Aðalhlutverk:** Robin Wright, Michael Kelly, Diane Lane

House of Cards-þættirnir mörkuðu upphafið að velgengni efnisveitunnar Netflix enda frábærir þættir sem fóru gríðarlega vel af stað. Siðleysinginn Francis Underwood var miðpunkturinn í safaríkri atburðarásinni þar sem allar aðrar persónur voru peð í valdatafli hans. Nema kannski Claire, eiginkona hans, sem keyrði eiginmanninn áfram í framapotinu af sturluðum metnaði sem lafði Macbeth hefði varla getað staðið undir.

Fyrstu fjórar seríurnar rígheldu og spennan var slík að biðin milli þáttaraðanna tók á. Þegar hjónin höfðu hins vegar náð lokatakmarki sínu og komið sér vel fyrir í Hvíta húsinu byrjaði spennan að fjara út þótt hún magnaðist að sama skapi á milli siðblindra forsetahjónanna.

Ekki þarf að hafa mörg orð um óvænt endalok Kevins Spacey í House of Cards. Þessi frábæri leikari, sem er dyggilega studdur af Robin Wright í hlutverki Claire, reyndist í raunveruleikanum næstum vera skunkur á pari við Francis Underwood.

#MeToo-hraðlestin straujaði yfir leikarann þegar ásökunum ungra manna um kynferðislega áreitni rigndi yfir hann og honum var umsvifalaust sparkað úr House of Cards.

Þrátt fyrir slagkraftinn sem Spacey hafði gefið Francis hefði brotthvarf hans ekki þurft að koma að sök. Og gerir það í raun ekki þótt þessi hádramatíski lokakafli sé með þeim slöppustu í þáttaröðinni eins og hún leggur sig.

Allar góðar sögur þurfa vitaskuld að hafa almennilegan skúrk og enginn skortur er á slíkum í House of Cards og að Frank gengnum er Claire þar fremst meðal jafningja.

Þrátt fyrir þetta og litskrúðugt og fantavel leikið persónugalleríið er holur hljómur í þessum endaspretti og þrátt fyrir næg tækifæri næst ekki að keyra upp spennu á við þá sem rígheldu áhorfendum við efnið í upphafi.



**Dough Stamper, handbendi Francis, heldur spennunni uppi ásamt Claire.**

**Femínísk feðraveldisbylting**

Með því áhugaverðasta við sjöttu seríuna er að það er ekki nóg með að Spacey sé skolað út með sínu fortíðarskólpi heldur er um leið gerð kvennabylting í þáttunum. Claire er orðin forseti og raðar konum í öll helstu embætti. Claire er þó ekki hugsjónaheitur femínisti og þarna eins og í öllu sem hún gerir, og eiginmaður hennar áður, helgar tilgangurinn meðalið.

Þá er ekki síður áhugavert að Claire er látin sýna óþægilega Trump-takta og einræðistilburði í tilraunum sínum til þess að þagga niður í fjölmiðlum og fyrirlitningu á stjórnskipan og lýðræðislegum ferlum. Á meðan femínísk bylting Claire virðist á yfirborðinu ægilega jákvætt skref í afþreyingarmenningunni þá eru skilaboðin í undirtextanum skýr: Kjósið konu í Hvíta húsið og heimsendir er handan við hornið.

Burtséð frá þessu öllu þá eiga konurnar samt sviðið og samskipti þeirra og köld ráð gera heilmikið fyrir plottið. Diane Lane er bráðskemmtileg og skæð í hlutverki Annette Shepherd, moldríkrar æskuvinkonu Claire, sem svífst einskis og lítur á þingmenn og forseta eins og hverja aðra fjárfestingu.

**Stamper stendur fyrir sínu**

Lars Mikkelsen, stóri bróðir Mads, er sem fyrr ískaldur og ógnandi í hlutverki Viktors Petrov, forseta Rússlands, sem á sér augljósa fyrirmynd í Pútín. Sá fláráður hefur óþægilega marga bandaríska þræði í höndum sér þótt Claire sé að sjálfsögðu ekki sama gólftuskan í samskiptum þeirra og Trump gagnvart Pútín.

Dough Stamper, skutilsveinn Francis frá upphafi, er fyrir utan Underwood-hjónin hættulegasta persóna þáttanna. Trúr Francis hefur hann framið ótrúleg illvirki fyrir sinn mann og stendur enn vörð um hann þótt hann sé dauður.

Michael Kelly er frábær í túlkun sinni á Dough sem er skuggalega óstöðugur þótt hann sé yfirleitt ískaldur og yfirvegaður. Hann stendur fyllilega fyrir sínu sem staðgengill Franks í þessum næstum óþarfa lokakafla.

Átökin og undirliggjandi hatrið í sambandi Dough og Claire er í raun eini alvöru spennuvaldurinn í þessum lokakafla og það vegur nú bara ansi þungt, sérstaklega þegar þessar varasömu persónur lifna við í meðförum jafn frábærra leikara og Wright og Kelly.

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** House of Cards fjarar út í hálfgerðri ládeyðu sem skrifast síður en svo eingöngu á æpandi fjarveru Kevins Spacey. Þau sem eftir standa skila sínu sem fyrr með miklum sóma en það var komin þreyta í þetta áður en Spacey var rekinn og í raun hefði verið sjálfsagt að drepa þættina um leið og feril aðalleikarans.

# OKKAR BESTA FÓLK Á ICELAND NOIR!

Lorem ipsum dolor sit amet,

**Glæpasagnahátíðin Iceland Noir • 15. – 17. nóvember**

**– nánari upplýsingar á Icelandnoir.is**

**Margir af fremstu glæpasagnahöfundum heims koma fram ásamt okkar besta fólki.**






Brúðan
Yrsa Sigurðardóttir

Þorpið
Ragnar Jónasson

Útlagamorðin
Ármann Jakobsson

Marrið í stiganum
Eva Björk Ægisdóttir

Blóðengill
Óskar Guðmundsson

## Allir velkomnir – miðasala á tix.is.

BJARTUR

VERÖLD

## Borgareikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is



### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 15.11. | Kl. 20:00 U | Fös 23.11. | Kl. 20:00 U | Sun 02.12 | Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 | Kl. 20:00 U |
| Lau 17.11. | Kl. 20:00 U | Sun 25.11 | Kl. 20:00 Ö | Fim 06.12 | Kl. 20:00 Ö | | |
| Sun 18.11. | Kl. 20:00 U | Fim. 29.11 | Kl. 20:00 Ö | Fös 07.12 | Kl. 20:00 Ö | | |
| Fim 22.11. | Kl. 20:00 Ö | Lau 01.12 | Kl. 20:00 Ö | Sun 30.12 | kl. 15:00 | | |



### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 10.11. | Kl. 20:00 U | Fös 23.11. | Kl. 20:00 Ö | Fös 08.12 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 17.11. | Kl. 20:00 U | Fös 30.11. | Kl. 20:00 Ö | | |



### Kvenfólk
Nýja sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 22.11 | Kl. 20:00 U | Lau 01.12 | Kl. 20:00 U | Sun 16.12 | Kl. 20:00 U | Sun 30.12 | Kl. 20:00 Ö |
| Fös 23.11. | Kl. 20:00 U | Fös 07.12 | Kl. 20:00 U | Fim 20.12 | Kl. 20:00 Ö | Sun 06.01 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 24. 11 | Kl. 20:00 U | Lau 08.12 | Kl. 20:00 U | Fös 21.12 | Kl. 20:00 Ö | Fös 11.01 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 25.11 | Kl. 20:00 U | Fim 13.12 | Kl. 20:00 U | Fös 28.12 | Kl. 20:00 U | | |
| Fös 30.11 | Kl. 20:00 U | Fös 14.12 | Kl. 20:00 U | Lau 29.12 | Kl. 20:00 Ö | | |



### Tvískinnungur
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 15.11 | Kl. 20:00 U | Fim 22.11 | Kl. 20:00 Ö | Lau 01.12 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 18.11 | Kl. 20:00 Ö | Sun 25.11 | Kl. 20:00 Ö | | |



### Jólaflækja
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 24.11 | Kl. 13:00 Ö | Lau 01.12 | Kl. 13:00 U | Lau 08.12 | Kl. 13:00 U |
| Sun 25.11 | Kl. 13:00 Ö | Sun 02.12 | Kl. 13:00 Ö | Sun 09.12 | Kl. 13:00 Ö |



### Rocky Horror
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 16.11 | Kl. 20:00 U | Fös 30.11 | Kl. 20:00 U | Fös 14.12 | Kl. 20:00 L |
| Lau 24.11 | Kl. 20:00 U | Lau 08.12 | Kl. 20:00 | | |

## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 11.11 | kl. 13:00 U | Lau. 01.12 | Kl. 14.00 U | Sun. 30.12 | kl. 16:00 U | Sun. 03.02 | kl. 13:00 U |
| Sun. 11.11 | kl. 16:00 U | Lau. 01.12 | kl. 14:00 U | Sun.06.01 | kl. 13:00 U | Sun. 03.02 | kl. 16:00 U |
| Lau 17.11 | kl. 14:00 U | Sun 02.12 | kl. 14:00 U | Sun. 06.01 | kl. 16:00 U | Sun. 10.02 | kl. 13:00 Ö |
| Lau 17. 11 | kl. 17:00 U | Sun 02.12 | kl. 17:00 U | Sun.13 01 | kl. 13:00 Ö | Sun.10.02 | kl. 16:00 Ö |
| Sun. 18.11 | Kl. 16:00 U | Sun 09.12 | kl. 14:00 U | Sun 13.01 | kl. 16:00 Ö | Sun. 17.02 | kl. 13:00 Ö |
| Sun. 18.11 | Kl. 13:00 U | Sun 09.12 | kl. 17:00 U | Sun. 20.01 | kl. 13:00 Ö | Sun. 17.02 | kl. 16:00 Ö |
| Lau. 24.11 | kl. 15.00 U | Lau 29.12 | kl. 13:00 U | Sun. 20.01 | kl. 16:00 U | Sun 24.02 | kl. 13:00 Ö |
| Sun. 25.11 | kl. 14:00 U | Lau. 29.12 | kl. 16:00 U | Sun. 27.01 | kl. 13:00 Ö | Sun. 24.02 | kl. 16:00 Ö |
| Sun. 25.11 | kl. 17:00 U | Sun. 30.12 | kl. 13:00 U | Sun. 27.01 | kl. 16:00 Ö | | |



### Samþykki
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 15.11 | kl. 19:30 Ö | Fös 23.11 | kl. 19:30 Ö | Fös 30.11 | kl. 19:30 Ö |
| Fös 16.11 | kl. 19:30 U | Fim 29.11 | kl. 19:30 Ö | Fös 07.12 | kl. 19:30 |



### Leitin að jólunum
Leikhúsloftið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 17.11 | kl 11:00 U | Lau 01.12 | kl 12:30 U | Fös 14.12 | kl. 17:30 U | Lau 22. 12 | kl. 11:00 U |
| Lau 17.11 | kl. 12:30 U | Sun 02:12 | kl. 11:00 U | Fös 14.12 | kl. 19:00 Ö | Lau 22.12 | kl. 13:00 Ö |
| Lau 24.11 | kl 11:00 U | Sun 02.12 | kl. 12:30 U | Lau 15.12 | kl. 11:00 U | Lau 22.12 | kl. 14:30 Ö |
| Lau 24.11 | kl. 13:00 U | Lau 08.12 | kl. 11:00 U | Lau 15.12 | kl. 13:00 U | Sun 23.12 | kl. 13:00 |
| Lau 24.11 | kl. 14:30 U | Lau 08.12 | kl. 13:00 U | Lau 15.12 | kl. 14:30 U | Sun23.12 | kl. 14:30 |
| Sun 25.11 | kl. 11:00 U | Lau 08.12 | kl. 14:00 U | Sun 16.12 | kl. 11:00 U | | |
| Sun 25.11 | kl. 12:30 U | Sun 09.12 | kl. 11:00 U | Sun 16.12 | kl. 13:00 U | | |
| Lau 01.12 | kl 11:00 U | Sun 09.12 | kl. 12:30 U | Sun 16.12 | kl. 14:00 U | | |



### Fly Me To The Moon
Kassinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 11.11 | kl. 19:30 U | Lau 17.11 | kl. 19:30 U | Fös 23.11 | kl. 19:30 Ö | Sun 02.12 | kl. 19:30 |
| Fös 16.11 | kl. 19:30 U | Fim 22.11 | kl. 19:30 Ö | Lau 01.12 | kl. 19:30 | | |



### Insomnia
Kassinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið 14.11 | kl. 19:30 U | Lau 24.11 | kl. 19:30 | Fim 29.11 | kl. 19:30 | Sun 09.12 | kl. 19:30 |
| Fim 15.11 | kl. 19:30 U | Sun 25.11 | kl. 19:30 Ö | Fös 30.11 | kl. 19:30 | | |



# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook







Magnús Þór fagnar um þessar mundir 70 ára afmæli og heldur upp á tímamótin með tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. NÓVEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Jóel + Valdimar Guðmunds – Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið
Kvartett Jóels Pálssonar ásamt söngvaranum Valdimar Guðmundssyni fagnar útgáfu plötunnar Dagar koma með tónleikum í Norræna húsinu. Þetta er sjöunda hljómplata Jóels með eigin verkum og sú fyrsta með söng. Lögin á plötunni eru samin við ljóð nokkurra íslenskra samtímaskálda, en þau eru Gyrðir Elíasson, Gerður Kristný, Þórarinn Eldjárn, Sigurbjörg Þrastardóttir og Bragi Ólafsson.

**Hvað?** Freyjujazz – Meraki
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Listasafn Íslands
Tónlistarkonurnar Rósa Guðrún Sveinsdóttir saxófónleikari, Þórdís Gerður Jónsdóttir sellóleikari og Sara Mjöll Magnúsdóttir píanóleikari mynda tríóið Meraki. Þær kynntust við nám í Tónlistarskóla FÍH þaðan sem þær hafa allar lokið burtfararprófi og ásamt því unnið saman í hinum ýmsu tónlistarverkefnum. Tríóið mun flytja lög og útsetningar eftir meðlimi.

**Hvað?** Magnús Þór Sigmundsson – 70 ára afmælistónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólabíó
Lagahöfundurinn og textaskáldið Magnús Þór Sigmundsson fagnar um þessar mundir 70 ára afmæli og heldur upp á það með glæsilegum tónleikum í Háskólabíói í kvöld. Þar fær hann til sín marga góða vini sem eiga það sameiginlegt að hafa sungið lögin hans inn í hjörtu þjóðarinnar. Þar má nefna Pál Óskar, Ragnheiði Gröndal, Jónas Sig, Þórunni Antoníu, Jóhann Helgason (Magnús og Jóhann), Sverri Bergmann og Fjallabræður.

**Hvað?** Allt á Milljón – DJ Milljón á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
DJ Milljón með músík fyrir gesti og geggjaða.

**Hvað?** Dead Sea Apple á Hard Rock Cafe
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Cafe, Lækjargötu
Hljómsveitin Dead Sea Apple kom saman á Iceland Airwaves í ár í tilefni af því að hátíðin er haldin í 20. skiptið. Árið 1999 kom sveitin fram á tónleikum og þar kviknaði hugmyndin að því að hátíðin var haldin í fyrsta sinn sama ár. Sökum þess að ansi margir gátu ekki komið og hlýtt á sveitina á hátíðinni í ár ætlar Dead Sea Apple að halda opna tónleika svo að sem flestir geti komið. Eins hefur sveitin æft stíft að undanförnu og langar að spila einu sinni enn. Því þeim finnst þetta ósköp gaman líka.

### Viðburðir

**Hvað?** Íslenska á ferðaöld – Málræktarþing Íslenskrar málnefndar
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Fyrirlestrarsalur Þjóðminjasafns Íslands
Málræktarþing Íslenskrar málnefndar fer fram í dag.

**Hvað?** Jan Gehl
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gamla bíó
Hinn þekkti danski arkitekt Jan Gehl heldur fyrirlestur í Gamla bíói í tilefni af útgáfu íslenskrar þýðingar bókarinnar Mannlíf milli húsa (Livet mellem husene). Í fyrirlestrinum setur Jan Gehl viðfangsefni bókarinnar í samhengi við þróun borga og byggða í samtímanum. Einnig fjallar hann um aðferðafræðina sem bókin sprettur úr og áhrif hennar víða um heim.

**Hvað?** Kínverji fjallar um þýðingar sínar á íslenskum bókmenntum
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Veröld – Hús Vigdísar
Halldór Xinyu Zhang, þýðandi og meistaranemi í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, fjallar um þýðingar sínar á kínversku á tveimur bókum Einars Más Guðmundssonar, Riddurum hringstigans og Hundadögum, sem hlaut bókmenntaverðlaun í Kína. Hann hefur einnig þýtt Meðan nóttin líður eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur, smásagnasafn með sex smásögum eftir Svövu Jakobsdóttur, Steinunni Sigurðardóttur, Braga Ólafsson, Gyrði Elíasson, Jón Kalmann Stefánsson og Kristínu Eiríksdóttur. Þessi viðburður er á vegum Kínversk-íslenska menningarfélagsins og Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa, sem býður einnig upp á ókeypis veitingar. Fyrst geta gestir spjallað saman og fengið sér veitingar kl. 17.30, en síðan er fyrirlesturinn sem miðað er við að taki um 30-40 mínútur. Næg og ókeypis bílastæði eru við bygginguna.

**Hvað?** Insomnia
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Hvort sem þú ert með Ross eða Rachel í liði, hvort sem þú ert meiri Phoebe eða Chandler, hvort sem þú elskar eða hatar Friends er þetta verk sem á erindi við þig.

**Hvað?** Litla Moskva – Frumsýning
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Á tímum kalda stríðsins komust íslenskir sósíalistar sjaldan til





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

*Þjóðhátíðardagur og aldarafmæli fullveldis Rúmeníu (FRÍTT/FREE*)*

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Ecaterina Teodoroiu (ENG SUB) | 18:00 | Mæri // Border (ENG SUB) | 20:00 |
| Litla Moskva (ICELANDIC - NO SUB) | 18:00 | Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) | 20:30 |
| Hinn seki // Den skyldige (ICE SUB) | 18:00 | Undir Halastjörnu (ENG SUB) | 22:00 |
| | | Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) | 22:00 |
| | | Blindspotting (ICE SUB) | 22:20 |





Halldór Xinyu, þýðandi íslenskra bókmennta á kínversku, fjallar um þýðingar sínar í Veröld í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

áhrifa í stjórnmálum. Landinu var stjórnað af hægri- og miðjuflokkum sem hölluðu sér til vesturs; við vorum í Nató og með bandaríska herstöð í Keflavík. Það var aðeins einn staður á landinu sem sósíalistar réðu; Neskaupstaður. Þeir komust til valda árið 1946 og stýrðu bænum í 52 ár.

**Hvað?** Einar Jónsson myndhöggvari – Útgáfuhóf.
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Listasafn Einars Jónssonar
Við fögnum útgáfu bókarinnar Einar Jónsson myndhöggvari – verk, táknheimur og menningarsögulegt samhengi eftir Ólaf Kvaran, í Listasafni Einars Jónssonar í dag kl. 17. Léttar veitingar og bókin á sérstöku tilboðsverði. Allir velkomnir.

## Sýningar

**Hvað?** Opnun á Mótun / Formation í i8
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerý i8, Tryggvagötu
Í sýningunni Mótun er teflt fram sex listamönnum af yngri kynslóðinni sem allir hafa verið virkir í myndlistarlífinu. Þau skoða manneskjuna og það umhverfi sem hún hefur mótað sér, hvort heldur sem er í arkitektúr eða í heimi tækninnar. Öll nálgast þau viðfangsefnið með ólíkum hætti, ýmist með ítarlegri rannsókn eða með gáska og húmor. Þau takast á við hefðbundna miðla af æðruleysi og skírskotað er til hefðarinnar og skoðað hvernig hún getur talað til samtímans.







Málþing ÖBÍ
**20. nóvember**, kl. 14-17
Grand hóteli Reykjavík

# Er gætt að geðheilbrigði?

***DAGSKRÁ***

- **Ávarp** Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra
- **Staða geðheilbrigðismála: Hvar stöndum við og hvert stefnum við?** Ingibjörg Sveinsdóttir doktor í klínískri sálfræði og sérfræðingur hjá Velferðarráðuneytinu
- **Sýn notanda** Málfríður Hrund Einarsdóttir, formaður Hugarafls
- **Hvað dvelur Orminn langa?** Anna Gunnhildur Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Geðhjálpar
- **Gráu svæðin í þjónustu ríkis og sveitarfélaga** Hákon Sigursteinsson framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkurborgar
- **Staða sálfræðiþjónustu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins** Sólrún Ósk Lárusdóttir, sálfræðingur hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- **Litlir kassar á lækjarbakka** Hilda Jana Gísladóttir, aðstandandi og bæjarfulltrúi

***FUNDARSTJÓRI***: Emil Thóroddsen, formaður málefnahóps ÖBÍ um heilbrigðismál

**Aðgangur ókeypis.**
**Skráning á málþingið er á heimasíðu ÖBÍ: www.obi.is**
**Rit- og táknmálstúlkun í boði**

ÖBÍ - **EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




**ALEX**
KL. 22:10
Það er ekki hlaupið að því að snúa við blaðinu og gerast heiðarlegur lögregluþjónn eftir að þú ert búinn að flækjast í undirheimana og skjóta félaga þinn fyrir slysni. Hörkuspennandi sænsk þáttaröð af bestu gerð með frábærum leikurum sem margir kannast við úr þáttunum um Gåsmamman.





Frábær fimmtudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is


**MASTERCHEF USA**
KL. 19:45
Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



**LETHAL WEAPON**
KL. 20:30
Þegar hér er komið sögu kynnumst við nýjum félaga Rogers Murthaugh en það er hinn djarflyndi Wesley Cole sem hefur getið sér gott orð í leyniþjónustu CIA.



**COUNTERPART**
KL. 21:15
Howard Silk er vansæll fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann hefur unnið sama starfið í þrjátíu ár en líf hans tekur stakkaskiptum þegar hann hittir tvífara sinn.




**HUMANS**
KL. 22:55
Þættirnir gerast í heimi þar sem vélmenni eru notuð sem þjónar en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir ekki.



**JASON BOURNE**
KL. 22:00
Spennumynd með Matt Damon í aðalhlutverkum. Jason Bourne snýr aftur til að fá lokasvör frá þeim sem þekkja fortíð hans betur.



**SUPERGIRL**
KL. 21:15
Skemmtilegir þættir um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.45 Strákarnir
08.10 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Anger Management
09.55 Poppsvar
10.35 Planet's Got Talent
11.05 Grey's Anatomy
11.50 Sælkeraferðin
12.10 Lýðveldið
12.35 Nágrannar
13.00 Mother's Day
14.55 Bridget Jones's Baby
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Kevin Can Wait Önnur syrpa þessara stórskemmtilegu gamanþátta með Kevin James í hlutverki lögreglumanns sem er kominn á eftirlaun. Hann hyggst verja meiri tíma í faðmi fjölskyldunnar en kemst fljótlega að því að heima fyrir mætir hann jafnvel enn meiri áskorunum en á götum úti við almenn löggæslustörf.
19.45 Masterchef USA
20.35 Lethal Weapon Þriðja sería þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapons-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum. Í æsispennandi lokaþætti síðustu þáttaraðar særðist Martin Riggs lífshættulega. Þegar hér er komið sögu kynnumst við nýjum félaga Rogers Murthaugh en það er hinn djarflyndi Wesley Cole sem hefur getið sér gott orð í leyniþjónustu CIA.
21.20 Counterpart
22.15 Alex
23.00 Humans
23.50 Real Time with Bill Maher
00.45 Mr. Mercedes
01.30 Queen Sugar
02.15 Vice
02.45 Keeping Faith
03.35 Wyatt Cenac's Problem Areas
04.05 Bridget Jones's Baby

## STÖÐ 2 SPORT

08.40 Cincinnati Bengals - New Orleans Saints
11.00 Haukar - Selfoss
12.30 Seinni bylgjan
14.00 Frakkland - Þýskaland
15.45 Spánn - England
17.30 Domino's körfuboltakvöld kvenna
18.30 Fréttaþáttur Þjóðadeildarinnar
19.00 Belgía - Ísland: Upphitun
19.35 Belgía - Ísland
22.15 Þjóðadeildarmörkin
22.35 Premier League World
23.05 NFL Gameday
23.35 Króatía - Spánn

## STÖÐ 2 SPORT 2

09.50 BATE - Chelsea
11.30 Evrópudeildarmörkin
12.20 Barcelona - Real Betis
14.00 Pólland - Ítalía
15.40 Frakkland - Ísland
17.25 ÍR - Valur
19.05 NFL Gameday
19.35 Króatía - Spánn
21.45 Celta Vigo - Real Madrid
23.25 Spænsku mörkin
23.55 England - Bandaríkin

## STÖÐ 3

19.10 Anger Management
19.35 Schitt's Creek
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 The New Girl
21.15 Supergirl
22.00 Arrow
22.45 The Simpsons
23.10 Bob's Burgers
23.35 American Dad
00.25 Schitt's Creek
00.50 Seinfeld
01.15 Friends
01.40 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 Tindur
07.23 Mæja býfluga
07.35 K3
07.46 Grettir
08.00 Könnuðurinn Dóra
08.24 Mörgæsirnar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.54 Pingu
10.00 Strumparnir
10.25 Ævintýraferðin
10.37 Gulla og grænjaxlarnir
10.48 Hvellur keppnisbíll
11.00 Stóri og Litli
11.13 Tindur
11.23 Mæja býfluga
11.35 K3
11.46 Grettir
12.00 Könnuðurinn Dóra
12.24 Mörgæsirnar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.54 Pingu
14.00 Strumparnir
14.25 Ævintýraferðin
14.37 Gulla og grænjaxlarnir
14.48 Hvellur keppnisbíll
15.00 Stóri og Litli
15.13 Tindur
15.23 Mæja býfluga
15.35 K3
15.46 Grettir
16.00 Könnuðurinn Dóra
16.24 Mörgæsirnar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.54 Pingu
18.00 Strumparnir
18.25 Ævintýraferðin
18.37 Gulla og grænjaxlarnir
18.48 Hvellur keppnisbíll
19.00 Stuart Little 3: Call of the Wild



Mörgæsirnar, 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

07.20 OHL Classic at Mayakoba
10.20 PGA Highlights
11.15 Golfing World
12.05 Nedbank Golf Challenge South Africa
18.05 Inside the PGA Tour
18.30 The RSM Classic
21.30 Golfing World
22.20 Inside the PGA Tour
22.45 PGA Tour 2018: The family of Golf
23.35 CME Group Tour Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Ordinary World
13.25 Paterno
15.10 Eternal Sunshine of the Spotless Mind
16.55 Ordinary World Gamanmynd með tónlistarívafi sem segir frá tónlistarmanninum Perry Miller sem þrátt fyrir að eiga góða konu og tvö dásamleg börn hugsar oft með söknuði um hvernig líf hans hefði þróast ef hann hefði haldið áfram í rokkinu í stað þess að festa ráð sitt.
18.25 Paterno
20.10 Eternal Sunshine of the Spotless Mind Rómantísk mynd með dramatísku ívafi frá 2004 með Jim Carrey og Kate Winslet. Joel Barish er niðurbrotinn eftir að hann kemst að því að kærstan hans, Clementine, fór í aðgerð til að láta eyða öllum minningum um hann úr minni sínu. Hann ákveður því að gera það sama.
22.00 Jason Bourne
00.05 Between Two Worlds
01.45 Child 44
04.00 Jason Bourne

## RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2010-2011
14.00 Úr Gullkistu RÚV: Gulli byggir
14.30 Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
15.50 Úr Gullkistu RÚV: Orðbragð
16.15 Úr Gullkistu RÚV: Steinsteypuöldin
16.50 Úr Gullkistu RÚV: Taka tvö
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Anna og vélmennin
18.23 Bitið, brennt og stungið
18.38 Handboltaáskorunin
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Sambúð kynslóðanna
20.35 Nýja afríska eldhúsið - Eþíópía
21.10 Indversku sumrin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.25 Glæpahneigð
23.10 Marteinn Lúther og siðbótin - Seinni hluti
00.40 Kastljós
00.55 Menningin
01.05 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Life Unexpected
14.35 America's Funniest Home Videos
14.55 The Voice
16.25 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 LA to Vegas
20.10 A Million Little Things
21.00 9-1-1
21.50 Never Say Never Again
00.45 The Late Late Show with James Corden
01.30 Marvel's Cloak & Dagger
02.15 Marvel's Agent Carter
03.00 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir til og með 19. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



## DANS- OG SÖNGVAMYND UM ÞORSKASTRÍÐIÐ

Íslensk kona er föst í stöðluðu kynjahlutverki og vinnur grútleiðinlega vinnu við að elda ofan í áhöfn varðskips í þorskastríðinu. Áhöfnin klippir á trollið hjá breskum togara og skipverjar hans eru ekki kátir – þeir standa uppi á þilfari og gera hróp að áhöfn varðskipsins og þar mæta augu íslensku stúlkunnar augum pilts nokkurs á breska skipinu svo úr verður allsherjar ástarævintýri með söng og dansi. Við sjáum fyrir okkur dansatriði þar sem íslenskir sjóarar eru að draga þorsk og nota þá á svipaðan hátt og borðann í nútímafimleikum.




# Það sem vantar í íslenskar kvikmyndir

Fyrsti íslenski vestrinn hefur verið skrifaður og það var tími til kominn. Það er þó ýmislegt sem vantar og þá sérstaklega í íslenskar kvikmyndir enda eru þær alltaf svolítið raunsæjar og um þennan sama gamla óspennandi raunveruleika okkar.





## BILDUNGSROMAN MEÐ BÆNDAGLÍMU

Á níunda og tíunda áratugnum voru kvikmyndir um bardagaíþróttir gífurlega vinsælar. Flestir muna eftir Karate Kid, Kickboxer, The Quest og svo framvegis. Það væri auðvitað hægt að spinna þetta yfir í íslenskan raunveruleika þar sem unglingur um miðja síðustu öld flytur úr sveit í borg og þarf þar að aðlagast. Unglingurinn lendir í áreiti frá veraldarvönum malbiksbörnum og þarf að verja sig með eina vopninu sem hann eða hún hefur – bændaglímunni. Svo væri þetta auðvitað uppvaxtarsaga unglingsins sem þarf að fóta sig – eða lenda ellegar í hælkrók.



# Kona fer í stríð verðlaunuð af Evrópuþinginu

Benedikt Erlingsson leikstjóri hlaut í gær LUX, kvikmyndaverðlaun Evrópuþingsins, við hátíðlega athöfn í Evrópuþinginu í Strassborg fyrir kvikmynd sína Kona fer í stríð. Verðlaun þessi eru veitt árlega fyrir þá mynd sem þykir best beina kastljósinu að helstu félagslegu og pólitísku álitaefnum okkar tíma.

„Það er mikill heiður að vera hér í musteri löggjafarvaldsins. Mér líður eins og stjórnmálamanni en ég held að stjórnmálamenn séu einnig sagnamenn. Þið þingmenn eruð raunar afar hugrakkir því þið eruð að takast á við hinar raunverulegu áskoranir baráttunnar gegn loftslagsbreytingum,“ sagði Benedikt við þetta tækifæri og bætti við: „Loftslagsbreytingar verða miðpunktur allra stjórnmála í framtíðinni.“

Kona fer í stríð er kvikmynd sem hvetur til borgaralegs mótþróa, til að berjast fyrir og bjarga náttúrunni frá græðgi og ofurvaldi stórra iðnfyrirtækja. Hún er samstarfsverkefni íslenskra, franskra og úkraínskra aðila. Myndin keppti til úrslita við kvikmyndirnar Styx og Hin hliðin á öllu saman. Allar LUX-úrslitamyndirnar þrjár voru sýndar á sérstakri LUX-dagskrá á RIFF-kvikmyndahátíðinni á Íslandi í ár.

Það voru þingmenn Evrópuþingsins, kjörnir fulltrúar íbúa Evrópusambandsins, sem völdu myndina, enda hvetur hún til umræðu um áskoranir Evrópu og framtíðartækifæri, baráttuna við umhverfisspjöll, með femínískum undirtónum. Áður hafa íslensku kvikmyndirnar Hrútar og Hjartasteinn komið til greina sem verðlaunamyndir hjá Evrópuþinginu. – bb



**Benedikt Erlingsson leikstjóri fór um víðan völl í ræðustól þegar hann tók við verðlaununum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



## SAUÐFJÁRBÆNDAVESTRI

Það þyrfti að taka vestrahugmyndina lengra og gera mynd um íslenska sauðfjárbændur sem væru eins og amerískir kúrekar. Harðjaxlar á baki á íslenskum hestum, ríðandi uppi útlaga sem stela af þeim kindum, byssubardagar með kindabyssum og svo framvegis. Þetta skrifar sig sjálft.

## DYSTÓPÍSK FRAMTÍÐ

**Við vitum ekkert hvernig framtíðin á Íslandi verður því að það vantar allar almennilegar framtíðarmyndir sem gerast hér á landi. Það gæti til að mynda verið dystópía þar sem vélþorskar útbúnir fullkominni gervigreind hafa tekið yfir kvótann og stunda nú mannaveiðar um allt land. Bara hugmynd.**

## ÍSLENSKUR OFURHETJUHEIMUR

**Við Íslendingar eigum reyndar ofurhetjuna Kaftein Ísland og um hann eru til tvær bækur sem voru stíflaðar á tíunda áratugnum. Þetta mætti kvikmynda. Hins vegar væri líka sniðugt að búa til svona „alheim“ eins og Marvel hefur gert með sínar myndir – hundruð ofurhetja sem allar tengjast innbyrðis í sama heiminum svo úr verða alltof margar myndir til að nokkru sinni sé hægt fylgjast með. Hér er gott tækifæri fyrir þjóðernissinnaða að grafa eftir þjóðareinkennum og setja þau í gervi ofurhetju eða bara einhvers konar poppkúltúr settur í þetta form: Herra Duglegur-að-vinna, einhvers konar fljúgandi sjóari, fluggáfaður erfðavísindamaður, mössuð „dóttir“ sem er fáránlega góð í að gera æfingar hratt og Víkingaklapparinn, sem hræðir lífstóruna úr óvinunum með lófaklappi.**









Haraldur Hrafn Gudmundsson er þýðandi Leðurblökumannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leðurblökumaðurinn bjargar íslenskunni

Á morgun, á degi íslenskrar tungu, mun verslunin Nexus kynna nýja útgáfu á myndasögum á íslensku þegar sjálfur Batman mætir fullfær á íslensku. Markmiðið er að hvetja krakka til lestrar.

Markmiðið er að fá krakka til að lesa. Þetta eru spennandi sögur, það er ofbeldi, spenna og ýmsar hættur. Alls konar skemmtilegt,“ segir gullsmiðurinn Haraldur Hrafn Guðmundsson, betur þekktur sem Krummi, en hann hefur þýtt Leðurblökumanninn yfir á íslensku. Krummi, ásamt Gísla Einarssyni hjá Nexus, og Pétur Ingvi Leósson ákváðu fyrir rúmu ári að þeir yrðu að bregðast við hruni á yndislestri hjá ungmennum.

„Krakkar lesa Andrés önd, Syrpuna og allt hitt þar til þau eru 10-12 ára en þá er það ekki töff lengur og ögrar ekki lengur lesendanum. Þá er ekkert annað sem kallar til þeirra. Við vonum að Leðurblökumaðurinn, þetta er nú krúnudjásn DC Comics og hefur laðað til sín marga frábæra höfunda, bæti úr því,“ segir hann.

Fyrsta blaðið verður fríblað og eru þeir félagar að reyna að koma blaðinu til allra í 7.-10. bekk. Yfirlýst markmið og tilgangur þessarar útgáfu er að hvetja til og efla lestur hjá krökkum og unglingum. Ekkert hefur verið sparað við vinnslu verkefnisins, hvorki hvað varðar þýðingu, vinnslu eða prentun og hefur undirbúningur útgáfunnar staðið yfir í meira en ár.

„Yndislestur unglinga og krakka er að hrapa, sérstaklega hjá drengjum. Við teljum að það sé vegna þess að það er ekki framboð á skemmtilegu lesefni. Það er vandað til verks og umbrot og prentun eru eins og best þekkist í þessum bransa. Það er mikill metnaður hjá okkur að þetta sé flott og að það sé ekki mikill munur á þessu og frumútgáfunni.“

Fyrsta blaðið verður ein saga, um 20 blaðsíður. Fyrsta stóra blaðið, eða bókin, kemur svo út í desember og mun innihalda fimm sögur og verða um og yfir 100 blaðsíður. Hægt verður að gerast áskrifandi eða kaupa gripinn í lausasölu. Nexus boðar til fagnaðar vegna útgáfunnar sem Krummi segir að verði vonandi mikið fjör. „Mín kynslóð ólst upp við Tarzan, Lukku-Láka, Ástrík en þetta er ekki til fyrir mína krakka.

Blaðið er flottara en við þorðum að vona og það verður vonandi mikið húllumhæ þegar það verður kynnt fyrir öllum.“

**benediktboas@frettabladid.is**




**Forsíðan á fyrstu bókinni sem kemur út í desember.**



## DC Comics

Nexus og DC Comics hafa gert með sér samning um að gefa út Batman á íslensku. DC Comics er stofnað árið 1934 og er í eigu Warner Bros. Það hefur búið til fjölmargar ofurhetjur sem flestir þekkja. Leðurblökumaðurinn eða Batman og Superman eru þar þekktastir en einnig eru þekkt Flash, Wonder Woman, Green Arrow og Green Lantern og Aquaman svo nokkrar hetjur séu nefndar.

## Staðreyndir um Leðurblökumanninn

- Batman eða Leðurblökumaðurinn er teiknimyndasöguhetja sem Bob Kane og Bill Finger sköpuðu.
- Hann kom fyrst út í maí árið 1939 í blaðinu Detective Comics #27.
- Leðurblökumaðurinn er milljarðamæringurinn Bruce Wayne og er verndari Gotham-borgar.
- Hann varð vitni að því þegar foreldrar hans voru myrtir eftir að að þau voru nýkomin úr leikhúsi.
- Hann er ekki með neina ofurkrafta.
- Erkióvinur hans er Jókerinn.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# Sadolin kynnir haustlitina 2018




Breyttu til heima fyrir með nýjum og spennandi haustlitum frá Sadolin. Hágæða málning á góðu verði!

Sérvalda haustliti Sadolin finnur þú hjá okkur. Litirnir fást einnig í möttu, sem er það vinsælasta í innanhúsmálningu í dag.

# 25% afsláttur

af öllu frá SADOLIN

**Miðað við almennt verð**




**3.746,-** ~~4.995,-~~

Sadolin

**Loftamálning, 10 l**

Auðvelt að vinna með og slettist ekki. Einnig hægt að nota á veggi sem verða ekki fyrir miklu hnjaski. Gljástig 2.




**3.746,-** ~~4.995,-~~

Sadolin

**Basic tré- og viðarmálning, 2 l**

Hálfglans akrýllakk á tré og málma vatnsþynnanlegt. Hentar vel á húsgögn, panel, ofna, karma og glugga.

**Tilboðið gildir eingöngu frá fimmtudegi 15. nóvember til og með mánudeginum 19. nóvember.**



**Laugardaginn 17. nóvember**

**Kemur Vala Matt í heimsókn og gefur góð ráð varðandi málningu og ljós. Vala er landsþekkt fyrir smekklega hönnun og sniðugar útfærslur. Mosfellskórinn kemur líka og syngur vel valin jólalög svo Jólastemningin verður allsráðandi. VERIÐ VELKOMIN Í BAUHAUS**

BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is**

# Notalegt í svefnherbergið




## MISTRAL HOME sængurföt

Ótrúlegt úrval af sægurfötum frá Mistral Home. Ný og spennandi mynstur og litir. Bómullarsatín með vönduðum rennilás. 300 gsm bómullarþráður sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Fáanleg 140 x 200.

**Fullt verð 140x200 cm frá kr. 8.990.**

**JÓLAVERÐ** á Mistral Home 140x200 cm frá aðeins **6.900 kr.**




## NORDICFORM sængurföt

Ný sending af fallegum sænguföturn frá Nordicform. Sængurfötin eru úr bómullar-satíni með vönduðum rennilás. 300 gsm bómullarþráður sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Nordicform fáanleg 140 x 200, 140 x 220 og 200 x 220 cm.

**Fullt verð 140x200 frá kr. 12.900**

**JÓLAVERÐ** á Nordicform 140x200 cm frá aðeins **10.965 kr.**




## OPUS

u-sófi




Ljóst slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 279.900 kr.**

Aðeins **237.915 kr.**




## SB – DÚNSÆNG OG -KODDI

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

**Fullt verð: 12.900 kr**

Koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

**Fullt verð: 6.900 kr**

SB sængur fáanlegar í stærðunum:
135 x 200 cm
135 x 220 cm
200 x 220 cm

Sæng **10.320 kr.** Koddi **5.520 kr.**




## BOLTON

vegghilla

Svört málmgrind og hillur.
Stærð: 64 x 40 x 9 cm.

**Fullt verð: 6.900 kr.**

Aðeins **4.485 kr.**

## DANKENBERG

vegghilla

Hvít eða svört málmgrind og viðarhillur.
Þverm. 45 cm. Dýpt 11 cm.

**Fullt verð: 5.900 kr.**

Aðeins **4.956 kr.**




**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 10–18 (Holtagarðar)
Mán. til fös. kl. 11–18.30 (Smáratorg)
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda til 31. október 2018 eða á meðan birgðir endast.*

# DORMA

Láttu drauminn rætast

# Fyrir þínar bestu stundir



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF OPIN**



Aukahlutur
á mynd: Gafl

## NATURE'S ELEGANCE
heilsurúm m/Classic botni

Nature's Bedding

**20% AFSLÁTTUR**
af 180 & 160 x 200 cm
& 180 x 220 cm

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Latex hægindalag
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr $m^2$

Nature's Elegance
160 x 200 cm
Fullt verð: 169.900 kr.

Nature's Elegance
180 x 200 cm
Fullt verð: 189.900 kr.

Nature's Elegance
180 x 210 cm
Fullt verð: 219.900 kr.

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðeins **135.920 kr.** **151.920 kr.** **175.920 kr.**

JÓLA-
TILBOÐ

## JÓLAILMIRNIR
FRÁ YANKEE CANDLE

**Verðdæmi: Millistórt kerti í glerkrukku.**

**Fullt verð: 3.390 kr.**

Jólatilboð aðeins **2.712 kr.**




# DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Guðrúnar Vilmundardóttur




## Hver á afskorin blóm?

Í vor sem leið boðuðu tveir höfundar mig á fund. Þeir sögðust eiga slíkt erindi að það kallaði á mat og vín.

„Sjálfsagt,“ sagði ég. „Ég panta borð.“ Nei, þeir voru búnir að því. Ég hefði talið það í mínum verkahring sem útgefanda, en gott og vel.

Þegar við mættum, þríeykið, á veitingastaðinn beið þar hersing höfunda. Ég klökknaði. Á meðan ég var enn að átta mig á aðstæðum ýtti einhver í áttina að mér stórum blómavasa og sagði að rósirnar ættu heima hjá mér. Eða ég hjá þeim. Leið svo kvöldið, einstaklega ánægjulega.

Daginn eftir varð mér gengið framhjá veitingastaðnum, á leið heim úr vinnu. Þar sem ég hugsaði með hlýju til kvöldsins áður sá ég glitta í blómavasann, fullan af dásamlegum rósum, rétt fyrir innan dyrnar. Ég vatt mér inn og sagði við þjón sem stóð og pússaði glös: „Ég held að ég eigi þessi blóm.“ Hann undraðist, ég sá það. En tók þá skynsamlegu ákvörðun að annaðhvort færi ég með rétt mál eða væri svo bíræfinn blómaþjófur að öruggast væri að afhenda mér góssið.

Ég skellti rósunum í kvenveskið og gekk heim. Birtan var falleg svo ég smellti af mynd og sendi æskuvinkonu minni í hópi höfunda. „Sótti blómin.“ Hún svaraði um hæl. „Gurra. Við komum ekki með þessi blóm.“

Leið svo athyglisverður hálftími, þar sem ég dáðist að fegurð hinna stolnu blóma á stofuborðinu. Setti þau svo aftur í kvenveskið.

Það var með aðeins minni sveiflu, en mikilli festu, sem ég vatt mér inn um dyrnar – þá var veitingastaðurinn þéttsetinn – og skilaði rósunum.








